

# SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

2. HEFTI

RITSTJÓRAR

KRISTJÁN EIRÍKSSON

ÞÓRÐUR HELGASON

REYKJAVÍK

2004

# Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFENDUR OG RITSTJÓRAR

*Kristján Eiríksson*

*Drafnarstíg 2 – 101 Reykjavík*

*Sími: 551 0545. Netfang: kriseir@hi.is*

*Þórður Helgason*

*Hamraborg 26 – 200 Kópavogi*

*Sími: 891 6133. Netfang: thhelga@khi.is*

RITNEFND

*Einar Sigmarsson, Kristján Árnason og Ragnar Ingi Aðalsteinsson*

YFIRLESTUR ALLRA GREINA

*Einar Sigmarsson, Kristján Eiríksson og Þórður Helgason*

FRÆÐILEGUR YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

*Guðrún Nordal, Kristján Árnason,*

*Kristján Jóhann Jónsson, Jón G. Friðjónsson, Ólafur Pálmason,*

*Ragnar Ingi Aðalsteinsson, Sigurborg Hilmarsdóttir*

PRÓFARKALESTUR

*Einar Sigmarsson*

PRENTLÖGN

*Pétur Ýngvi Gumlaugsson*

PRENTUN OG BÓKBAND

*Litlaprent*

© *Höfundar*

MYND Á KÁPU

*Þórður Helgason*

ISSN 1670–3723

# Efni

Sónarljóð . . . . .	4
Til lesenda . . . . .	5
Höfundar efnis . . . . .	6
Valgerður Erna Þorvaldsdóttir: <i>Kátlegar kenningar</i> . . . . .	9
Christian Matras: <i>Mjaltakonur</i> . . . . .	30
Gunnar Skarphéðinsson: <i>Málsháttakvæði</i> . . . . .	31
Kristín Jónsdóttir: <i>Fjögur ljóð: Hringekja, Hvað, Haustmynd, Höggstaður</i> . . . . .	73
Þórður Helgason: <i>Áfangar II</i> . . . . .	75
Christian Matras: <i>Í þúsund ár og lengur</i> . . . . .	90
Kristján Árnason: <i>Þýðingar Gríms Thomsen úr grísku</i> . . . . .	91
Christian Matras: <i>Fjögur ljóð: Utar yfir hann sjóinn, Morgnar, Draumur, Hugsýn erlendis</i> . . . . .	113
Kristján Eiríksson: „ <i>Er mitt heiti úti í skóg</i> “ . . . . .	115
Hannes Pétursson: <i>Kvæða til Indriða</i> . . . . .	132
Eysteinn Þorvaldsson: <i>Hvers mega sín orð ljóðsins?</i> . . . . .	133

## Sónarljóð

### Söngur um heimsendi

*eftir Czeslaw Milosz*

*Hannes Pétursson þýddi*

Þegar kominn er heimsendir  
hringsólar suðandi býfluga kringum skjaldfléttu,  
fiskimaður gerir við glitrandi net.  
Í hafi stökkva höfrungarnir fjörmiklir,  
spörfuglsungar krækja klóm í þakrennu  
og húð slöngunnar er gullin, eins og á að vera.

Þegar kominn er heimsendir  
ganga konur með sóhlífar yfir víðan vang,  
rennur drykkjumanni í brjóst við brún grasflatar,  
á götu heyrast grænmetissalar kalla  
og bát undir gulu segli er stefnt í átt til eyjar,  
fiðluhljómur hvílir í lofti  
og skjótt líður heiðstirnd nóttin hjá.

Og þeir sem bjuggust við þórdunum og eldingum  
verða vonsviknir.

Og þeir sem bjuggust við stórmerkjum og lúðurþyt erkiengla  
skilja ekki að einmitt nú gerist það.

Svo lengi sem uppyfir sveimar sól og tungl,  
svo lengi sem hunangsfluga flýgur til rósar,  
svo lengi sem börnin björtu og rjóðu fæðast  
trúir því enginn að einmitt nú gerist það.

Aðeins öldungurinn gráhærði, sem gæti verið spámaður,  
en er það ekki, því öðru þarf hann að sinna,  
mælir, og bregður bandi á tómatana:

Þessi eru hin einu endalok,  
þessi eru hin einu endalok.

# Til lesenda

Hér birtist ykkur annað hefti tímaritsins Sónar sem hóf göngu sína í fyrra.

Það var trú okkar, sem að útgáfunni stöndum, að ljóðlist og ljóðagerð veitti ekki af nýju mál gagni. Fyrsta heftinu var vel tekið og því höldum við ótrauðir áfram. Það kom fram, sem okkur grunaði, að ljóðlist á sér enn sem fyrr marga vini og aðdáendur og fjöldi fræðimanna vinnur að rannsóknum á ljóðum, sögu ljóðagerðar, eðli hennar eða ljóðum einstakra höfundar svo eitthvað sé nefnt. Rannsóknir á íslenskri bragfræði færast og í vöxt. Nokkurn ávöxt þess má sjá í þessu riti.

Upphafsljóð þessa rits sem hins fyrra köllum við *Sónarljóð* og nú er það „Söngur um heimsendi“ eftir Czeslaw Miloz í þýðingu Hannesar Péturssonar.

Það er sérstakt gleðiefni að ungt fólk, sem helgar sig skáldskap, eys nú sem aldrei fyrr úr kerunum sem geyma hinn dýra mjöð og sannast með því að ílátin þau eru ótæmandi og síný.

Fyrir hönd Sónarsinna,

*Þórður Helgason*

---

# Höfundar efnis

## Sónarljóð

Söngur um heimsendi eftir pólska Nóbelskaldið *Czeslaw Milosz* (f. í Litháen 1911, settist að í Bandaríkjunum skömmu eftir 1950, d. 2004) var ortur í Varsjá í síðari heimsstyrjöld. – Íslenzki textinn styðst framar öðru við þýðingu eftir Karl Dedecius (f. í Póllandi 1921). Hann er virtasti kunnáttumaður þýzkumælandi þjóða í pólskum nútímabókmenntum og mjög mikilvirkur þýðandi pólskra ljóða jafnt sem lausamáls.

*Hannes Pétursson* (f. 1931) lauk kandiðatsprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1959. Hann stundaði einnig nám í germönskum fræðum í Köln og Heidelberg í Þýskalandi. Hannes hefur samið margar ljóðabækur og er eitt virtasta skáld Íslendinga.

## Höfundar greina

*Válgerður Erna Þorvaldsdóttir* (f. 1973) er með M.A.-próf í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hún vinnur ásamt öðrum að útgáfu *Scaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*.

*Gunnar Skarphéðinsson* (f. 1947) er með B.A.-próf í íslensku og sögu frá Háskóla Íslands. Hann kennir íslensku í Verzlunarskóla Íslands.

*Þórður Helgason* (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent í íslensku við Kennaraháskóla Íslands.

*Kristján Árnason* (f. 26. september 1934) tók B.A.-próf í grísku og latínu frá Háskóla Íslands og stundaði nám í heimspeki og bókmenntum í Þýskalandi og Sviss. Hann er dósent í almennri bókmenntafræði við Háskóla Íslands.

*Kristján Eiríksson* (f. 1945) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann starfar á Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

*Eysteinn Þorvaldsson* (f. 1932) er með cand. mag.-próf í bókmenntum frá Háskóla Íslands. Var prófessor við Kennaraháskóla Íslands.

---

### *Höfundar og þýðendur ljóða*

*Christian Matras* (1900–1988) var dr. phil. í norrænum fræðum frá Hafnarháskóla, prófessor í færeysku máli og bókmenntum 1952–1965. Varð forstöðumaður Færeyjamálsdeildar Fróðskaparseturs í Þórshöfn 1965. Heildarsafn ljóða hans, *Leikur og loynd*, kom út í Þórshöfn 1975.

*Ólafur Halldórsson* (f. 1920) er cand. mag. í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og dr. phil. frá sama skóla. Hann hefur unnið að textafræðilegum útgáfum á íslenskum miðaldabókmenntum, lengst af sem sérfræðingur við Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.

*Kristín Jónsdóttir* (f. 1963) er bóndi í Hlíð í Lóni. Hún hefur lengi fengist við ljóðagerð og hafa einstök ljóð eftir hana birst í blöðum og tímaritum.

*Hannes Pétursson* (f. 1931) lauk kandidateksprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands 1959. Hann stundaði einnig nám í germönskum fræðum í Köln og Heidelberg í Þýskalandi. Hannes hefur samið margar ljóðabækur og er eitt virtasta skáld Íslendinga.





Valgerður Erna Þorvaldsdóttir

# Kátlegar kenningar

Um gamansemi dróttkvæðaskálda

## I

Af einhverjum ástæðum vekja dróttkvæði sjaldan hlátur og kátínu áheyrenda eða lesenda nú á dögum. Dróttkvæði þykja torræður kveðskapur, flókinn, illskiljanlegur og erfiður viðfangs. Við upphaf síðustu aldar skrifaði W. P. Ker:

The Court poetry, with all its faults, is a completed form which had its day of glory, and even rather more than its share of good fortune.<sup>1</sup>

Dýrðardagar dróttkvæðanna voru sannarlega margir. Elstu dróttkvæðu vísurnar eru taldar frá 9. öld og eignaðar norska skáldinu Braga gamla Boddasyni.<sup>2</sup> Næstu aldirnar voru dróttkvæðin í hávegum höfð við hirðir norrænna konunga og fyrirmanna. Íslendingar fóru snemma að láta að sér kveða á þeim vettvangi og undir lok 10. aldar virðast íslensk skáld hafa þokað hinum norsku úr öndvegi.<sup>3</sup> Kvæðin urðu að útflutningvöru. Vel ort lofkvæði gat greitt götu fátækra bændasona af Íslandi í konungsgarði, tryggt velvild og vináttu valdamanna og góðar gjafir á borð við sverð, klæði, silfur og gull. Skáldin nutu virðingar við hirðina og urðu jafnvel nánir ráðgjafar konunga. Ólíkt hinum nafnlausu höfundum eddukvæða og Íslendingasagna eru flestir höfundar dróttkvæða þekktir þótt oft sé lítið sem ekkert vitað um ættir þeirra, uppruna eða lífshlaup. Dróttkvæðaskáldin virðast hafa verið vel meðvitað um eigið ágæti og með öllu laus við þjakandi hógværð og lítillæti. Persóna skáldsins er gjarnan áberandi í kvæðunum; það notar fornöfn í 1. persónu, hika ekki við að hreykja sér af eigin afrekum og

<sup>1</sup> Ker (1957:142).

<sup>2</sup> *Íslensk bókmenntasaga* I (1992:192).

<sup>3</sup> *Íslensk bókmenntasaga* I (1992:207).

setur ljós sitt sjaldnast undir mæliker.<sup>4</sup> Varðveisla dróttkvæða endurspeglar að einhverju leyti stöðu þeirra og hlutverk í samfélaginu. Vísur skáldanna er fléttuð inn í frásögn konungasagna, Íslendingasagna og samtímasagna og þær eru notaðar sem dæmi um ýmis stíllbrögð í kennslubókum í skáldskaparfræðum og málfræði.<sup>5</sup> Fernt fangaði huga skáldanna öðru fremur og varð þeim að yrkisefni að mati norska fræðimannsins Bjarne Fidjestøl: skip, orrustur, gull og skáldskapurinn sjálfur.<sup>6</sup> Stór hluti varðveittra dróttkvæða fjallar um eitthvert þessara efna en þó alls ekki öll. Yrkisefnin voru fjölbreytileg og spönnuðu flest svið mannglegrar tilveru. Skáldin tjáðu söknuð, reiði, ást, hatur, gleði og sorg, níddu náungann eða lofuðu vini. Það voru ekki heldur aðeins hirðskáld erlendra konunga sem ortu dróttkvæði. Íslenskir höfðingjar, bændur og búalið, draugar, draumkonur og -menn ortu og fluttu dróttkvæðar vísur í svefni og vöku.<sup>7</sup> Varðveittur kveðskapur dróttkvæðaskálda fyllir tvö þykk bindi í útgáfu Finns Jónssonar, *Den norsk-íslandske skjaldedigtning I–II*, alls tæplega 1300 blaðsíður.<sup>8</sup> Þar – innan um háalvarleg lofkvæði, siglingalýsingar, orrustu- og ástarvísur – leynast kátlegar kenningar og háðuleg heiti sem sýna að dróttkvæðaskáldin kunnu að gera grín að sjálfum sér – en þó aðallega að öðrum. Hér á eftir verður gefinn nánari gaumur að gamansemi skálda frá 10. og 11. öld og athugað hvað það er sem gerir kenningar kátlegar.

<sup>4</sup> Clover (1978:63–64).

<sup>5</sup> Margir hafa skrifað um hlutverk og notkun dróttkvæða. Greinargott yfirlit er í grein Bjarna Einarssonar, „Um vísur í íslenskum fornsögum“, og í grein Kari Ellen Gade, „Poetry and its changing importance in medieval Icelandic culture“. Guðrún Ingólfssdóttir skoðar vísur í Íslendingasögum í grein sinni „Um hlutverk vísna í Íslendinga sögum“, Guðrún Nordal fjallar m.a. um dróttkvæði í kennslubókum í málfræði og skáldskaparlist í bókinni *Tools of Literacy*. Einnig má benda á greinar Bjarne Fidjestøls í greinasafninu *Selected Papers: „Icelandic sagas and poems on princes. Literature and society in archaic West Norse culture“, „Skaldic stanzas in saga-prose. Observations on the relationship between prose and verse in Snorri’s Heimskringla“* og „Norse-Icelandic composition in the oral period“.

<sup>6</sup> Fidjestøl (1997:240).

<sup>7</sup> Grein Guðrúnar Nordal „Nú er hin skarpa skálmöld komin“ fjallar um drauma og vitrunarkveðskap, einkum á 12. og 13. öld.

<sup>8</sup> *Den norsk-íslandske skjaldedigtning I og II* (1912–1915). Hér er miðað við B-bindi útgáfunnar með samræmdum texta Finns Jónssonar. Hér eftir verður vísað til útgáfunnar með skammstöfuninni *Skj*. Á vefslóð verkefnisins *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages* er gagnagrunnur um dróttkvæði, <http://skaldic.arts.usyd.edu.au>.

## II

Í *Sneglu-Halla þætti* í Morkinskinnu er fræg frásögn af samskiptum konungs og skálds:

Og einn dag er Þjóðólfur gekk að stræti með konungi, komu þeir fyrir loft nokkur og heyra deild manna og því næst áflog. Þar var skinnari og járnsmiður. „Göngum braut hédan,“ sagði konungur, „yrk nú, Þjóðólfur, of deild.“ Hann mælti: „Óskylt er það, herra.“ „Ger sem eg mæli,“ sagði konungur, „og er nökkuru meiri vandinn á en þú ætlar. Þú skalt gera af þeim nökkvað aðra menn en þeir eru. Lát annan vera Geirröð jötun, en annan Þór.“ Hann kvað vísu:

Varp ór þrætuborpi  
Þórr smiðbelgja stórra  
hvatt eldingum höldnum  
hafra kjöts at jötni;  
hljóðgreipum tók húða  
hrökkvi skafls ór afli  
gláðr við galdra smiðju  
Geirröðr síu þeirri.

Konungur mælti: „Þessi vísa er góð og vel ort og nú skaltu yrkja aðra. Lát nú vera annan þeirra Sigurð Fáfnisbana en annan Fáfni en kenn þó hvorn til sinnar iðnar.“ Hann kvað enn vísu:

Sigurðr eggjaði sleggju  
snák váligrar brákar;  
en skafdreki skinna  
skreið of leista heiði;  
mann sásk orm, áðr ynni,  
ilvegs búinn kilju,  
nautaleðrs á naðri  
neflangr konungr tangar.

Konungur mælti: „Gott skáld ertu Þjóðólfur,“ og gaf honum þegar eitt fingurgull.<sup>9</sup>

<sup>9</sup> *Morkinskinna* (1932:235–236). Stafsetning er hér færð til nútímahorfs en í vísunum er notuð samræmd stafsetning forn. Frásögnin er aðeins öðruvísi í *Flateyjarbók* og þar er röð vísanna einnig önnur. *Flateyjarbók* III (1868:417).

Þeir sem skiptust á orðum hér að framan voru Haraldur Sigurðsson harðráði, Noregskonungur frá 1046 til 1066, og skáld hans, Þjóðólfr Arnórsson. Samkvæmt *Skáldatali* hafði Haraldur þrettán skáld í þjónustu sinni, fleiri en nokkur annar konungur.<sup>10</sup> Margar frásagnir eru af samskiptum hans við skáldin í Morkinskinnu og ef marka má þær var hann bæði gagnrýninn á eigin verk og annarra.<sup>11</sup> Sjálfur var hann ágætt skáld og eftir hann eru varðveittar níjtján vísur og vísubrot.

Þjóðólfr Arnórsson var að sögn sonur fátæks bónda úr Svarfaðardal en komst til mikilla metorða við norsku konungshirðina. Fyrst spurðist til hans í Noregi á árabílinu 1031–35 og svo aftur um áratug síðar, árið 1044.<sup>12</sup> Eftir fall Magnúsar góða Noregskonungs varð Þjóðólfr höfuðskáld Haralds harðráða og í mestum metum hjá honum enda hafði Þjóðólfr fullkomið vald á dróttkvæðalistinni. Allmikið af kveðskap hans hefur varðveist: flokkur um Magnús góða, brot úr runhendu kvæði um Harald harðráða, drápan „Sexstefja“ sem einnig er ort um Harald auk lausavísna, alls rúmlega níutíu vísur. Gamansemi er ekki áberandi þáttur í kveðskap Þjóðólfs og ef marka má orð hans hér að framan hefur hann haft ákveðnar hugmyndir um hvaða yrkisefni hæfði fremsta skáldi konungs.

Vísurnar tvær um sútarann og járnsmiðinn sýna óvænta hlið á hinu hrokafulla skáldi. Þær eru snilldarvel ortar og leiftra af fjöri og orðkynngi. Það er eftirtektarvert að hinn kristni konungur skipar skáldi sínu að nota heiðnar hetjur og goð sem fyrirmyndir í vísunum. Á 11. öld verður vart við nokkra tregðu hjá skáldunum til að smíða heiðnar kenningar og þar er Þjóðólfr engin undantekning.<sup>13</sup> Nöfn heiðinna goða koma fyrir í tveimur einföldum hermanna kenningum í lausavísium hans, *menn víga Freys* og *lið-Baldr*<sup>14</sup> og sverð er kennt sem *sigð Gauts* í þritugasta erindi „Sexstefju“<sup>15</sup> en Gautur er Óðinsheiti. Hann vísar einnig til goðsagna í fáeinum kenningum í „Sexstefju“, kallar

<sup>10</sup> Turville-Petre (1968:5).

<sup>11</sup> Haraldur setti t.a.m. út á vísu eftir Þjóðólfr þar sem hendingar voru ekki réttar að mati konungsins. (*Morkinskinna* 1932:248). Í lokaorrustunni við Stamford Bridge á Englandi árið 1066 kvað Haraldur fremur einfalda vísu undir fornryðislagi en þótti hún ekki nógu vel ort og bætti því um betur með glæsilegri vísu undir dróttkvæðum hætti. (*Morkinskinna* 1932:276).

<sup>12</sup> Finnur Jónsson (1920:613).

<sup>13</sup> Vries (1964:227–228). Bjarne Fidjestøl (1993) skoðaði áhrif kristinnar á kenningar dróttkvæðaskálda í greininni „Pagan beliefs and christian impact: The contribution of scaldic studies“ sem birtist í *Viking Revaluations*.

<sup>14</sup> *Skj* BI (1912:347 og 351).

<sup>15</sup> *Skj* BI (1912:346).

orrustu *Hildar leik* og gull *Kraka barr* og *ormtorg*<sup>16</sup> en síðastnefnda kenningin vísar til sögunnar af Fáfni sem lá á gullinu á Gnitahéiði.

Frásögnin af átökum Þórs og jötunsins Geirröðar er varðveitt í hinni torræðu „Þórsdrápu“ eftir Elíf Goðrúnarson. Þar segir frá ferð Þórs til Geirröðargarða. Lýsingarnar á ferðalaginu og móttökunum eru æði stórkarlalegar og á köflum gróteskar og sú mynd sem dregin er upp af Þór er oft býsna hlægileg. Fyrri vísa Þjóðólfs, þar sem járnsmiðurinn er kenndur við Þór og sútarinn við Geirröð, kallast á við sextánda og sautjándu vísu „Þórsdrápu“ þar sem þrumugóðið og jötunninn kasta á milli sín glóandi járn síum.<sup>17</sup> Roberta Frank telur að vísan sé eins konar skopsteling á stíl Eilífs.<sup>18</sup> Útgefendur hafa valið leshátt Flateyjarbókar fram yfir Morkinskinnu og sett *hvápt* í stað *hvatt* til að fá kenninguna *hváptelding* í merkingunni ‚svívirðingar, reiðiorð‘ og forsetninguna *af* í stað *ór* í sjötta vísuorði.<sup>19</sup> Þá má taka vísuna saman á þennan hátt: *Þórr stórra smiðbelgja varþ ór þrætu þorpi höldnum hvápteldingum at jötni hafra kjöts; Geirröðr húða hrökkviskafls tók glaðr af afli hljóðgreipum við þeiri galdra smiðju síu.*

Þjóðólfur notar upphafið skáldamál, kenningar og heiti til að lýsa háværru sennu kumpánanna. Fúkyrðunum, sem fljúga milli þeirra, líkir hann við eldingar og glóandi neista, munninn kennir hann sem *þrætuþorp* og *galdra smiðju* og eyrun kallar hann *hljóðgreipar*; þau grípa svívirðingarnar á lofti. Járnsmiðinn kallar hann *Þór stórra smiðjubelegja* og *tangar konung* en sútarann *jötun hafra kjöts*<sup>20</sup> og *Geirröð húða hrökkviskafls*. Stofnorð kenninganna – *Þórr*, *jötunn* og *Geirröðr* – vísa til godsögunnar en kenniorðin vísa til hins hversdagslega og lítt hetjulega veruleika handverksmanna.<sup>21</sup> Þeir eru kenndir við tól og tæki sinnar stéttar; *hrökkviskafll* er að öllum líkindum verkfæri sem notað hefur verið til að elta húðir.<sup>22</sup> Með því að stefna þessum tveimur ólíku heimum saman varpar skáldið spaugilegu ljósi á viðfangsefni sitt;

<sup>16</sup> *Skj* BI (1912:339 og 345).

<sup>17</sup> *Íslensk bókmenntasaga* I (1992:206 – 207); Lie (1982:246 – 47).

<sup>18</sup> Frank (1978:106).

<sup>19</sup> *Skj* AI (1912:380); *Skj* BI (1912:350); Turville-Petre (1976:100); Frank (1978:114); *Morkinskinna: The Earliest Icelandic Chronicle of the Norwegian Kings (1030–1157)* (2000:244).

<sup>20</sup> Kenningin *jötunn hafra kjöts* er undarleg; eðlilegra hefði verið að kenna sútara til húða en ekki kjöts eins og Roberta Frank og Gabriel Turville-Petre hafa bæði réttilega bent á. Turville-Petre (1976:101); Frank (1978:114–115).

<sup>21</sup> Stofnorð er aðalliður kenningar en kenniorð stendur sem einkunn með stofnorði.

<sup>22</sup> *Lexicon poeticum antiquæ linguae septentrionalis. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog* (1931:291). Hér eftir verður vísað til útgáfunnar á þennan hátt: *Lexicon poeticum*.

aðstæðurnar kalla á spaugilegar kenningar. Ríki *tangar konungs* er ekki sérlega víðfermt og lítt eftirsóknarvert sé það borið saman við ríki Haralds harðráða. Hið upphafna orðfar, sem Þjóðólfur notar um rétta og slétta handverksmenn, er því dæmi um íróníu og minnir á orð Ólafs Þórðarsonar hvítaskálds í málskrúðsfræði *Þriðju málfræðiritgerðarinnar*:

Írónía gerir gagnstaðligt mál því, er hún vill merkja, sem í Kúga-drápu:

Megin hræddir eru menn við Kúga  
meiri ertu hverjum þeira.

Hér er óeiginlig framfæring og líking, því at lof er fyrir háði sett.<sup>23</sup>

En gamansemin er ekki öll á kostnað handverksmannanna. Þór missir mikið af virðuleik sínum þegar hann er nefndur í sömu andrá og smiðjubelgir. Þjóðólfur skopast því bæði að járnsmiðnum og þrumu-göðinu enda er hann kristinn maður og ósárt um virðingu Þórs.

Seinni vísan er jafnvel enn skemmtilegri. Stofnordin eru sótt í goðsöguna af frækilegu afreki Sigurðar Fáfnisbana, þegar hann drap Fáfni á Gnitaheiði, en kenniorðin sem fyrr í veröld handverksmannanna. Samantekinn hljómar vísan svona: *Sleggju Sigurðr eggjaði snák váligrar brákar, en skafdreki skinna skreið of leista heiði; menn sásk orm, búinn ilvegs kilju, ádr neflangr komungr tangar ynmi á nautaleðrs naðri.*

Myndin sem dregin er upp af sútaranum er skemmtileg. Hann er kallaður *snákr váligrar brákar* en *brák* er hringur eða bogi úr tré og er notuð til að elta skinn. Slíkt tól telst tæpast mjög *váligt* þannig að kenningin er sérlega írónísk og meinfyndin. Þetta er dæmi um það stílbragð sem Ólafur hvítaskáld kallar *antiphraasis* í Málskrúðsfræðinni þar sem írónían felst í einu orði.<sup>24</sup> Þjóðólfur heldur sömu mynd út alla vísuna og beinir sjónum niður á við. *Skafdreki skinna* skriður eftir gólfinu eins og dreginn Fáfni í átt að vatni á Gnitaheiði. Kenningin *leista heiði* í merkingunni ‚gólf‘ er bráðfyndin, rétt eins og þegar Þjóð-

<sup>23</sup> *Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda tilligemed de grammatiske afhandlinger prolog og to andre tillæg* (1884:113). Stafsetning er hér samræmd.

<sup>24</sup> *Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda tilligemed de grammatiske afhandlinger prolog og to andre tillæg* (1884:114).

ólfur kallar sútarann *orm*, *búinn ilvegs kilju*, en *ilvegr* er sóli og *kilja* hans eða kápa eru skór. Þannig skoðar hann félagana frá toppi til tóar; í fyrri vísunni eru kenningarnar háfleygar, ef svo má segja, því athyglin beinist að höfði, eyrum, munni og uppréttum höndum. Í seinni vísunni skapast allt að því áþreifanleg spenna milli hins háleita sviðs stofnordanna og lágkúru þess sem lýst er, deilu almúgamanna. Í fyrsta vísuorði erum við stödd í veröld hetjusögunnar þar sem kappinn Sigurður er nefndur strax í fyrsta orði en síðan dregur skáldið okkur niður í einni svipan og beinir sjónum niður undir gólf, svo neðarlega að horft er upp undir skósóla sútarans. Frá því sjónarhorni er ekki nema eðlilegt að *konungr tangarinnar*, járnsmiðurinn, sýnist *neflangr*. Það hljómar ótrúlega að *ormrim*, þótt búinn væri *ilvegs kilju*, hafi skotið mönnum skelk í bringu, eins og skáldið heldur fram;<sup>25</sup> svo hláleg er myndin sem hann dregur upp af fokvondum sútaranum.

Kenningar Þjóðólfs í vísunum tveim hér að framan falla vel að skilgreiningu á því hvernig kenna skal karlmenn í Skáldskaparmálum:

Hvernig skal kenna mann? Hann skal kenna við verk sín, þat er hann veitir eða þiggr eða gerir. Hann má ok kenna til eignar sinnar þeirrar er hann á ... Mann er ok rétt at kenna til allra Ása heita. Kent er ok við jötna heiti, ok er þat flest háð eða lastmæli.<sup>26</sup>

Í AM 748 I b 4to, svokölluðu A-handriti *Snorra Eddu*, er nánari útlísta á því hvernig kenna á karla:

Hvern karlmann má kalla feiti eða bræði hræfugla og varga, svo ilrjóð þeirra eða gómlituð. Karla má og kalla trjáheitum karlkenndum og Óðins og allra ása, hvort sem vill lofa eða lasta, og kenna við herklæði eða vopn, hlífar eða orrustu, skip eða gull. En ef illa skal kenna, þá má hann kalla allra illra kvikinda nöfnum karlkenndra, og jötna og kenna til fæðslu nokkurrar. Kalla má hann þá og grenni svína og alls fénaðar, svo hunda.<sup>27</sup>

<sup>25</sup> Handritið Morkinskinna (GKS 1009 fol.) hefur lesháttinn *mann* en lesbrigðið *menn* er í Huldu (AM 66 fol.) og er það valið hér. *Skj* AI (1912:381).

<sup>26</sup> Snorri Sturluson. *Edda. Skáldskaparmál* 1 (1998:40). Hér eftir verður vísað til útgáfunnar á þennan hátt: *Edda. Skáldskaparmál* 1.

<sup>27</sup> *Edda Snorra Sturlusonar – Edda Snorronis Sturlæi* II (1852:429–430). Stafsetning er hér samræmd.

Það sem gerir vísur Þjóðólfs svo spaugilegar er ósamræmið milli hins upphafna tungutaks annars vegar og láγκúrulegs yrkisefnisins hins vegar. Ósamræmi af þessu tagi hefur löngum verið eitt af því sem einkennir vel heppnað grín. Ólíkum hlutum, sem að öllu jöfnu eiga alls enga samleið, er stefnt saman og útkoman verður oft drepfyndin í fáránleik sínum. Til að þetta virki verður hins vegar að vera til eitt-hvert samræmi sem samfélagið þekkir og samþykkir, annars þætti engum fyndið að sjá hluti utan við sitt hefðbundna samhengi.<sup>28</sup> Það er einmitt það sem Þjóðólfur gerir svo listavel. Í vísunum mætast goðsagnaheimur dróttkvæðanna og daglegt líf almúgamanna; iðnaðarmenn verða að guðum og jötnum, hetjur og ógurlegir drekar takast á með tól handverksmanna að vopni.

### III

Forveri Þjóðólfs Arnórssonar, hirðskáldið og konungsmaðurinn Sighvatur Þórðarson, er þekktur fyrir léttleikandi vísur og einfaldan stíl. Sighvatur er talinn fæddur um 995, sonur Þórðar sem kallaður var Sigvaldaskáld. Ekkert af kvæðum Þórðar hefur varðveist en ætla má að sonurinn hafi þegið skáldskapargáfuna að einhverju leyti í arf frá föður sínum. Í Flateyjarbók er önnur skýring og skemmtilegri á því hvernig Sighvatur varð skáld. Í æsku þótti hann hálfgerður kolbitur, seinn til og ekki líklegur til stórræða. Dag einn fór hann með Austmanni að veiða í Apavatni en Sighvatur ólst upp á samnefndum bæ og veiddi mikinn og fagan fisk. Eftir að hafa sporðrennt honum í heilu lagi orti hann sína fyrstu dróttkvæðu vísu.<sup>29</sup> Haustið 1015 fór hann til Noregs, líklega til að ganga í þjónustu Hlaðajarla. Sama vetur kom hinn ungi Ólafur Haraldsson konungur til Niðaróss og með í för var Þórður, faðir Sighvats. Eftir nokkrar fortölur fékk skáldið að flytja hinum unga konungi lofkvæði sitt, „Vikingavísur“, þáði góðar gjafir fyrir og var gert að hirðmanni.<sup>30</sup> Ári síðar var Sighvatur í liði Ólafs konungs í orrustunni við Nesjar og orti um þann bardaga flokk, „Nesjavísur“. Eftir það varð hann náinn vinur og ráðgjafi konungsins

<sup>28</sup> Halsall (2002b:89 – 90).

<sup>29</sup> *Flateyjarbók* III (1868:243). Margaret Clunies Ross velti fyrir sér hvernig bæri að túlka söguna um fiskát Sighvats í greininni „From Iceland to Norway: essential rites of passage for an early Icelandic Skald“. Ross (1997:554–557).

<sup>30</sup> Lie (1982:231).



og í miklum metum við hirðina en fór þó sínu fram. Til allrar hamingu hefur mikið varðveist af kvæðum og lausavísum Sighvats. Persónuleiki hans birtist í kveðskapnum og af honum má ráða að afbragðs skopskyn hefur verið ríkur þáttur í skapgerð hans. Gamansemi hans nýtur sín hvergi betur en í „Austurfaraþívísu“, vísnaflökki sem hann orti um ferð sína austur til Gautlands en þangað fór hann sem erindreki Ólafs konungs Haraldssonar haustið 1018 eða 1019.<sup>31</sup> Ferðalýsingar eru þekkt form satíru í klassískri og latneskri kvæðahefð og „Austurfaraþívísur“ eru sprottnar af sama meidi.<sup>32</sup> Þegar heim var komið skemmti Sighvatur konungi og hirðmönnum með kvæðinu og vafalaust hafa hinar kostulegu lýsingar hans á óföllum ferðalanganna vakið óskipta kátínu þeirra sem á hlýddu heima í skjóli hallarinnar. Í vísunum má greinilega heyra háðskan tón hins veraldarvana erindreka, sendimanns konungsins sem hefur farið víða og kynnst ólíkum siðum og venjum. Sighvatur gerir óspart grín að heimalningshætti og smásálarskap Svíanna sem hann hittir fyrir á ferð sinni, einfalds bændafólks sem enn trúir á heiðna guði og óttast reiði álfanna. Það skapar samkennd innan hópsins að hlæja að þeim sem standa utan hans, sérstaklega ef ‚hinir‘ þykja standa neðar í virðingarstiga samfélagsins, en það skapar jafnvel enn meiri samkennd ef menn hlæja að sjálfum sér líka.<sup>33</sup> Lýsingar Sighvats á heimamönnum á Gautlandi hafa eflaust vakið hlátrasköll hirðmanna en það sem gerir þær svo skemmtilegar sem raun ber vitni er að Sighvatur gerir líka grín að sjálfum sér, samferðamönnunum og jafnvel hirðmönnum sem hlýddu á kvæðið.

Alls óvíst er hvernig kvæðið hljómaði þegar það var fyrst flutt fyrir konung og hirð og hvaða vísur tilheyra því. Snorri fléttar vísunum saman við lausamálsfrásögnina í *Heimskringlu* en Finnur Jónsson raðaði þeim síðar upp eftir því sem hann taldi réttast miðað við þá leið sem Sighvatur og félagar hefðu farið. Alls taldi hann tuttugu og eina vísu tilheyra „Austurfaraþívísu“.<sup>34</sup> Hér verður látið nægja að skoða þær sex vísur sem lýsa ferðinni að Eiðum, um Eiðaskóg og um

<sup>31</sup> Samkvæmt frásögn Snorra í *Heimskringlu* fór Sighvatur tvær ferðir til Svíþjóðar en í *Fagurskinnu* er aðeins talað um eina ferð þangað. Í vísunum kemur ekkert fram sem styður það að Sighvatur hafi farið oftari en einu sinni til Svíþjóðar í erindum Ólafs konungs og því telja flestir fræðimenn að vísurnar séu allar ortar í einni ferð þangað austur. Turville-Petre (1976:78).

<sup>32</sup> Frank (1978:155).

<sup>33</sup> Halsall (2002b:96).

<sup>34</sup> Finnur Jónsson (1932:13 og 20–21).

Gautland en þessar vísur standa saman í *Heimskringlu*. Finnur Jónsson telur þær vera úr fyrsta hluta flokksins.<sup>35</sup>

Sighvatur notar fáar og einfaldar kenningar í „Austurfararvísu“, eins og endranær, en fléttar setningum saman svo að vísurnar geta virst flóknar við fyrstu sýn. Í fyrsta erindi ávarpar hann konunginn, kveður sér hljóðs og rifjar upp tildrög ferðarinnar, hvaðan hann lagði af stað og hvert förinni var heitið. Í þriðja vísuorði er innskotssetning, *þóðak vás*, sem minnir áheyrendurna á erfiðleika og hættur sem erindreki konungs mátti glíma við á ferðalögum. Með setningunni dregur Sighvatur upp hetjulega mynd af sjálfum sér á einu augabragði; hann er hinn harðgeri garpur sem tekst á við óblíð náttúruöfl á meðan hirðmennirnir, áheyrendur hans, sitja heima og orna sér við elda. Það má gera sér í hugarlund að kurr hafi farið um hópinn sem hlýddi á kvæðið en Ólafur konungur hefur vafalaust skemmt sér hið besta.

Í annarri vísu hefst hin eiginlega ferðasaga. Sighvatur og félagar rekast þar á fyrsta alvarlega farartálmann, á sem þeir komast loks yfir við illan leik:

Létk til Eiðs, þvít óðumsk  
aptrhvarf, dreginn karfa,  
vér stilltum svá, valtan,  
vátr, til gløeps á báti.  
Taki hlægiskip hauga  
herr. Sákat far verra.  
Létk til heims á hrúti  
hætt. Fór betr an vættak.<sup>36</sup>

*Vátr létk valtan karfa dreginn til Eiðs, þvít óðumsk aptrhvarf;  
vér stilltum svá til gløeps á báti. Hauga herr taki hlægiskip.  
Sákat verra far. Létk hætt til á heims hrúti. Fór betr an vættak.*

Sighvatur fer háðulegum orðum um farkostinn og leynir ekki gremju sinni. Orðið *karfi* kemur hvergi annars staðar fyrir í dróttkvæðum og *bátr* aðeins einu sinni, í gamansömum kviðlingi eftir Þjóðólf Arnórs-

<sup>35</sup> *ÍF* XXVII (1945:135–138); *Skj* BI (1912:220–222). Hér eftir verður uppröðun Finns Jónssonar í *Skj* fylgt.

<sup>36</sup> Hér eftir verður fylgt texta *Heimskringlu* II í útgáfu Hins íslenska fornritafélags sem Bjarni Aðalbjarnarson sá um. Vísurnar sem hér eru til umfjöllunar eru í 91. kafla *Heimskringlu* II. *ÍF* XXVII (1945:135–138).

son.<sup>37</sup> *Karfi* er líklega tökuorð úr ensku og virðist hafa verið notað um lítilfjörlegar fleytur.<sup>38</sup> Stígandi í orðavali gefur sívaxandi gremju skáldsins til kynna. Í seinni vísuhelmingi er upphrópunin *hauga herr taki hlægiskip* – tröll hafi þetta hlægilega skip! Sighvatur klykkir út með því að kalla bátinn *heims hrút* en sú kenning hefur valdið mönnum nokkrum heilabrotum. Merkingin er ljós; hér er verið að kenna skip en engin dæmi eru til um kenniorðið *heimr* í merkingunni ‚haf‘. Finnur Jónsson leiðrétti *heims* í *húms* en Bjarni Aðalbjarnarson kaus að fylgja vitnisburði handritanna sem hafa öll þennan leshátt, nema AM 61 fol. þar sem stendur *hafs*.<sup>39</sup> Stofnorðið *hrútr* er óvanalegt í skipskenningu enda þykja hrútar ekki sérlega tignarleg dýr og því fremur óheppileg ef skáldin ætluðu að lýsa glæsilegum skipum á siglingu. Í Skáldskaparmálum segir:

Hvernig skal kenna skip? Svá at kalla hest eða dýr eða skíð  
sækonunga eða sævar eða skipreiða eða veðrs.<sup>40</sup>

Algengast er að kenna skip til hesta en fjölmörg dýr koma þó við sögu í skipskenningum, svo sem birnir, hirtir, nautpeningur, svín, úlfar og jafnvel ljón.<sup>41</sup> Framandlegustu skepnuna er að finna hjá Þórleifi Rauðfeldarsyni jarlsskáldi sem kallar skip *öldu fil* í lausavísu frá lokum 10. aldar.<sup>42</sup> Kenningin *heims hrútr* kallast á við orðið *dreginn* í fyrri hluta vísunnar og vekur skemmtileg hugrenningatengsl. Bátskriflið er eins og kubbslegur hrútur sem þybbast við að vera dreginn til af blautum, örgum og úrillum sendimönnum konungs sem þurfa með einhverjum ráðum að komast yfir ána og halda ferðinni áfram. Sighvatur hefur ef til vill í æsku hlegið dátt að þrjúskum sauðkindum á Apavatni og aðfarir þeirra félagá minnt hann á þær.

Hrakfarir ferðalanganna eru rétt að hefjast. Í næsta erindi sjá áheyrundur þá ganga örþreytta og fótársára um Eiðaskóg:

Vasa fyrst, es rannk rastir  
reiðr of skóg frá Eiðum,  
menn of veit, at mœttum  
meini, tolf ok eina.

<sup>37</sup> *Skj* BI (1912:351).

<sup>38</sup> Jesch (2001:135).

<sup>39</sup> *Skj* AI (1912:233); *Skj* BI (1912:220); *ÍF* XXVII (1945:135).

<sup>40</sup> *Edda. Skáldskaparmál* 1 (1998:74).

<sup>41</sup> Meissner (1921:209 og 218–220).

<sup>42</sup> *Skj* BI (1912:134).

Hykk á fót, en flekkum  
 fell sár á il hvára,  
 hvasst gengum þó þingat  
 þann dag, konungs mǫnnum.

*Vása fyrst, menn of veit, at mættum meini, es rannk reiðr tolf rastir  
 ok eina of skóg frá Eiðum. Hykk gengum þó hvasst á fót þingat  
 þann dag, en sár fell flekkum á hvára il konungsmǫnnum.*

Ferðalög á miðöldum gátu verið erfið og þreytandi, óbrúaðar ár voru miklir farartálmur og þétur skógar reyndu á þrek og úthald ferðalanga.<sup>43</sup> Það er lítil glæsibragur yfir erindreikum konungs, hestlausum og fótúnum á langri göngu um skóginn í leit að náttstað. Nafnið *Eiðaskógur* minnir mjög á orðið ‚eyðiskógur‘ sem er ef til vill ekki tilviljun því þeir félagar virðast ekki hafa orðið varir við mannaferðir á endalausri göngunni um myrkviðinn. Sighvati tekst að gera þá félagu aumkunarverða og hetjulega í senn. Hann skopast að aumlegu ástandi þeirra, kvartar og barmar sér – *fell sár á il hvára* – en hreykir sér í sömu andrá af hreysti þeirra og harðfengi: *rannk tolf ok eina rastir [...] hykk gengum þó hvasst á fót þingat*. Mitt í raupinu má enn og aftur greina meinlega sneið til hirðmannanna sem hlýða á lýsinguna af hrakförum félagu sinna: Og hvað voruð þið að gera á meðan, vesal-ingarnir ...?

Næstu fjórar vísurnar (4.–7. vísa samkvæmt röðun Finns Jónssonar í *Den norsk-islandske skjaldedigtning*) lýsa á kostulegan hátt viðtökunum sem Sighvatur fékk hjá sænskum bændum á Gautlandi. Fyrst ber hann að dyrum að Hofi:

Réðk til Hofs at hœfa.  
 Hurð vas aptr, en spurðumk,  
 inn settak nef nenninn  
 niðrlútt, fyrir útan.  
 Orð gatk fæst af fyrðum,  
 flögð baðk, en þau sǫgðu,  
 hnekkðumk heiðnir rekkar,  
 heilag, við þau deila.

<sup>43</sup> Í bókinni *The Medieval Traveller* fjallar Norbert Ohler um ferðalög á miðöldum. Í kaflanum „Journeys by land, river and sea“ er m.a. rætt um þá erfiðleika sem ferðalangar þurftu að yfirstíga. Ohler (1989:22–55).

*Réðk at hæfa til Hofa. Hurð vas aþtr, en spurðumk fyrir útan, settak nennim inn niðrlútt nef. Gatk fæst orð af fyrðum, en þau sögðu heilagt; heiðnir rekka hnekkðumk; baðk flogð deila við þau.*

Sighvatur skapar spennu og stigmögnun í frásögninni með því að flétta saman setningum. Í fyrri víshelmingi gerir hann mest grín að sjálfum sér þar sem hann rekur nefbroddinn inn um lága dyragættina í ákafa sínum í að komast í húsaskjól. Í seinni víshelmingi beinist athyglin hins vegar að húsráðendum. Sighvatur notar engin ónefni um fólkid á bænum heldur velur fyrst hið hlutlausa orð *fyrðar* sem gefur til kynna að hann hafi í fyrstu nálgast heimamenn með opnum hug og átt von á hlýjum móttökum. Í þriðja vísuorði er ljóst að konungsmenn eru ekki aufúsugestir á bænum; *heiðnir rekka* reka þá á braut. Engar kenningar eru í vísunni en orðaröð og setningaskipan gera hana nokkuð flókna við fyrstu sýn. Aðalsetningin er klofin með tveimur innskotssetningum og til að flækja málið enn er fyrri innskotssetningin, *flogð baðk við þau deila*, líka klofin. Með því virðist fyrri hluti setningarinnar, *flogð baðk*, eiga við húsráðendur og sú neikvæða mynd sem kemur upp í hugann situr eftir þó að línur skýrist í seinasta vísuorðinu þar sem niðurlag setningarinnar er.

Í fimmta erindi freistar Sighvatur þess enn að fá gistingu en er sem fyrr vísað á dyr.

„Gakkattu inn,“ kvað ekkja,  
 „armi drengr, en lengra.  
 Hræðumk ek við Óðins,  
 erum heiðnir vér, reiði.“  
 Rýgr kvazk inni eiga  
 óþekk, sús mér hnekkði,  
 alfablót, sem ulfi  
 ótvín, í bæ sínum.

*„Gakkattu inn en lengra, armi drengr,“ kvað ekkja. „Hræðumk ek við reiði Óðins; vér erum heiðnir.“ Óþekk rýgr, sús hnekkði mér ótvín sem ulfi, kvazk eiga alfablót inni í bæ sínum.*

Sjónarhornið hefur nú færst frá gesti til gestgjafa; skáldið setur sig í spor kerlingarinnar sem virðir hina torkennilegu komumenn fyrir sér. Af vísunni er ekki ljóst hvort Sighvatur er enn að yrkja um hús-freyjuna á Hofi eða hvort skáldið hefur knúið dyra á öðrum bæ eins

og Snorri fullyrðir í *Heimskringlu*.<sup>44</sup> Hitt er ljóst að þeir félagarnir hafa verið hálfgerð hryggðarmynd eftir slarkið á bátskænunni og gönguna löngu um Eiddaskóg því það vottar fyrir meðaumkun í orðum hús-freyjunnar þegar hún kallar Sighvat *arman dreng*. Hún gerir sér enga grein fyrir því að gestirnir eru ekki efnalitlir flækingar heldur hirð-menn Noregskonungs í mikilvægri sendiför. Í Skáldskaparmálum segir:

Drengir heita ungir menn búlausir meðan þeir afla sér fjár eða orðstír, þeir fardrengir er milli landa fara, þeir konungs drengir er höfðingjum þjóna, þeir ok drengir er þjóna ríkum mönnum eða böendum. Drengir heita vaskir menn ok batnandi.<sup>45</sup>

Aftur beitir Sighvatur þeirri tækni að nota hlutlaust orð í fyrri vísu-helmingi, *ekkjja*, en orðið *rýgr* er tvíræðara. „Rýgr heitir sú kona er ríkust er,“ segir í Skáldskaparmálum<sup>46</sup> en það getur líka merkt ‚tröll-skessa‘. Lýsingarorðið *óþekk*, þ.e. ‚ógeðfelld, óhugnanleg‘, bendir til þess að Sighvatur hafi haft þá merkingu orðsins í huga en ekki má heldur gleyma því að húsfreyjan hefur á þessari stundu allt það sem hið hrakta skáld þráir: mat, hlýju og húsaskjól. Hún er því rík af þeim veraldlegu gæðum sem konungsmenn skortir sárlega. Með því að skoða sjálfan sig með augum húsfreyjunnar skopast Sighvatur að eigin vesaldómi en ekki síður að heimalningshætti hinna heiðnu Svía sem hvorki þora né vilja taka vel á móti gestum þegar þá ber að garði. Aumlegir ferðalangar vekja ugg í brjóstum þeirra og eru jafn óvel-komnir og soltnir úlfar.

Í sjöttu vísu gerir Sighvatur örlítið hlé á ferðasögunni og staldrar við:

Nú hafa hnekk, þeirs hnakka,  
heinflets, við mér settu,  
þeygi bella þollar,  
þrír samnafnar, tíri.  
Þó séumk hitt, at hlœðir  
hafskíðs myni síðan  
út hverr, es Qlvir heitir,  
alls mest, reka gesti.

<sup>44</sup> *ÍF* XXVII (1945:137). Jan de Vries taldi líklegra að um einn og sama bæinn væri að ræða. Vries (1932–1933:170).

<sup>45</sup> *Edda. Skáldskaparmál* 1 (1998:106).

<sup>46</sup> *Edda. Skáldskaparmál* 1 (1998:107).

*Nú hafa hnekk þrír samnafnar, þeir settu hnakka við mér;  
þeygi bella heinflets þollar tíri. Þó séumk hitt alls mest, at hverr  
hafskíðs hlæðir, es heitir Qlvir, myni síðan reka gesti út.*

Kenningarnar í þessari vísu eru fleiri og flóknari en áður. Hin virðulega kenning *þollar heinflets* ‚tré sverðsins‘ er í hróplegri andstöðu við inntak setningarinnar því að hermennirnir sem svo eru kenndir *bella þeygi tíri*, þ.e. hafa ekki frækilegt atferli í frammi. Við nánari athugun kemur í ljós að kenningin er tvíræð og vekur ákveðin hugrenningatengsl. Sverðið er kennt sem *flet* eða bæli brýnisins og sé fyrri hluta orðsins, *hein-*, sleppt verður merkingin allt önnur. Horfnir eru hinir hraustu hermenn en í staðinn birtist mynd af búandkörlum sem hafa fátt annað fyrir stafni en húka á bekkjum eða rúmpletjum. Sams konar gráglettni og tvíræðni er í kenningunni *hafskíðs hlæðir*. Það er kenning um sæfara en stofnorðið *hlæðir* felur ekki í sér mjög hetjulega skírskotun. Að hlaða skip krefst krafta fremur en kjarks. Sighvatur minnir hér á lúmskan hátt enn og aftur á hugleysi Svíanna sem ekki þora að opna kot sín fyrir lúnum ferðalöngum af ótta við reiði goðanna. Sjálfur óttast hann að framvegis verði honum úthýst af öllum þeim mönnum sem heita Qlvir. Jan de Vries telur að nafnið *Qlvir* sé einhvers konar orðaleikur. Það minni á lýsingarorðið *qlværr* sem þýðir ‚vingjarnlegur, gestrisinn‘ en karlarnir þrír eru auðvitað allt annað en gestrisnir.<sup>47</sup>

Fjórða, fimmta og sjötta vísa tengjast saman innbyrðis og mynda eina heild. Sögnin *hnekkja* ‚vísa á brott, reka burt‘ kemur fyrir í þeim öllum, alls þrisvar. Í fjórðu og fimmtu vísu gerir Sighvatur stólpagrín að sjálfum sér og aumlegu ástandi sínu. Hann dregur upp kostulega mynd af því þegar hann bograr fyrir dyrum fyrsta bæjarins og reynir að stinga nefbroddinum inn fyrir gættina. Hlutverkunum hefur verið snúið við; fulltrúi konungsins bugtar sig og beygir fyrir vesælum búandkarli. Í næsta erindi er sjónarhornið enn hjá heimamönnum og aftur er öllu snúið á hvolf; að þessu sinni er það fáfróð kotkerling sem talar niður til hins konunglega sendiboða og álitur sig skör herra setta en hann. Í sjöttu vísu færist sjónarhornið til og hringurinn lokast. Við sjáum með augum Sighvats í hnakkann á húsráðendum þegar þeir snúa baki við hröktu skáldinu og fara aftur inn í hlýju og birtu bæjarins. Rödd hirðskáldsins fær nú að njóta sín. Í stað hins einfalda mál-fars í fyrri vísunum koma tvíræðar kenningar þar sem skáldið beitir tungutaki dróttkvæðahefðarinnar til að spotta kotungana.

<sup>47</sup> Vries (1932–1933:171–172).

Gamansemi Sighvats nær hámarki í sjöundu vísu:

Fórk at finna báru,  
fríðs vættak mér, síðan  
brjót, þannns bragnar létu,  
bliks, vildastan miklu.  
Grefs leit við mér gætir  
gerstr. Þá es illr enn versti,  
lítt reiðik þó lýða  
løst, ef sjá es enn bazti.

*Fórk síðan at finna báru bliks brjót, þannns bragnar létu miklu vildastan; vættak mér fríðs. Grefs gætir leit gerstr við mér. Þá es enn versti illr, ef sjá es enn bazti; lítt reiðik þó løst lýða.*

Sjónarhornið er enn hjá Sighvati. Í fyrri vísuhelmingi lýsir hann því þegar hann fer til fundar við enn einn bóndann. Sá er að sögn mikill höfðingi heim að sækja svo að Sighvatur þykist viss um að fá góðar móttökur. Væntingar hins vegmóða ferðalangs kristallast í kenningunni *báru bliks brjótr*; *báru blík* er gull og *brjótr* þess er örlátur maður. Skáldið hefur varla vænst þess að þiggja gull og gersemar af húsbóndanum heldur langþráð húsaskjól og veitingar. Í síðari vísuhelmingi er hins vegar komið annað hljóð í strokkinn. *Báru bliks brjótrinn* reynist heimalningslegur bóndadurgur, *grefs gætir*, og síst gestrisnari en grannar hans. Sighvatur dregur upp kostulega mynd af búralegum kotbóndanum sem gætir graftóla sinna eins og sjáaldurs auga síns. Stofnorðið *gætir* er sérlega vel valið. Það kemur oft fyrir í kenningum um hermenn, konunga og aðra höfðingja og síðar er það algengt í kristilegum kvæðum í kenningum um Guð, Krist og kirkjunnar menn.<sup>48</sup> Þeir sem þekktu til skáldamálsins hafa strax sett orðið í sambandi við eitthvað háleitt og verðmætt, ekki skóflur og rekur smábónða.

#### IV

Sighvatur er alls ekki eina dróttkvæðaskáldið sem hæðist að bændum og búaliði. Hirðskáld konunga litu stórt á sig enda höfðu þau ákveðna sérstöðu við hirðina; sum voru ráðgjafar eða jafnvel nánir

<sup>48</sup> *Lexicon poeticum* (1931:212).



vinir konungsins. Kaldhæðnislegt skopskyn þeirra er skopskyn yfirstéttarinnar sem gerir grín að almúganum og þeim sem ekki tilheyra þeirra heimi.<sup>49</sup> Hirðskáldin höfðu hleypt heimdraganum, farið utan og kynnst síðum og venjum í öðrum löndum. Þau kunnu að hegða sér í návist tiginna manna, ólíkt kotbændunum á Gautlandi. Í fimmtu vísu Hávamála segir:

Vits er þörf  
þeim er víða ratar,  
dælt er heima hvað.  
Að augabragði verður  
sá er ekki kann  
og með snotrum situr.<sup>50</sup>

Undir lok 10. aldar voru flest hirðskáldin íslensk en þessir íslensku bændasynir hikuðu ekki við að gera grín að löndum sínum sem ekki höfðu farið utan og forframast við hirðir erlendra höfðinga. Hallfredur Óttarsson hæddist miskunnarlaust að fyrrum sýslunga sínum, bóndanum Grísi Sæmingssyni, en sá fékk hinnar fögru Kolfinnu sem skáldið hafði sjálfur haft augastað á. Fyrirlitning hans á hversdagslegu striti bóndans kemur fram í tveimur sköndnum kenningum í lausavísu sem hann orti um Grís: *orfa stríðir* ‚óvinur orfsins‘ og *orþægir* ‚sá sem þjarmar að orfinu‘.<sup>51</sup> Skáldið og konungsmaðurinn telur það greinilega ekki hetjulega iðju að berjast við orf í kargabyfi. Önnur spaugileg kenning, *troga sökkvir*, er í vísu sem Hallfredur orti um Må bónda á Måsstöðum í Vatnsdal.<sup>52</sup> Hún er fyndin og tvíræð í senn því að annars vegar gæti hún merkt ‚sá sem grandar trogum, óvinur mjólkur- og skarntroga‘ en hins vegar gæti trogið hafa verið notað við heiðin blót.<sup>53</sup> Sá sem stríðir við skarntrog er heldur lítil garpur og lítt karlmannleg iðja að sýsla við mjólkurmat.

Skáldbróðir Hallfredar, Kormákur Ögmundsson sem uppi var um 930–970, þótti nokkuð ódæll og níðskár. Samkvæmt *Skáldatali* var Kormákur hirðskáld og orti lofkvæði um Harald gráfeld í Noregi og

<sup>49</sup> Halsall (2002a:12–13).

<sup>50</sup> *Eddukvæði* (1998:21).

<sup>51</sup> *ÍF VIII* (1939:182).

<sup>52</sup> *ÍF VIII* (1939:146).

<sup>53</sup> Russell Poole fjallar á skilmerkilegan hátt um vísurnar þjár og hugsanlega merkingu orðsins *trog* í greininni „Relation between Verses and Prose in *Hallfredar saga* and *Gumlaugs saga*“. Poole (2001:144–151).

Sigurð jarl. Ekkert af þeim kveðskap er þó að finna í *Kormáks sögu*.<sup>54</sup> Samkvæmt henni orti Kormákur stóran hluta lausavísna sinna heima á Íslandi áður en hann fór utan og varð hirðskáld konunga. Það kemur þó ekki í veg fyrir að hann líti stórt á sig og hæðist að daglegu striti bænda og búaliðs í kenningum. Hávaðamaðurinn og lítilmennið Narfi fékk að kenna á hinni hvössu tungu skáldsins – og þungu höggi öxarhamarsins eftir að hafa kastað fram kviðlingi í hálfkæringi yfir soðkötlum.<sup>55</sup> Skáldið fýrtist við skensið og kvað vísur þar sem hann kallar Narfa *ófróðan orfa Ála, frenju fæði* og *hrók saurugra flóka*. Þeir Kormákur og Hallfreður virðast hvorugur hafa haft mikið álit á sláttumönnum því báðir kenna menn við orf í háðungarskyni. Skáldið ber heldur ekki mikla virðingu fyrir starfi fjósamannsins sem gefur kúnum en *frenja* er heiti um kú. Stofnorð kenningarinnar, *fæðir*, kemur oft fyrir í kenningum um hermenn eða konunga en þar er fæðan önnur og ógeðfældari. Í stað heytuggu á garða sér *fæðir* hrafns, úlfs eða arnar hræætum vígvallarins fyrir ærinni fæðu með því að drepa mann og annan. Kormákur klykkir út með því að hæðast að hinum óprifa-lega slána, *hrók*, sem hefur *saurugan* hárlubba, líklega eftir að hafa borið tað á tún. Sú iðja virðist hafa þótt sérlega óvirðuleg eins og sést best á hæðnisorðum Hallgerðar húsfreyju á Hlíðarenda í *Njáls sögu*, þegar fréttist af skarnvinnu Njáls bónda á Bergþórshvoli.<sup>56</sup>

Kormákur, Hallfreður, Þjóðólfur og Sighvatur smíða allir kátlegar kenningar um hvunn dagslegt sýsl alþýðunnar: handverksmanna, húskarla og heimóttarlegra bænda. Sjaldan heyrst rödd þeirra sem vinna verkin, þeirra sem tilheyra neðri lögum samfélagsins. Þó eru til undantekningar. Undir lok 10. aldar orti skáldkonan Steinunn Refsdóttir (eða Dálksdóttir) tvær vísur um kristnið Þangbrands á Íslandi en þær eru varðveittar í *Kristni sögu*, *Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu* og *Njáls sögu*.<sup>57</sup> Steinunn var rammheiðin en skáld gott og hikaði ekki við að standa uppi í hárinu á hinum þýðverska kristnið Ólafs konungs sem reyndi að kenna Íslendingum nýja og betri siði. Samkvæmt *Njáls sögu* áttu þau Þangbrandur langt og mikið tal saman. Kerlingin og kennimaðurinn skiptu um hlutverk því Steinunn reyndi að sannfæra kristnið um mátt og megin heiðnu goðanna sem Kristur mætti sín lítills gegn.<sup>58</sup> Í annarri vísunni kallar hún Þangbrand *þjöllu gæti* sem

<sup>54</sup> Whaley (2001:299–300).

<sup>55</sup> *ÍF* VIII (1939:216).

<sup>56</sup> *ÍF* XII (1954:112–113).

<sup>57</sup> Turville-Petre (1976:66).

<sup>58</sup> *ÍF* XII (1954:265–267).

er heldur háðuleg kenning um guðsmanninn. Kenningin minnir á hina spaugilegu kenningu Sighvats, *grefs gætir*, en skáldkonan sjálf minnir mest á heiðnu húsfreyjuna á Gautlandi sem rak hirðskáldið á dyr. Þó að Steinunn ætti ættir að rekja til landnámsmanna og væri ágætt skáld er sjónarhorn hennar allt annað en karlanna sem áttu kost á að fara utan og gerast hirðskáld konunga. Kenningin *bjöllu gætir* sýnir samt að hún, eins og þeir, gerði ráð fyrir að áheyrendur þekktu tungutak dróttkvæða og þann hugmyndaheim sem þar bjó að baki. Kenningarnar eru myndnar vegna þess að skáldin leika sér að tungumálinu með óvæntum tengingum milli hins háleita og hversdagslega. Þar stendur enginn Sighvati Þórðarsyni á sporði því að hann þorði að skopast að sjálfum sér og sýna konungsmenn í spéspegli kotunga.

## HEIMILDIR

- Bjarni Einarsson. 1987. „Um vísur í íslenskum fornsögum.“ *Mælt mál og forn fræði*, bls. 182–190. Sigurgeir Steingrímsson ritstýrði. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Clover, Carol J. 1978. „Skaldic Sensibility.“ *Arkiv för nordisk filologi* 93:63–81.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning A I: Tekst efter handskrifterne*. Finnur Jónsson gaf út. Gyldendalske Boghandel og Nordisk Forlag, København og Kristiania, 1912.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning B I: Rettet tekst*. Finnur Jónsson gaf út. Gyldendalske Boghandel og Nordisk Forlag, København og Kristiania, 1912.
- Den tredje og fjerde grammatiske afhandling i Snorres Edda tilligemed de grammatiske afhandlinges prolog og to andre tillæg*. Björn Magnússon Ólsen gaf út. (Samfundet til udgivelse af gammel nordisk literatur XII.) Fr. G. Knudtzons Bogtrykkeri, København, 1884.
- Edda Snorra Sturlusonar – Edda Snorronis Sturlæi II*. Jón Sigurðsson og fleiri gáfu út. Legatus Arnarnæanus, Hafniæ [σ:Kaupmannahöfn], 1852.
- Eddukvæði*. Gísli Sigurðsson gaf út. Mál og menning, Reykjavík, 1998.
- Fidjestøl, Bjarne. 1993. „Pagan beliefs and christian impact: The contribution of scaldic studies.“ *Viking Revaluations. Viking Society Centenary Symposium 14–15 May 1992*, bls. 100–120. Anthony Faulkes og Richard Perkins ritstýrðu. Viking Society for Northern Research, University College London, London.
- Fidjestøl, Bjarne. 1997. Odd Einar Haugen og Else Mundal ritstýrðu: *Selected Papers*, bls. 228–254, 255–276 og 303–332. Odense University Press, Odense.

- Finnur Jónsson. 1920. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie* I. 2. útg. Gads Forlag, København.
- Finnur Jónsson. 1932. *Austrfararvísur*. (Avhandlingar utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II Hist.-Filos. Klasse 1931. No. 1.) Jacob Dybwad, Oslo.
- Flateyjarbok* III. Guðbrandur Vigfússon og C. R. Unger gáfu út. P. T. Mallings forlagsboghandel, Christiania, 1868.
- Frank, Roberta. 1978. *Old Norse Court Poetry. The Dróttkvætt Stanza*. (Islandica XLII.) Cornell University Press, Ithaca og London.
- Gade, Kari Ellen. 2000. „Poetry and its changing importance in medieval Icelandic culture.“ Margaret Clunies Ross ritstýrði: *Old Icelandic Literature and Society*, bls. 61–95. Cambridge University Press, Cambridge.
- Guðrún Ingólfssdóttir. 1990. „Um hlutverk vísna í Íslendinga sögum.“ *Skáldskaparmál* 1, bls. 226–240. Stafaholt, Reykjavík.
- Guðrún Nordal. 1990. „Nú er hin skarpa skálmöld komin.“ *Skáldskaparmál* 1, bls. 211–225. Stafaholt, Reykjavík.
- Guðrún Nordal. 2001. *Tools of Literacy: The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries*. University of Toronto Press, Toronto, Buffalo og London.
- Halsall, Guy. 2002a. „Introduction: ‘Don’t worry, I’ve got the key.’“ *Humour, History and Politics in Late Antiquity and the Early Middle Ages*, bls. 1–21. Guy Halsall ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge.
- Halsall, Guy. 2002b. „Funny foreigners: laughing with the barbarians in late antiquity.“ *Humour, History and Politics in Late Antiquity and the Early Middle Ages*, bls. 89–113. Guy Halsall ritstýrði. Cambridge University Press, Cambridge.
- ÍF VIII = *Íslensk fornrit VIII. Vatnsdæla saga. Hallfreðar saga. Kormáks saga*. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1939.
- ÍF XII = *Íslensk fornrit XII. Brennu-Njáls saga*. Einar Ól. Sveinsson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1954.
- ÍF XXVII = *Íslensk fornrit XXVII. Heimskringla II*. Bjarni Aðalbarnarson gaf út. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík, 1945.
- Íslensk bókmenntasaga* I. Vésteinn Ólason ritstýrði. Mál og menning, Reykjavík. 1992.
- Jesch, Judith. 2001. *Ships and Men in the Late Viking Age. The Vocabulary of Runic Inscriptions and Skaldic Verse*. The Boydell Press, Woodbridge.
- Ker, W. P. 1957. *Epic and Romance. Essays on Medieval Literature*. Dover Publications, New York. [Endurútgáfa 2. útgáfu frá 1908.]
- Lexicon poeticum antiquæ linguae septentrionalis. Ordbog over det norsk-islandske*

- skjaldesprog*. Sveinbjörn Egilsson tók saman. 2. útgáfa, aukin og endurbætt af Finni Jónssyni. S. L. Møllers bogtrykkeri, København.
- Lie, Hallvard. 1982. „‘Natur’ og ‘unatur’ i skaldekunsten.“ *Om sagakunst og skaldskap. Utvalgte avhandlingar*, bls. 201–315. Alvheim & Eide, Øvre Ervik.
- Meissner, Rudolf. 1921. *Die Kenningar der Skalden. Ein Beitrag zur skaldischen Poetik*. Kurt Schroeder, Bonn og Leipzig.
- Morkinskinna*. Finnur Jónsson gaf út. (Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur LIII.) J. Jørgensen & Co, København, 1932.
- Morkinskinna. The Earliest Icelandic Chronicle of the Norwegian Kings (1030–1157)*. Theodore M. Andersson og Kari Ellen Gade þýddu og rituðu inngang og skýringar. (Islandica LI.) Cornell University Press, Ithaca and London. 2000.
- Ohler, Norbert. 1989. *The Medieval Traveller*. The Boydell Press, Woodbridge.
- Poole, Russell. 2001. „Relation between Verses and Prose in *Hallfreðar saga* and *Gunnlaugs saga*.“ Russell Poole ritstýrði: *Skaldsagas. Text, Vocation, and Desire in the Icelandic Sagas of Poets*, bls. 125–171. Walter de Gruyter, Berlin og New York.
- Ross, Margaret Clunies. 1997. „From Iceland to Norway: essential rites of passage for an early Icelandic skald.“ *Sagas and the Norwegian Experience / Sagaene og Norge. Preprints, 10th International Saga Conference. Trondheim, 3.–9. August 1997*, bls. 551–558. Senter for middelalderstudier, Trondheim.
- Snorri Sturluson. *Edda. Skáldskaparmál* 1. Anthony Faulkes gaf út. University College London, London, 1998.
- Turville-Petre, G. 1968. *Haraldr the Hard-Ruler and his Poets*. (The Dorothea Coke Memorial Lecture in Northern Studies delivered at University College London 1 December 1966.) H.K. Lewis & Co, London.
- Turville-Petre, E. O. G. 1976. *Scaldic Poetry*. Clarendon Press, Oxford.
- Vries, Jan de. 1932–1933. „Über Sigvats Álfablót-Strophen.“ *Acta philologica scandinavica* 7:169–180.
- Vries, Jan de. 1964. *Altnordische Literaturgeschichte* I. Walter de Gruyter & Co, Berlin.
- Whaley, Diana. 2001. „Representations of Skalds in the Sagas 1: Social and Professional Relations.“ Russell Poole ritstýrði: *Skaldsagas. Text, Vocation, and Desire in the Icelandic Sagas of Poets*, bls. 285–308. Walter de Gruyter, Berlin og New York.
- <http://skaldic.arts.usyd.edu.au>.

Christian Matras

# Mjaltakonur

*Ólafur Halldórsson þýddi*

Mjaltakonur ganga á heimleið úr haga,  
hoknar undir biðunum þreyttum fótum vaga.  
Leikur mjólk í biðu og liggur sárt að iljum  
lyngið á heiðinni og urðarmöl í giljum.  
Heima liggur lítill og sefur.

Mjaltakonur staulast sem á streng heim að gördum,  
stakar ein og ein og líkjast fjallavörðum  
sem komu sér á stjá þegar húma tók á heiði.  
Og hliðið tekur við þeim og þorpsvegurinn breiði.  
Heima liggur lítill og sefur.

Þreyttum fótum kjaga þær hver til síns heima.  
Að húsabaki kisu um mjólk er að dreyma;  
hún mænir undan njóla eftir mjaltakonu ferðum  
á mótum kvölds og nætur – og biðan full á herðum!  
Heima liggur lítill og sefur.

Gunnar Skarphéðinsson

# Málsháttakvæði

## *Inngangur*

Konungsbók *Snorra-Eddu* (Codex regius, 2367 4to í Gamla konunglega safninu í Kaupmannahöfn) geymir auk *Snorra-Eddu* tvö kvæði.<sup>1</sup> Þessi kvæði standa aftast í handritinu og er fyrra kvæðið kallað „Jómsvíkingadrápa“ en höfundur hennar er talinn vera Bjarni biskup Kolbeinsson í Orkneyjum. Seinna kvæðið er nafnlaust og höfundarlaust. Kvæðið hefur verið nefnt ýmsum nöfnum en Guðbrandur Vigfússon<sup>2</sup> gaf því nafnið „Málsháttakvæði – proverbiorum carmen“ í orðabók sinni og svo er það yfirleitt nefnt á okkar dögum enda var kvæðið fyrst prentað undir þessu heiti. Sá sem fyrstur gaf kvæðið út og fjallaði jafnframt rækilega um það og skýrði var Theodor Möbius árið 1873. Hann nýtti sér við útgáfuna eftirrit sem Jón Sigurðsson hafði gert. Möbius tók einnig upp nokkrar tilgátur frá Jóni þegar hann prentaði kvæðið. „Málsháttakvæðið“ var mönnum þó ekki með öllu ókunnugt þegar Möbius gaf það út. Sveinbjörn Egilsson þekkti kvæðið og tók mikið upp úr því í *Lexicon poeticum*.<sup>3</sup> Hallgrímur Scheving getur þess einnig og notar málshætti úr kvæðinu í málsháttasöfnum sem hann gaf út. Söfn Hallgríms voru gefin út í Viðey 1843 og Reykjavík 1847.

<sup>1</sup> Ritgerðin sem hér birtist er upphaflega samin fyrir nokkrum árum undir handleiðslu Davíðs Erlingssonar. Vil ég færa honum bestu þakkir fyrir leiðsögnina. Ritgerðin birtist hér lítilega styt en að öðru leyti nánast óbreytt. Ýmsir hafa veitt mér hjálp og leiðbeiningar við skýringarnar á kvæðinu sjálfu og útgáfu þess. Jón Friðjónsson, Ólafur Víðir Björnsson, Kristján Eiríksson og Einar Sigmarsson lásu allir kvæðið og skýringartextann og bentu mér á margt sem betur mátti fara. Vil ég færa þeim alúðarþakkir. Einn ber ég þó vitaskuld ábyrgð á öllu sem úrskaiðis kann að hafa farið. Kvæðið er fært nokkurn veginn til nútímastafsetningar en orðmyndir sem bera rím eru látnar halda sér. Einnig eru nokkur fornöfn látin standa óbreytt, svo og sagnir sem taka með sér neitun. Ekki er hirt um að tíunda þetta allt nákvæmlega hér enda kemur eflaust að því að kvæðið verði gefið út, eins og það sannarlega verðskuldar, með stafréttum hætti og samræmdri stafsetningu og rækilegri greinargerð en hér er kostur.

<sup>2</sup> Guðbrandur Vigfússon (1874:ix).

<sup>3</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860).

Konungsbók mun vera rituð á fyrri hluta 14. aldar, nálægt 1325. Ekki er mönnum nú ljóst hvers vegna þessi kvæði hafa fengið að fljóta barna með en ef til vill hefur þeim sem skráði ekki gengið annað til en að nýta auð blöð aftast í handritinu og ber að hugsa hlýlega til hans fyrir það því „Málsháttakvæðið“ er hvergi varðveitt annars staðar.

Kvæðið er fyrir margra hluta sakir einstakt meðal fornra norrænna kvæða. Formlega á það sér þó margar hliðstæður. Það er drápa þrítug undir runhendum hætti. Kvæðið er reyndar varðveitt örlítið skert og vantar í vísur 1, 16 og 30. En ljóst er af samhenginu að 30. erindi er lokaerindi. Drápan hefur stef, eins og skylt þótti um drápur, og skáldið, sem hefur gott skopskyn, kynnir stefið með þeim orðum að það yrki hann gagngert til þess að kvæðið verði ekki kallað þula. Konráð Gíslason<sup>4</sup> stakk upp á nafninu „Fornyrðadrápa“, sem heiti á kvæðinu, og rökstuddi það meðal annars þannig að drápur hefðu ætíð borið drápuheiti. Stefið, sem er fjórar hendingar, hefur einnig varðveist með örlitlum orðalagsmun í *Hauks þætti hábrókar* í Flateyjarbók. Efni stefisins er sótt í hina ævintýrlegu frásögn af viðskiptum Haralds konungs hárfagra og Snjófríðar en hún var finnskrar ættar og kvenna vænst. Finninn Svási, faðir Snjófríðar, snýr hug Haralds með fjölkynngi og forneskju svo að Haraldur gáir einskis nema elska Snjófríði. *Ágrip*, sem talið er samið um 1190, mun vera elsta rit sem geymir þessa sögu. Höfundur „Málsháttakvæðisins“ ber saman liðinn tíma og sinn eigin í ástamálum:

Ekki varð-at forðum farald,  
 Finnan gat þó ærðan Harald,  
 honum þótti sólbjört sú.  
 Slíks dæmi verður mörgum nú.

Bragarhátturinn er, eins og áður sagði, runhenda. Hvert vísuorð hefur fjögur ris og hvert erindi er yfirleitt áttmælt, þ.e. hvert vísuorð myndar fullburða, sjálfstæða setningu. Snorri Sturluson sýnir mörg dæmi um runhendur í „Háttatali“ sínu og 91. vísa samsvarar „Málsháttakvæðinu“ að byggingu:

Þiggja kná með gulli glöð  
 gotna ferð að ræsi mjöð,  
 drekka lætur hann sveit að sín  
 silfri skenkt ið fagra vín.

<sup>4</sup> Konráð Gíslason (1897:II, 134).



Greipum mætir gullin skál,  
gumnum sendir Rínar bál,  
eigi hittir æðra mann,  
jarla bestur, en skjöldung þann.

Bragfræðilega á kvæðið sér því fyrirmyndir en öðru máli gegnir um efnið og meðferð þess. Á sama hátt og Suttungamjöldur var geymdur í þremur kerum eys skáldið miði sínum úr þremur kerum. Sveinbjörn Egilsson gaf kvæðinu nafnið „Amatorium carmen, i.e. Mansaungsdrápa“, í *Lexicon poëticum*.<sup>5</sup> Fyrir honum hefur eflaust vakað að draga fram þau efniseinkenni kvæðisins sem birtast í stefnu annars vegar og hins vegar í persónulegum ástarjátningum skáldsins sjálfs. Skáldið barmar sér yfir slæmu gengi í ástamálum og sakar konuna, sem hann nefnir Rannveigu, um brigðlyndi í þeim efnunum. Þessi efnistöð eru talin nýmæli í norrænum kveðskap á þeim tíma sem kvæðið er álitit ort, það er um 1200. Stefið hefur einnig erótískan tón, eins og fram hefur komið, og er það sameiginlegt einkenni með „Málsháttakvæðinu“ og „Jómsvíkingadrápu“.

Í öðru lagi er það efni sem skáldið sjálf nefnir „minni forn“. Þar er um að ræða vísanir í fornar goðsögur og sagnir af fyrri tíðar köppum. Sumt er þekkt úr öðrum heimildum, annað ekki. Einkum eru það 7., 8. og 9. vísa sem geyma slíkt efni. Sjöunda vísa sýnir þetta vel:

Bjarki átti hugarkorn hart.  
Herlið felldi Starkaður mart,  
ekki var hann í hvíldum hægur.  
Hrómundur þótti garpur og slægur,  
ók-at þeim né einn á bug.  
Eljárnir var trúr að hug,  
filinn gat hann í fylking sótt.  
Fullströng hefir sú mannaun þótt.<sup>6</sup>

<sup>5</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860:xxxiii).

<sup>6</sup> Cederschiöld (1882:77, neðanmáls) lætur þess getið, þar sem hann fjallar um svonefnt „Allra kapp kvæði“, að mikil líkindi séu með 94. vísu í „Háttatali“ Snorra og „Málsháttakvæðinu“ og jafnframt „Allra kapp kvæði“. 94. vísa í „Háttatali“ er illa varðveitt en hún geymir greinilega „forn minni“:

..... gramr,  
gulli söri Kraki framr,  
efla frágum Haka hjaldr,  
..... aldr.

Í þriðja lagi er loks um að ræða það efni sem fyrirferðarmest er í kvæðinu en það eru málshættir eða „forn orð“ eins og segir í upphafsvísunni. Skáldið hyggst í kvæðinu „færa saman“ forna orðskviði. Málshættirnir í kvæðinu eru rúmlega eitt hundrað og fylla yfirleitt eina hendingu hver en hendingarnar, sem nú eru varðveittar, eru 227.

Málshættir koma víða fyrir í íslenskum fornritum en í dróttkvæðum eru þeir fremur fágætir. Talsvert er um þá í eddukvæðum, einkum þeim sem ort eru undir ljóðahætti eins og „Hávamál“. „Málsháttakvæðið“ er elsta bein heimild um norræna málshætti sem til er. Snorri Sturluson nefnir í „Háttatali“ sínu einn bragarhätt, *orðskviðuhätt*, og kann þar að vera um áhrif frá „Málsháttakvæðinu“ að ræða. Vísa Snorra er undir dróttkvæðum hætti og hefur hún því annað svipmót:

Fús brýtur fylkir eisu  
fens. Bregður hönd á venju.  
Ránhegnir gefur Rínar  
röf. Spyr ætt að jöfrum.  
Mjög trúir ræsir rekka  
raun. Sér gjöf til launa.  
Ráð á lofðungur lýða  
lengur. Vex hver af gengi.

(Háttatal, 26)

Efni „Málsháttakvæðisins“ kann að virðast sundurleitt en flestir eru sammála um að skáldinu takist á aðdáunarverðan hátt að fella það saman og láta það mynda heild. Málshættina verður skáldið að laga að bragarhættinum og breytir því gjarnan orðaröð eða skýtur inn orði eða orðum. Tiltölulega fá máltæki standa óbreytt en þó eru þess dæmi: „falls er von að fornu tré“ (23, 5). Nokkuð eru skoðanir manna skiptar um það hvort vakað hafi fyrir skáldinu að láta málshættina segja ákveðna sögu eða ekki. Finnur Jónsson<sup>7</sup> hélt því fram að túlka bæri málshættina með tilliti til ástarsögu skáldsins og hægt væri að skýra þá flesta með því að skáldið hefði flím í huga. Ekki er ljóst

---

Ormi veitti Sigurðr sár,  
slíkt var allt fyr liðit ár,  
Ragnarr þótti skatna skýrstr,  
Skúli jarl er miklu dýrstr.

Cederschiöld ræðir málið ekki frekar en svipmót erindanna virðist augljóst.

<sup>7</sup> Finnur Jónsson (1890:265).

hvernig þetta er hægt ef liðið er til kvæðisins í heild og einkum hljóta þó vísurnar, sem fjalla um „hin fornu minni“, að skjóta skökku við. En hitt geta menn tekið undir með Anne Holtsmark<sup>8</sup> að orðskviðirnir eru ekki valdir af handahófi. Þeir eru tíðum bundnir saman efnislega á listilegan hátt og oft má skynja dulinn brodd að baki:

Sitt mein þykir sárast hveim.  
 Sáttargjörð er ætluð tveim.  
 Oddamaður fæst oft hinn þriði,  
 jafntrúr skal sá hvárra liði.  
 Engi of dæmir sjálfan sig,  
 slíkt ætla eg nú henda mig.  
 Ýta lið þótt allt fari byrst,  
 engi læst því valda fyrst.

(Málsháttakvæði, 10)

Trúlega geta menn verið sammála um að hægt sé að lesa sitt hvað um persónulega hagi skáldsins og ástaraunnir út úr þessum vísuorðum. Stefið í drápunni tekur einnig undir þennan tón svo hér er komið að hinum rauða þræði sem bindur hana saman. Gamansemi í bland við ástarharma er ríkjandi í „Málsháttakvæðinu“ og þessi andblær er einnig fyrir hendi í „Jómsvíkingadrápu“. Mennt hafa rakið þessa afstöðu til kvenna og ástamála til kveðskapar franskra trúbadúra á 11. og 12. öld. Rögnvaldur kali Orkneyjarjarl (d. 1156) ætla menn að hafi fyrstur norrænna manna komist í kynni við slíkan kveðskap er hann fór árið 1152 í pílgrímsferð til Jóralsalaborgar og lá leið hans um Narbón sem er „sæborg ein í Vallandi“ eins og borgin er kölluð í *Orkneyinga sögu*. Þar sat hann veislu hjá greifafrú sem var bæði ung og fríð og hét Ermingerdur. Eftir þessi kynni yrkja þeir Rögnvaldur jarl og félagar hans til Ermingerðar vísur sem þykja sýna að þeir hafi náð hinu nýja tónfalli nokkuð vel. Bjarni Einarsson<sup>9</sup> rekur þessa sögu og segir meðal annars að „Jómsvíkingadrápa“ Bjarna biskups sé undir greinilegum áhrifum frá trúbadúrakveðskap. Vissulega gátu þó áhrif frá trúbadúrum borist með margvíslegum hætti norður eftir álfunni þó svo að ritaðar heimildir séu ekki fyrir hendi. Á þetta atriði bendir Gudrun Lange<sup>10</sup> í nýlegri grein og raunar einnig Finnbogi Guðmundsson.<sup>11</sup>

<sup>8</sup> Holtsmark (1937:11).

<sup>9</sup> Bjarni Einarsson (1961:19).

<sup>10</sup> Gudrun Lange (1992:104).

<sup>11</sup> *Íslensk fornrit XXXIV* (1965:lxviii).

Áður var á það minnst að ekki er vitað hver muni hafa ort „Málsháttakvæðið“ en snemma í rannsóknasögu kvæðisins mun sú hugmynd hafa kviknað að höfundur „Jómsvíkingadrápu“ væri einnig höfundur þess. Theodor Möbius<sup>12</sup> nefnir þrennt sem rennir stöðum undir þessa ágiskun: a) Um er að ræða innri skyldleika milli kvæðanna. b) Kvæðin hafa stíllega sérstöðu meðal fornra norrænna kvæða. c) Kvæðin eru varðveitt í sama handriti og stendur „Málsháttakvæðið“ þar næst á eftir „Jómsvíkingadrápu“ sem víst þykir að Bjarni biskup Kolbeinsson í Orkneyjum hafi ort. Brot úr „Jómsvíkingadrápu“ eru varðveitt í handritum *Ólafs sögu Tryggvasonar* þar sem kvæðið er eignað Bjarna biskupi.<sup>13</sup> Margir fræðimenn hafa orðið til þess að taka undir þessa skoðun og rökstyðja frekar. Sophus Bugge<sup>14</sup> er fyllilega sammála Möbiusi og eignar raunar Bjarna líka svokallaðar nafnþulur sem einnig finnast í Konungsbók *Snorra-Eddu*. Hann bætir því við að nokkrar orðmyndir eins og „flug“ (4,6), „mula“ (11,4) og „fúa“ (18,2), sem allar bera rím, bendi einnig til þeirrar mállýsku sem töluð var í Orkneyjum. Þarna hefði mátt vænta orðmyndanna *flog*, *mola* og *fóa*. Möbius hafði skýrt þessar orðmyndir svo að skáldið hefði vísvitandi breytt þeim til þess að fá æskileg rímorð á móti „hug“, „þula“, „búa“. En flestir geta eflaust fallist á það sem Konráð Gíslason hafði um það að segja: „Slig vilkárleghed vilde være en fræk forbrydelse på det intellectuelle område og stemple gerningsmanden som ‘leirskáld’ af den jammerligste art.“<sup>15</sup> En ef til vill má líta á þessi orð sem víxlmyndir. Það á að minnsta kosti við um *flug/flog* þar sem síðari orðmyndin er a-hljóðverpt tvímynd. Á sama hátt verða hinar orðmyndirnar kannski skýrðar. Eiríkur Magnússon<sup>16</sup> hélt því fram að kvæðið væri yngra en almennt er álitð og að höfundurinn gæti ekki verið Bjarni biskup. Kvæðið væri trúlega ort um 1300 og skáldið íslenskt. Röksemdir Eiríks voru að hluta til málfarslegar og Finnur Jónsson<sup>17</sup> hrakti þær. Finni þótti einnig mjög líklegt að Bjarni biskup hefði ort „Málsháttakvæðið“ en tekur jafnframt fram að ætíð sé varasamt að eigna tilteknum skáldum nafnlaus kvæði eða verk. Anne Holtmark<sup>18</sup> þykist greina að

<sup>12</sup> Möbius (1873:24).

<sup>13</sup> *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta*. Første bind. (1958:178, 179, 185, 186, 188, 193, 197, 198, 200).

<sup>14</sup> Bugge (1875:240).

<sup>15</sup> Konráð Gíslason (1897:186).

<sup>16</sup> Eiríkur Magnússon (1888:323–328).

<sup>17</sup> Finnur Jónsson (1890:253–261).

<sup>18</sup> Holtmark (1937:13).

skáldið sé orkneyskt og „Málsháttakvæðið“ hæfi Bjarna skáldi og biskupi vel en úr því verði samt seint skorið með fullri vissu. Jan de Vries er ekki heldur sannfærður í bókmenntasögu sinni<sup>19</sup> og þykir líklegra að fleiri skáld hafi farið að dæmi Rögnvalds kala og ort um raunir sínar í ástum en Bjarni einn.

Af dýra- og náttúrulýsingum er ekki hægt að ákvarða hvar skáldið hafi átt heima. Málshættirnir, sem mynda meginefni kvæðisins, eru gangsilfur sem verður til á löngum tíma og ber svipmót fjölbreytileika í þessum efnum. Þó gerir Anne Holtsmark<sup>20</sup> allmikið með hendinguna „stundum þýtur í logni lá“ (13,3). Hún lítur svo á að hér sé skýr bending um að kvæðið sé ort í Orkneyjum. Hún bendir á atvik sem frá er sagt í *Orkneyinga sögu*<sup>21</sup>: „[...] ok er þeir [þ.e. Magnús jarl og menn hans] røru í logni ok sækyrru, þá reis boði hjá skipi því, er jarl stýrði, ok fell yfir skipit, þar er jarl sat.“ Síðan segir frá því í sögunni að menn undruðust það er boði féll í logni. En Magnús jarl skynjar hins vegar feigð sína. Þessi málsháttur kemur ekki fyrir annars staðar, segir Holtsmark, og skilst aðeins í ljósi þessa atburðar í *Orkneyinga sögu*. Þetta verður að telja fremur vafasamt. Finnur Jónsson<sup>22</sup> þýddi þessa hendingu þannig: „undertiden bruser kystbølger i vindstille.“ Þessi skilningur Finns fær stuðning af því sem segir í *Íslenskum sjávarháttum*<sup>23</sup>: „Þegar flóð var að morgni og alda í sjónum, brotnaði hún við landið, og gengu þá tíðum ólög inn í vörina, en það kölluðu Grindvíkingar lá.“ Samkvæmt *Orðsifjabók* Ásgeirs Blöndals Magnússonar merkir *lá*: ‘bára við land, strandsjór, sjór, haf’. Þar með er kannski ekki sagt að „Málsháttakvæðið“ hafi verið ort hérlandis en þessi hending styður ekki orkneyskan uppruna öðru fremur. Johan Fritzner tilfærir í orðabók sinni<sup>24</sup> nokkur dæmi úr fornum sögum um orðið *lá* í merkingunni ‘strandsjór’, t.d. þetta úr *Mariu sögu*: „er þjónn gyðings kom til sjáfar –, þá þekpi hann, at tré flaut í lánni, ok vildi taka.“ Sophus Bugge<sup>25</sup> leit svo á að orðið *gagar*, sem kemur fyrir í kvæðinu, væri tökuorð úr keltnesku og styddi því þá skoðun að kvæðið væri ort í Orkneyjum. Hendingin er þannig: „gagar er skaptur því að geyja skal“ (4,3). *gagar* er fágætt orð um hund og telur

<sup>19</sup> de Vries, II b. (1967:69).

<sup>20</sup> Holtsmark (1937:13,14).

<sup>21</sup> *Íslensk fornrit* XXXIV (1965:106).

<sup>22</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:141).

<sup>23</sup> Lúðvík Kristjánsson (1983:155).

<sup>24</sup> Fritzner (1973 II:391).

<sup>25</sup> Bugge (1875:241).

Ásgeir Blöndal að þessu sé fremur öfugt farið. Fornírská hafi þegið þetta orð úr norrænu máli. Líklega sé orðið skylt sögninni *gaga*. Upphafleg merking sé því sennilega sá sem ‘gapir’ eða ‘geltir’.

Þegar allt kemur til alls eru ekki mörg málfarsleg atriði í kvæðinu sem benda til að það sé ort annars staðar en á Íslandi. Það er einna helst hendingin „æpa kann í mærum fröskur“ (5,8). Finnur Jónsson<sup>26</sup> þýðir: „frøen kan kvække i sumpene“. Þessi setning er óneitanlega framandi, bæði hvað varðar orðmyndir og efni. En á þessu kann að vera eðlileg skýring – sjá hér síðar í skýringum við 5. vísu hvernig Anne Holtsmark lítur á þetta atriði.

Það sem hins vegar hefur eflaust stuðlað mest að því að tengja „Málsháttakvæðið“ svo fast við nafn Bjarna biskups er varðveislan. Ef kvæðið hefði varðveist úr tengslum við „Jómsvíkingadrápu“ er með öllu óvíst að sú hugmynd hefði komið fram að Bjarni væri höfundur beggja kvæðanna enda þótt hinn erótíski blær á stefjunum og fleira þyki benda til skyldleika.

En hvað er vitað um Bjarna biskup og skáld Kolbeinsson? Hann var sonur Norðmanns sem hét Kolbeinn hrúga og settist að í Orkneyjum um miðja 11. öld. Bjarni er nefndur „skáld“ þegar hann er kynntur í *Orkneyinga sögu* en annars vitum við ekkert um hann þar til hann er vígður biskup Orkneyinga árið 1188. Hann virðist af páfabréfum að dæma koma fram til sátta í deilum manna og fer oft til Noregs og deyr þar 1222 eða 1223. Bjarna er getið alloft í biskupa-sögum og *Sturlungu*. Hann var í vinfengi við Oddaverja og Íslendingar sóttu hann heim og þágu af honum góðar gjafir. Frá því segir í „Íslendinga sögu“ í *Sturlungu*<sup>27</sup> að Orkneyjafar kom í Hvítá. Stýrimaður þess hét Þorkell rostungur, bróðursonur Bjarna biskups. Þorkell lenti í illdeilum við Snorra Sturluson, sem bjó á Borg um þessar mundir, en þessir atburðir áttu sér stað árið 1202. Snorri fór ásamt bræðrum sínum að kaupmönnum en þeir vörðust drengilega og urðu Sturlusynir frá að hverfa. Þorkell lagði til hafs en varð afturreka við Eyrar (þ.e. Eyrarbakka) og reið austur í Odda og hét á Sæmund Jónsson (1154–1222) til viðtöku. Hann tók svo við Þorkatli „og mest fyrir vináttusakir við Bjarna biskup föðurbróður hans“.<sup>28</sup>

Þessi saga sýnir okkur ljóslega að viðskipti milli Orkneyja og Íslands hafa verið talsverð og einnig hitt að Bjarni biskup hefur verið

<sup>26</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:139).

<sup>27</sup> *Sturlunga saga* (1988:210).

<sup>28</sup> *Sturlunga saga* (1988:211).

í miklum metum í Odda þar sem menn telja að verið hafi miðstöð fornra fræða. Vert er einnig að gefa því gaum að Sæmundur metur meir vináttuna við Bjarna biskup en tengslin við Snorra sem þó var alinn upp í Odda.

Einar Ólafur Sveinsson<sup>29</sup> telur að kynni Oddaverja af Orkneyingum hafi verið svo mikil að Oddaverjar hafi farið nærri um menntir og allt andlegt líf þar í eyjunum. Sæmundur Jónsson þótti einn göfugastur maður á Íslandi um 1200 og kom til tals að hann gengi að eiga dóttur Haralds jarls Maddaðarsonar í Orkneyjum. Varð þó ekki af þar sem Sæmundur vildi ekki sækja brúðkaup þangað. Sýnir þetta eitt með öðru hve samband þarna á milli hefur verið náð. Halldór Hermannsson lætur í ljós þá skoðun að ekki sé neitt undarlegt að „Málsháttakvæðið“ og „Jómsvíkingadrápa“ skuli einmitt hafa varðveist í Konungsbók *Snorra-Eddu*. Slík kvæði hefðu reyndar óvída fremur varðveist á landinu en einmitt þar:

Now the only text in existence of these Orcadian poems [átt er við „Jómsvíkingadrápu“ og „Málsháttakvæðið“] is to be found in the *Codex Regius*. Their inclusion there I do not consider so strange as some people do. In no place in Iceland were they more likely to be preserved than at Oddi. A scribe copying the Edda there found these poems there and decided to copy them too.<sup>30</sup>

Fyrir þessari hugmynd eru engin bein rök en menn sjá hins vegar að hinn forni fræðaáhugi, sem kemur fram í kveðskap Orkneyinga, rímar við lærdómsiðkanir Oddaverja. Eins og fram hefur komið hér á undan verður að líta svo á að það sé með öllu óvíst hvort Bjarni biskup sé sá maður sem orti „Málsháttakvæðið“. Röksemdirnar fyrir því að kvæðið sé orkneyskt eru í raun léttvægar.

En hvar sem kvæðið er til orðið verður hitt ekki vefengt að menningarstraumar hafa legið hingað til lands úr suðurátt í gegnum Orkneyjar. Nægir í þessu sambandi að benda á þann mann á 13. öld ofanverðri sem setur saman *Brennu-Njáls sögu*. Hann talar um svæðið norður af Skotlandi af mikilli þekkingu en þekkir hins vegar miður til í Noregi. Sýnir þetta á sinn hátt að menn á 13. öld, líklega einkum á sunnan- og suðaustanverðu landinu, hafa haft góða hugmynd um

<sup>29</sup> Einar Ólafur Sveinsson (1937:39).

<sup>30</sup> Halldór Hermannsson (1932:42).

landshætti og þá jafnframt, mætti álykta, um menningu á þessum slóðum.

Hver er svo niðurstaða þessa máls? Segja má að hvað „Málsháttakvæðið“ varðar þá sé ekki margt nýtt dregið fram nema einna helst það að röksemdirnar fyrir því að eigna Bjarna Kolbeinssyni kvæðið séu ekki verulega veigamiklar. Eins og fyrr var sagt er ekki hægt að leggja mikið upp úr náttúru lýsingum í kvæðinu til þess að ákvarða heimkynni skáldsins. Ef menn hins vegar vilja nota hend-inguna „æpa kann í mærum fröskur“ (5,8) til þess að sýna að kvæðið sé ort utan Íslands þá má á hinn bóginn benda á að allvíða í kvæðinu má skynja kulda mikinn og vetrarríki: „sjaldan hittist feigs vök frör-in“ (25,1) og „langar eigu þeir bersi nætur“ (6,8). Kvæðið getur af þeim sökum ekki talist orkneyskt fremur en til dæmis norskt. Raunar er þetta samt ekki neitt til vitnis gegn Bjarna því að hann var sonur manns sem búið hafði í Noregi og sjálfur kom hann oft til Noregs. Kjarni málsins er sá að kvæðið er höfundarlaust og við það verður að una. Það er hins vegar varðveitt í íslensku handriti sem geymir *Snorra-Eddu* og tengsl við Odda virðast ekki ósennileg í einhverri mynd en meira vitum við ekki. „Málsháttakvæðið“ hefur trúlega verið ort til skemmtunar mönnum í fjölmenni, eins og Guðbrandur Vigfússon taldi, og skáldið fer vissulega á kostum og skopast jafnt að sjálfum sér og öðrum. Hvað fyrir skáldinu hefur vakað að öðru leyti er ekki fyllilega ljóst. Brá í raun kona, sem hét Rannveig, heiti við skáldið? Hversu djúpt ristir hinn kaldhæðnislegi tónn? Ber að skilja máls-hættina sem dulinbúin eiturskeyti? Úr þessu verður ekki skorið en hægt er að taka undir með Finni Jónssyni<sup>31</sup> þegar hann kallar kvæðið „et sandt mesterværk“.

<sup>31</sup> Finnur Jónsson (1890:266).



## Málsháttakvæði ásamt skýringum

## 1

..... þegir;  
dylja má þess er einn hverr segir.

.....  
... eitt bregst hóti síður:  
færa ætlum forn orð saman,  
flestir henda að nokkru gaman;  
gleði minnar veit geipun sjá,  
griplur er sem hendi þá.

Eins og sjá má er kvæðið ekki varðveitt í heilu lagi. Þrjú erindi eru skert: fyrsta, sextánda og hið síðasta, það þrítugasta. **2** Fyrsti málshátturinn er í annarri ljóðlínu: *dylja má þess er einn hverr segir*. So. *dylja* merkir hér að 'neita' og stýrir ef. Merkingin verður því: 'því má neita sem (eingöngu) einhver einn segir'. Möbius<sup>1</sup> bendir til samanburðar á málshátt í 46.

kap. *Grettis sögu: jafnan er hálsögð saga, ef einn segir*. Jón Friðjónsson hefur bent mér á að ef til vill megi greina hér áhrif úr lagamáli. Í *Jónsbók* og víðar má finna málshátt þar sem merkingin er áþekkt: „Svá er ef einn berr vitni með manni sem engi beri en tveir sem tíu.“<sup>2</sup> **5** Við fáum að vita hvað vakir fyrir skáldinu, þ.e. að *færa forn orð saman*. Ef þetta er sagt í fullri alvöru er meginmarkmið skáldsins að safna saman málsháttum því að *forn orð* eru sama og fornæli: '(gamlir) málshættir'. **6** *flestir henda að nokkru gaman*: 'flestir hafa gaman af einhverju eða skopast að einhverju'. Sögnin að *henda* er leidd af no. *hönd* og merkir oftast að 'grípa'. Finna má fleiri gömul dæmi um þetta orðalag sem er raunar enn í fullu gildi: „óskírð (þ.e. 'óhrein') eru þess [manns] eyru, er gaman hendir að illum tíðindum eða sauryrðum.“<sup>3</sup> **7** *gleði minnar veit geipun sjá*: 'þetta þvaður (eða mas) sýnir gleði mína'. So. *vita* merkir hér 'sýna' og stýrir ef. Bein orðaröð væri: Sjá geipun veit gleði minnar. **8** *griplur er sem hendi þá*: 'þá (þ.e. þegar menn safna saman fornum orðum) er sem menn hendi (grípi) griplur'. *griplur* eru 'ósamstæðir smáhlutir'. Skáldið á við málshættina sem *grípnir* eru úr ýmsum áttum. Orðið *griplur* kemur fyrir í *Elucidariusi*. Lærisveinninn spyr meistarann hvaðan Adam hafi tekið nafn og fær þetta

<sup>1</sup> Möbius (1873:24).

<sup>2</sup> *Jónsbók* (1904:9).

<sup>3</sup> *Gammel norsk homiliebog* (1864:86).

svar: „Af fjórum áttum heims, það er austur og vestur, norður og suður. En  
 a d a m  
 að griksku máli kallast anatole, disis, artos, mesebria, það er sem griplur  
 hendi til nafns Adams.“<sup>4</sup> Þetta stílbragð nefndu menn *akrostikon* á grísku. Það  
 fólst í því að láta upphafsstaf hverrar ljóðlínu mynda að lokum orð þegar  
 lesið var lóðrétt eftir erindinu. Slíkar vísur hafa verið kallaðar *nafnavísur* eða  
*nafnastafavísur* á íslensku. Oft var nafn höfundar falið í vísunni með þessum  
 hætti. Ekki virðist þó skáld vort hafa þetta bragð í huga. Hermann Pálsson<sup>5</sup>  
 kaus að kalla „Málsháttakvæðið“ *Griplur* þar sem nafnið væri með þeim hætti  
 sótt í kvæðið sjálft og sýndi jafnframt vel hið fjölbreytilega efni þess.

## 2

Ekki hefi eg með flimtun farið,  
 fullvel ætta eg til þess varið,  
 yrkja kann eg vánu verr,  
 vita þykist það maðurinn hverr;  
 stolið væri mér ekki úr ætt,  
 jafnan þótt eg kvæði slétt;  
 róa verður fyrst á hið næsta nes,  
 nokkuð ætta eg kyn til þess.

Skáldið yrkir í þessu erindi um  
 sína eigin persónu og ætt sína og  
 við finnum glögggt að spaug er  
 skáldinu tamt. Þó ber á það að  
 líta að við vitum ekki hvert  
 skáldið var né þekkjum ætt þess.  
 Möbius<sup>6</sup> bendir á að sumar ættir  
 hafi verið þekktar fyrir skáld-  
 skap. Svo sé til dæmis um Mýra-  
 mannakyn. Í 1. kap. *Gunnlaugs*  
*sögu ormsungu* segir um Mýra-

menn: „Sumir voru og skáldmenn miklir í þeirri ætt, Björn Hítðælakappi,  
 Einar prestur Skúlason, Snorri Sturluson og margir aðrir.“ Við þekkjum  
 sögur *Sturlungu* af kaldhæðni Hvamms-Sturlu og eljaraglettum Sighvats  
 Sturlusonar. Blær og efnismeðferð „Málsháttakvæðisins“ hefði sómt þeim  
 frændum vel. **1** *ekki hefi eg með flimtun farið*: ‘ekki hef ég (fyrir) ort háðkvæði’.  
*flimtun*: ‘háð, spott, dylgjur’. **2** *fullvel ætta eg til þess varið*: ‘mér væri það  
 eðlilegt ættar minnar vegna’. *eiga varið til e-s*: ‘kippa í kynið með e-ð, vera e-  
 ð meðfætt eða arfborið’. *varið* er lh.þt. af so. *verja* og kemur t.d. fram í *e-u*  
*er svo varið*. Fóstra Melkoru segir þegar hún sér Ólaf pá, son Melkorku, í  
 fyrsta sinn að hann sé skörungur „enda á hann til þess varið“ (*Laxdæla*, 21.  
 kap.). **3** *yrkja kann eg vánu verr*: ‘ég get ort verr en menn vænta’. **5** *stolið væri*  
*mér ekki úr ætt*: ‘ég mundi sverjast í ætt mína’. **6** *jafnan þótt eg kvæði slétt*: ‘þótt  
 ég yfirleitt kvæði með léttum og leikandi hætti’. Jón Þorkelsson<sup>7</sup> leit svo á

<sup>4</sup> *Elucidarius* (1989:43).

<sup>5</sup> Hermann Pálsson (1984:260).

<sup>6</sup> Möbius (1873:25).

<sup>7</sup> Jón Þorkelsson (1873:síða án blaðsíðutals og 141).

að í stað *slétt* bæri að lesa *slætt*, þ.e. ‘sljólega, vægilega, án meinyrða’ *slætt* sé hvk. af *slær*: ‘sljór’, sbr. *slælega* og so. *slæva*. Með þeim leshætti yrði rímið einnig fullkomið. Anne Holtsmark<sup>8</sup> er á sömu skoðun og Jón og Þýðir ‘uten brodd’. **7** Aðeins einn málsháttur kemur fyrir í þessu erindi: *róa verður fyrst á hið næsta nes* (eða *til hins næsta ness* eins og Finnur Jónsson<sup>9</sup> hefur breytt vísuorðinu til að rímið verði rétt). Merkingin er sú að taka eigi viðfangsefni í rétttri röð, byrja á byrjuninni. Málshátturinn er til í norsku: *ein skal fyrst ro fyre næste nes*.

## 3

Þjóð spyr allt það er þrír menn vitu.  
 Þeir hafa verr er tryggðum slitu.  
 Ekki er því til eins manns skotið,  
 ýmsir hafa þau dæmi hlotið.  
 Hermdarorð munu hittast í,  
 heimult á eg að glaupsa of því  
 – nokkuð varð hún sýsla of sig –  
 svinneyg drós hve hún fór við mig.

Finnur Jónsson<sup>10</sup> og fleiri, sem telja að skáldið noti málshættina til þess að segja ákveðna sögu, geta bent á þetta erindi. Lesa má sögu um tryggðarof sem kemst í hárnæli út úr fyrstu vísuorðunum. Stúlkan hefur farið illa að ráði sínu gagnvart skáldinu og við skynjum gremju skáldsins og biturleika. **1** *Þjóð spyr allt það er*

*þrír menn vitu*: alkunnur málsháttur, kemur t.d. fyrir í 63. vísu „Hávamála“: „einn vita / né annar skal; / þjóð veit ef þrír eru.“ **2** *Þeir hafa verr er tryggðum slitu*: ‘þeir, sem rjúfa tryggðir, kjósa sér til handa hinn verri hlut’. Sögnin að *hafa* merkir hér og oftár í kvæðinu ‘að láta sér (vel/illa) fara’. Sveinbjörn Egilsson<sup>11</sup> bendir á svipaða hugsun í 23. vísu í „Sigurdrífumálum“: „armur er vára vargur“, þ.e. ‘sá, er rýfur eiðana, er illur’. **3** *Ekki er því til eins manns skotið*: ‘ekki er hér verið að sneiða að einhverjum sérstökum’. **4** *ýmsir hafa þau dæmi hlotið*: ‘ýmsir hafa mátt reyna slíkt’, sbr. það sem segir í lokavísuorði stefnsins í 11. erindi: *slíks dæmi verður mörgum nú*. **5** *hermdarorð munu hittast í*: ‘í kvæðinu munu finnast bituryrði’. *hermd*: (kvk.) ‘reiði, gremja’, skylt *harmur*. **6** *heimult á eg að glaupsa of því*: ‘ég hef leyfi til að þvaðra um það’ (og ef til vill hæðast að því um leið). Sögnin að *glaupsa* er fágæt og merkir að ‘þvaðra, masa’. Mun vera skyld *gloppa*, *gljúfur*. **7** *nokkuð varð hún sýsla of sig*: ‘hún hugsaði einkum um sjálfa sig’. Vísuorðið er eins konar innskot en áttunda línan er framhald sjöttu ljóðlínu. **8** *svinneyg drós hve hún fór við mig*: ‘hvernig hin vitureyga kona

<sup>8</sup> Holtsmark (1937:11).

<sup>9</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:138).

<sup>10</sup> Finnur Jónsson (1890:265).

<sup>11</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860:285).

fór með mig'. *svinnmeygur*: kemur ekki fyrir annars staðar. Finnur Jónsson<sup>12</sup> þýðir: 'með kloge öjne' en *svinnur* merkir 'vitur' eða 'kænn'.

## 4

Ró skyldu menn reiði gefa.  
Raunlítið kemst oft á þrefa.  
Gagar er skaptur því að geyja skal.  
Gera ætla eg mér létt of tal.  
Verið hafði mér verra í hug,  
var það nær sem kveisuflug.  
Jafnan fagnar kvikur maður kú,  
kennir hins að eg gleðjumst nú.

**1** *ró skyldu menn reiði gefa*: 'menn skyldu gefa reiði sinni (þgf.) ró (þf.)'. Málshátturinn kemur til dæmis fyrir í 78. vísu í „Atlamállum“ og 115. kap. í *Njálu*.  
**2** *raunlítið kemst oft á þrefa*: 'oft vekur það mikið (og illt) umtal sem lítið er'. *komast á þrefa*: 'berast í tal manna, komast í há-mæli', sbr. *þrefa um e-ð* og no. *þref* (hvk.)  
**3** *gagar er skaptur því*

*að geyja skal*: 'hundur er skapaður til þess að gelta'. *gagar* er hundur. Orðið er fágætt og uppruni þess umdeildur en það kemur þó fyrir í bernskuvísu Egils Skalla-Grímssonar (5. vísu) *brimrótar gagar*. Til er máltækið *til þess er gagi (hundur) að gelta*.<sup>13</sup> **5** *verið hafði mér verra í hug*: 'ég hafði verri ráðagerð í huga'. Þetta vísuorð virðist vísa til næsta vísuorðs á undan þar sem skáldið segist ætla að gera sér létt um tal. **6** *var það nær sem kveisuflug*: 'það var líkt og skyndilegt magakrampakast'. *kveisuflug* (hvk.): *kveisa*: 'graftarkýli; magaveiki'. *flug* er víxlmynd við *flog*. **7** *jafnan fagnar kvikur maður kú*. Málshátturinn kemur einnig fyrir í 70. vísu „Hávamála“: 'hinn lifandi maður getur ætíð glaðst yfir kú'. Finnur Magnússon<sup>14</sup> bendir á gamalt danskt máltæki: *queger mand faaer vel ko, men död faaer aldriq liv*. Finnur lætur þess jafnframt getið að norrænir menn til forna hafi haft miklar mætur á kúm, ekki ósvipað því sem enn þekkest á Indlandi. **8** *kennir hins að eg gleðjumst nú*: 'þess verður nú vart að ég hef tekið gleði mína'.

<sup>12</sup> Finnur Jónsson (1931:553).

<sup>13</sup> Hallgrímur Scheving (1843:49).

<sup>14</sup> *Edda Sæmundar hins fróða* (1828, III:99).

## 5

Allítið er ungs manns gaman.  
 Einum þykir daufligt saman.  
 Annars barn er sem úlf að frjá.  
 Óðfús mundi blindur að sjá.  
 Dýrt láta menn dróttins orð.  
 Drekararnir rísa oft á sporð.  
 Öðlingur skyldi einkar röskur.  
 Æpa kann í mærum fröskur.

Þetta erindi geymir átta málshætti. **2** *einum þykir daufligt saman*: ‘einflið er dapurlegt’. Möbius<sup>15</sup> bendir á skyldleika við hina þekktu 47. vísu „Hávamála“: „Ungur var eg forð-um, / fór eg einn saman, / þá varð eg villur vega, / auðigur þóttumst / er eg annan fann. / Maður er manns gaman.“ **3** *annars barn er sem úlf að frjá*: ‘að elska barn annars manns er eins og að elska úlf’. Finnur Jónsson<sup>16</sup>

skýrir sem svo að sá sem elski barn annars manns geti ekki treyst því fremur en úlfinum. Hann tekur fram að örugglega sé ekki átt við börn sem fóstruð séu. Vitnisburður bókmenntanna gangi svo augljóslega gegn málshættinum. Sögnin að *fría* (yngra *frjá*) merkir að ‘elska’. Hún kemur raunar ekki mjög oft fyrir í fornunum skáldskap en þó til dæmis í 92. vísu „Hávamála“: *sá fær er fríar*. **5** *dýrt láta menn dróttins orð*: ‘boð herrans ber að virða’. *dróttinn*: ‘konungur, herra’, leit af *drótt* og er hin upphaflega merking foringi *dróttar*, þ.e. ‘hirðar’. *dýr* er hér í yfirferðri merkingu ‘mikilvægur, sá sem ber að sýna virðingu’. *láta menn* eru eins konar fyllingarorð: ‘menn segja’. Málshátturinn kemur allvíða fyrir í fornunum ritum. **6** *drekararnir rísa oft á sporð*: Möbius<sup>17</sup> vísar í *Sögu Magnúss konungs og Haralds konungs* í Flateyjarbók<sup>18</sup> þar sem sagt er frá viðureign við dreka. Þar segir: „Þá mælti Haraldr, að þeir mundu skiptast til atgöngu við orminn. „Þú, Halldór,“ segir Haraldr, „skalt fara á höfuðið, en Úlfr er sterkari, því skal hann fara á sporðinn, því að þar er allt aflið ormanna.““ Orðtakið að *standa e-m á sporði* er yfirleitt skýrt með þessari hugmynd. Í 86. vísu „Hávamála“ er varað við „ormi hringlegnum“ en liggi ormurinn svo mun hann líklegur til höggs. *Drekar* voru ófreskjur sem oft voru í ormslíki. **7** *öðlingur skyldi einkar röskur*: ‘maður af aðalsættum (höfðingi) á að vera einkar ötull’. **8** *æpa kann í mærum fröskur*: ‘froskur getur æpt í mýrlendi’. *mærr* (kvk.): ‘votlendi, mýrlendi, flatlendi’. Anne Holtmark<sup>19</sup> telur að hér vísi skáldið í dæmisögur Esóps sem þýddar voru um 1200 á frönsku og latínu. Hún segir um þetta vísuorð: „Det minner hverken om norske eller islandske naturforhold, men om Æsops fabel om froskene som vilde ha en konge – og fikk mere enn de ønsket.“

<sup>15</sup> Möbius (1873:26).

<sup>16</sup> Finnur Jónsson (1914:67, 68).

<sup>17</sup> Möbius (1873:27).

<sup>18</sup> *Flateyjarbók IV* (1945:75).

<sup>19</sup> Holtmark (1937:14).

## 6

Fylki skal til frægðar hafa.  
 Fregna eigum langt til gafa.  
 Oddar gerva jarli megin.  
 Útsker verða af bárum þvegin.  
 Ýmsir bjóða öðrum fár.  
 Ormar skríða úr hamsi á vár.  
 Vel hefir sá er það líða lætur.  
 Langar eiga þeir bersi nætur.

málshættinum *spyrja er best til válegra þegna* (*Fóstbræðra saga*, 4. kap. og víðar), þ.e. ‘best er að hafa spurnir einar af háskalegum mönnum’. **3** *oddar gerva jarli megin*: ‘vopnin veita jarli (eða hermanni) styrk’. **5** *ýmsir bjóða öðrum fár*: orðið *fár* merkir ‘voði, hætta; heift; sviksemi’. Í 24. vísu „Hávamála“ kemur fyrir orðasambandið að *lesa fár um e-n* og merkir sennilega að ‘tala illa um’. Hér er orðið trúlega í merkingunni ‘hætta’. **7** *vel hefir sá er það líða lætur*: hugmyndin virðist vera sú að taka beri hlutunum með jafnaðargeði, láta þá líða hjá. Sveinbjörn Egilsson<sup>21</sup> þýðir *felix est ille qui sortem suam æquo fert animo* ‘sá er sæll sem tekur hlutskipti sínu af ædruleysi’. **8** *langar eiga þeir bersi nætur*: vetur var í kenningum kallaður ‘bjarnar nótt’. *þeir bersi* eru birnirnir. Finnur Jónsson<sup>22</sup> telur að ef til vill hafi málshátturinn hljóðað svo í lausu máli: *löng er bjarnar nótt*.

## 7

Bjarki átti hugarkorn hart.  
 Herlið felldi Starkaður mart,  
 ekki var hann í hvíldum hægur.  
 Hrómundur þótti garpur og slægur,  
 ók-at þeim né einn á bug.  
 Eljárnir var trúr að hug,  
 flínn gat hann í fylking sótt.  
 Fullströng hefir sú mannaun þótt.

**1** *Bjarki* er fornt, danskt nafn og mun hér átt við Böðvar bjarka, einn af köppum Hrólfs konungs kraka. Við Böðvar bjarka voru kennd „Bjarkamál in fornu“ sem Þormóður Kolbrúnarskáld Bersason kvað að bón Ólafs konungs helga að Stiklarstöðum. *hugarkorn* er ‘hjarta’. **2** *Starkaður* er hin fræga hetja fornaldarsagn-

<sup>20</sup> *Íslensk fornrit* XXVIII (1951:237).

<sup>21</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860:285).

<sup>22</sup> Finnur Jónsson (1914:70).

anna sem frá er sagt til dæmis í *Gautreks sögu* en rækilegast þó hjá Saxa hinum málpaka í *Gesta Danorum*. **4–5** *Hrómundur* mun vera Hrómundur Gripsson. Af honum er sérstök saga. *ók-at þeim né einn á bug*: ‘hann var ekki einn um að sigra þá’. *aka e-m á bug*: ‘reka e-n burt, sigrast á e-m’. Ef til vill er orðtakið hér í upphaflegri merkingu: ‘knýja fram sveigju á herfylkingu (óvina).’<sup>23</sup> **6–8** Gustaf Cederschiöld<sup>24</sup> benti á að *Eljárnir* væri sennilega *Eleasar* sá sem frá er sagt í Gamla testamentinu, þ.e. í *Fyrstu Makkabeabók*, 6. kap. Þar segir frá því að Eleasar Avaran, bróðir Júdasar Makkabeusar, frelsishefju gyðinga, vinnur hetjudáð þegar Antiókkus V fer herför til Júdeu með mikinn mann- og herafla. Þar á meðal eru þrjátíu og tveir filar sem þjálfaðir eru til bardaga: „Eleasar Avaran tók eftir að eitt dýranna [þ.e. einn filanna] bar af öllum öðrum og hafði konunglega brynju. Virtist honum sem þar færi konungurinn. Hann fórnaði lífi sínu til að bjarga þjóð sinni og geta sér eilífan orðstír. Hjúp hann djarflega að dýrinu inn í fylkinguna miðja, brytjaði óvini niður til hægri og vinstri svo að þeir hrukku til beggja handa. Hann smaug undir flinn og lagði hann banasári í kviðinn. Féll fillinn dauður ofan á Eleasar og beið hann þar bana.“<sup>25</sup> Samsvörunin hlýtur að teljast afar sennileg og auðvelt að fallast á það með skáldinu að þessi mannafrátt hafi verið í strangasta lagi. Þetta mun vera í eina skiptið sem skáldið vísar í sögur *Biblíanmar*. Brandur biskup Jónsson þýddi *Gyðinga sögu* á 13. öld en þar er þessi saga af Eleasar rakin. Þar segir að fillinn, sem Eleasar felldi, hafi verið „aljárnaður“ og Eleasar hafi hlaupið undir hann því hann fékk hvergi höggstað á honum með öðrum hætti. Hermann Pálsson<sup>26</sup> segir um þessa frásögn: „In my opinion there seems little doubt that the name *Eljárnir* was formed by the poet himself; it is a kind of compromise between the Hebrew name *Eleazar* on the one hand and the first two syllables of *aljárn*-aðr on the other.“ Þetta lætur ekki ósennilega í eyrum.

## 8

Bana þóttust þeir bíða vel,  
 Brandingi svaf loks í hel.  
 Mardallar var glysligur grátur,  
 gleður sá mann er oft er kátur.  
 Ásmundur tamdi Gnoð við gjálfur.  
 Gulli mælti Þjazi sjálfur.

**1** *bana þóttust þeir bíða vel*: ‘þeir (ekki er ljóst við hverja er átt) dóu með hetjulegum hætti’. Anne Holtmark<sup>27</sup> skilur þetta vísuorð sem svo að átt sé við hetjurnar sem taldar eru upp í 7. erindi og kann það vel að

<sup>23</sup> Jón G. Friðjónsson (1993:88).

<sup>24</sup> Cederschiöld (1882:77, neðanmáls).

<sup>25</sup> *Apokryfjar bækur Gamla testamentisins* (1994:386).

<sup>26</sup> Hermann Pálsson (1984:263).

<sup>27</sup> Holtmark (1937:11).

Niðjungur skóf af haugi horn,  
helsti eru nú minni forn.

vera réttur skilningur. **2** *Brand-  
ingi* er óþekkt sögupersóna en  
orðið kemur einnig fyrir sem

heiti á jötni í þulum *Snorra-Eddu*. **3** *Mardallar var ghysligur grátur*. Hér er vikið að sögunni um Freyju og mann hennar, Óð, sem kunn er úr 35. kap. „Gylfaginningar“. Hann „fór í braut langar leiðir, en Freyja grætur eftir, en tár hennar er gull rautt.“ Freyja á mörg nöfn og meðal þeirra er nafnið *Mardöll*. Hinn *ghysligi grátur* er því ‘skínandi grátur’ eða ‘gull rautt’. Til er í þjóðsögum okkar *Mærþallar saga*. Á Mærþöll var lagt að í hvert sinn er hún gréti yrðu tár hennar að gulli. Helga karlsdóttir, hin trygglynda þjónustustúlka Mærþallar, kallar hana til sín með þessum orðum: „Komi, komi Mærþöll, / komi mín vina, / komi ljósa mæ / á lynggötu. / Ég á gull að gjalda / en gráta ekki má.“<sup>28</sup> **5** *Ásmundr tandi Gnoð við gjálfur*: Ásmundur berserkjabani var maður nefndur. Frá honum er sagt í sögu sem kennd er við hann og Egil einhenda. Sögunni lýkur á þann veg að Ásmundur átti að sækja brullaup sitt til Serklands á einu skipi því að Serkir vildu svíkja hann: „[...] lét Ásmundur þá gera skip þat, er Gnoð hét, ok hefir þat skip stærst gert verit, svá at menn viti, fyrir norðan Grikklandshaf. Af því skipi tók Ásmundr nafn ok var kallaðr Gnoðar-Ásmundr, ok þykkir hann hafa verit mestr af fornkonungum þeim, sem ekki stýrðu þjóðlöndum. Hann tapaðist við Hlésey ok með honum meir en þrjár þúsundir manna, ok segja menn, at Óðinn legði hann með geiri í gegnum, þá hann hljóp fyrir borð, en Gnoð sökk til grunna með öllum farni sínum, ok hefir síðan engi hlutr fundizt af henni ok engu því, sem þar var á.“<sup>29</sup> Finnur Jónsson<sup>30</sup> ritar *Gnoð* en Ásgeir Blöndal Magnússon telur það vafasamt í orðabók sinni. Orðið sé trúlega skylt *gnauda* og eigi við *gnaud* sjávar þegar skipið bruni áfram. *gjálfur* er ‘gutl, gjálp’ eða ‘skvamp’ sjávar en hér fremur haft um hafið sjálft. **6** *gulli mælti Þjazi sjálfur*. Í 4. kap. „Skáldskaparmála“ í *Snorra-Eddu* segir að faðir Þjaza jötuns hétu Ölvaldi: „Hann var mjög gullauðugur, en er hann dó og synir hans skyldu skipta arfi þá höfðu þeir mæling að gullinu er þeir skiptu að hver skyldi taka munnfylli sína og allir jafnmargar. Einn þeirra var Þjazi, annar Iði, þriðji Gangur. En það höfum vér orðtak nú með oss að kalla gullið munntal þessara jötna, en vér felum í rúnum eða í skáldskap svo að vér köllum það mál eða orð eða tal þessara jötna.“ Möbius<sup>31</sup> valdi lesháttinn *mældi* í stað *mælti* og styðst það við að þeir jötnar höfðu *mæling að gullinu*. **7** *Niðjungur skóf af haugi horn*. Ekki er ljóst hvaða saga býr hér að baki. *Niðjungur* er eflaust ‘afkomandi’ eða ‘sonur’ en átt mun við einhverja goðsagnapersónu. Guð-

<sup>28</sup> *Mummælasögur 17. aldar* (1955:71). Sjá einnig formála sama rits: cxli-cxlii.

<sup>29</sup> *Formaldarsögur Norðurlanda III b.* (1950:365).

<sup>30</sup> Finnur Jónsson (1931:192, 193).

<sup>31</sup> Möbius (1873:5, 29).



brandur Vigfússon benti á skyldleika við 78. vísu „Sólarljóða“: „Arfi, faðir / einn eg ráðið hefi / og þeir Sólkötlu synir / hjartarhorn það / er úr haugi bar / hinn vitri Vígðvalinn.“<sup>32</sup> **8** Síðasta ljóðlínan *helsti eru nú minni forn minnir eilítið á orðin sem Ægir mælir í Snorra-Eddu þegar Bragi hefur sagt honum söguna um Ölvaldasyni og gullið þeirra en hún var rakin hér að framan:* „Það þykir mér vera vel fólgið í rúnum.“ *helsti*: ‘um of’.

## 9

Friggjar þótti svipur að syni.  
Sá var taldur úr miklu kyni.  
Hermóður vildi auka aldur.  
Éljúðnir vann sólginn Baldur.  
Öll grétu þau eftir hann.  
Aukið var þeim hlátrarbann.  
Heyrinkunn er frá honum saga.  
Hvað þarf eg um slíkt að jaga.

Þetta erindi er allt bundið við söguna um dauða Baldurs sem alkunn er af frásögn Snorra í 49. kafla „Gylfaginningar“. **1** *svipur* merkir hér ‘(skyndilegur) missir eða tjón’. Bein orðaröð væri: (það) *þótti svipur að syni Friggjar*, þ.e. Baldri. **3** *Hermóður* var sonur Óðins. Hann var kallaður Hermóður inn hvati og reið á Helveg að bjóða Helju útlausn og freista þess að fá Baldur

aftur heim í Ásgarð. Hermóður lagði því svo sannarlega sitt af mörkum til þess að *auka* (Baldri) *aldur*. **4** *Éljúðnir* hét salur Heljar. *sólginn* (eldra *solginn*) er lh.þt. af sögninni að *svelg(j)a*: ‘gleypta í sig’. *vann sólginn Baldur*: ‘fékk gleypt Baldur’. **6** *aukið var þeim hlátrarbann*: ‘harmur þeirra (goðanna) var mikill’. **8** *jaga*: ‘nauða, hreyfa fram og aftur’. Uppruni sagnarinnar er umdeildur, ef til vill er um tökuorð að ræða. Sögnin kemur þó fyrir í fornu máli, til dæmis í *Morkinskinnu*:<sup>33</sup> „[...] at eigi skyldi ávallt jaga á enni sömu sök.“ Merkingin er greinilega sú sama hér: ‘klifa á, staglast á’.

## 10

Sitt mein þykir sárast hveim.  
Sáttargjörð er ætluð tveim.  
Oddamaður fæst oft hinn þriði,  
jafntrúur skal sá hvárra liði.

Skáldinu tekst einkar vel upp í þessu erindi. Málshættirnir mynda merkingarlega samfellu þar sem eins og leynd saga liggur milli línanna. **1** *sitt mein þykir sárast hveim*:

<sup>32</sup> *Sólarljóð* (1991:38, 102-105).

<sup>33</sup> *Morkinskinna* (1867:183).

Engi of dæmir sjálfan sig,  
slíkt ætla eg nú henda mig.  
Ýta lið þótt allt fari byrst,  
engi læst því valda fyrst.

*þótt allt fari byrst / engi læst því valda fyrst*: Möbius<sup>34</sup> bendir á svipaða hugsun í málshættinum *þó úfar rísi með mönnum, þykist enginn valda upptökum*. *ýtar* eru ‘menn’ en að *fara byrst* er að ‘ýfa burstina, gerast úfinn’. Væntanlega haft í fyrstu um skepnur sem reisa burstarhárin. Til er orðasambandið að *reisa burstir við e-m*: ‘ýfast gegn e-m’.

## 11

Stefjum verður að stæla brag,  
stuttligt hefi eg á kvæði lag,  
ella mun það þykja þula,  
þannig nær sem eg henda mula.

Ekki varð-at forðum farald,  
Finnan gat þó ærðan Harald,  
honum þótti sólbjört sú.  
Slíks dæmi verður mörgum nú.

*Stáli*. **3–4** *ella mun það þykja þula / þannig nær sem eg henda mula*: ‘að öðrum kosti mun kvæðið virt sem þula, líkt því sem ég safni saman (smá)molum’. *mul* er víxlmynd við orðið *moli*. **5–8** Stefið er einnig varðveitt í *Hauks þætti hábrókar* í Flateyjarbók. Þar er það þannig:

Ekki var það forðum farald,  
Finnan gat þá ærðan Harald.  
Honum sýndist sólbjört sú.  
Slíks dæmi verður mörgum nú.

‘Það var ekki forðum umgangsveiki (að elska); Finnan gat samt ært Harald. Honum þótti hún sólbjört (að sjá). Slíkt og þvílíkt hendir marga nú (þar á meðal mig?)’. Finnan, sem um er rætt í stefinu, er Snjófríður, dóttir Svása Finnkonungs, en henni unni Haraldur konungur hárfagri „með ærslum“ eftir því sem segir í *Ágrip*. „Ok hann [Haraldur] festi ok fekk ok unni svá með

‘hverjum og einum þykir sitt eigið mein sárast’. **5** *engi of dæmir sjálfan sig*: sbr. til dæmis málsháttinn *fár gengur sekur af sjálfs dómi*. Fleiri hliðstæðir málshættir eru raunar til í fornu máli. **7–8** *ýta lið*

**1** *stefjum verður að stæla brag*: það er alkunnugt að drápur þóttu viðhafnarmeiri en flokkar enda höfðu þær stef en þeir ekki. Skáldið talar um þetta í léttum tón eins og jafnan. Innskotssetning í vísu var kölluð *stál*. Skáldið talar um að *stæla brag*, þ.e. að herða kvæði sitt með stefjum en talað var um að *stæla járn* en í því fólst að efla það eða styrkja með

<sup>34</sup> Möbius (1873:30).

[œr]slum, at ríki sitt ok allt þat, er hans tígn byrjaði, þá fylrét hann ok sat hjá henni nótt ok dag nálíga, meðan þau lifðu bæði, ok þrjá vetr síðan hón var dauð. Syrgði hann hana dauða, en landslýðr allr syrgði hann villtan.<sup>35</sup> *farald* er hér hvorugkynsorð eins og oft í fornu máli. Orðið er myndað með viðskeytinu *-ald*, líkt og *kerald*. *Slíks dæmi verður mörgum nú*: sumir hafa talið að skáldið væri að víkja að eigin ástamálum með þessu orðalagi. Hann minnst sjálfur ef til vill einhverrar sólbjartrar meyjjar. Anne Holtsmark<sup>36</sup> þýðir stefið einkar lipurlega: „Det var ingen farang før, / men finnigjenta fikk Harald ør, / lys som solskinn syntes hun – / slikt hender mangel nuomstund.“

## 12

Skips láta menn skammar rár.  
Skatna þykir hugurinn grár.  
Tungan leikur við tanna sár.  
Trauðla er gengt á ís of vár.  
Mjög fár er sér ærinn einn.  
Eyvit týr þótt skyndi seinn.  
Göfgast mætti af gengi hver,  
gerva þekki eg sumt hve fer.

**1** *skips láta menn skammar rár*: Þennan málshátt hafa menn ekki getað skýrt svo að vel sé en hann kemur einnig fyrir í 74. vísu „Hávamála“: „Nótt verður feginn / sá er nesti trúir, / *skammar eru skips rár*, / hverf er haustgríma, / fjöld um viðrir / á fimm dögum / en meira á mánuði.“ Samhengi í þremur fyrstu ljóðlínunum er ekki fyllilega ljóst. Í fljótu bragði virðist liggja beint við

að taka orðið *rá* í merkingunni ‘þverslá á siglutré’ en Andreas Heusler<sup>37</sup> og fleiri telja að merkingin sé ‘horn eða skot’ (af [v]rá) og átt sé við að þröngt sé um menn í svefnplássi skips. Hjalmar Falk<sup>38</sup> telur að merkingin sé ‘folk gjør skipsrærne korte’. Hann lítur svo á að sögnin að *láta* merki í þessu sambandi ‘að gera’ en Finnur Jónsson<sup>39</sup> skýrir *láta menn* sem ‘man siger, d.v.s. ordsproget lyder’. Hann bendir einnig á að í 5. erindi hér að framan kemur sama orðalag fyrir og greinilega í sömu merkingu: *dýrt láta menn dróttins orð*. En hvernig ber að skilja það að þverslá á siglutré sé stutt? Er átt við að skipin séu ekki nægilega hraðskreið? Þannig skilur Björn M. Ólsen<sup>40</sup>: „Tanken í ordsproget er simpelthen: ‘Skibe skyder ofte ringe fart, kommer langsomt frem’.“ **2** *skatna þykir hugurinn grár*: ‘menn eru taldir grályndir’, ekki ólík hugsun og í latneska spakmælinu *homo homini lupus*, þ.e. ‘hver maður er

<sup>35</sup> *Íslensk fornrit XXIX* (1984:6).

<sup>36</sup> Holtsmark (1937:11).

<sup>37</sup> Heusler (1915:115).

<sup>38</sup> Falk (1922:174).

<sup>39</sup> Finnur Jónsson (1931:363).

<sup>40</sup> Björn M. Ólsen (1915:78).

öðrum vargur'. **3** *tungan leikur við tanna sár*: málshátturinn á sér latneska samsvörun: *lingua locum tangit, in quo dentem dolor angit*, þ.e. tungan snertir staðinn þar sem sársauki angrar tönnina.<sup>41</sup> **4** *trauðla er gengt á ís of vár*: til er máltækið *valt er að treysta vorisum*. Öll vísuorðin fjögur brýna því fyrir mönnum nauðsyn varúðar í einhverjum skilningi og boðskapur 74. vísu „Hávamála“ er áþekkur, menn eiga að sýna gætni, veður eru oft válynd að haustlagi. **5** *mjög fár er sér ærinn einn*: Möbius<sup>42</sup> bendir á nokkrar hliðstæður, t.d. *fár er sér fullnógur*. **6** *eyvit týr þótt skyndi seinn*: sbr. t.d. *aldrei skyldi seinn maður flýta sér*. *eyvit* fn.: ‘ekkert, ekki neitt’. *týr* (frsh.et.nt.) af *tjóa*: ‘gagna, stoða’. **7** *göfgast mætti af gengi hver*: þennan málshátt er einnig að finna í 26. vísu „Háttatal“ Snorra en sú vísa er raunar dæmi um orðskviðuhátt: *vex hver af gengi*. *gengi* (hvk.) merkir oftast ‘fylgd’ eða ‘föruneyti’ en einnig ‘velgengni’ og ef til vill er merkingin sú hér. Finnur Jónsson<sup>43</sup> þýðir með ‘lykke’. **8** *gerva þekki eg sumt hve fer*: ‘ég þekki fullkomlega hvernig fer um suma hluti’. Lokavísuorðið gefur eitt og að annað í skyn og Möbius<sup>44</sup> endursegir: ‘ich weis recht wol wie liebes-not schmerzt.’

## 13

Afli of deilir síst við sjá.  
Sörli sprakk af gildri þrá.  
Stundum þýtur í logni lá.  
Litlu verr að eg ráða fá.  
Mörgum þykir fullgott fé.  
Frænuskammur er hinn deigi lé.  
Kvæðið skal með kynjum allt.  
Konungs morgunn er langur ávallt.

**1** *afli of deilir síst við sjá*: sbr. t.d. ‘enginn hefir afl við ægi’. Guðbrandur Vigfússon<sup>45</sup> benti á skyldleika við 8. og 9. vísu í „Sonatorreki“ en þar harmar Egill Skalla-Grímsson að eiga ekki „sakar afl við sonar bana“. **2** *Sörli sprakk af gildri þrá*: Ekki er ljóst við hvaða Sörli er átt. Nafnið er fremur fátítt til forna en frægur er þó sonur Guðrúnar

Gjúkadóttur sem bar þetta nafn. Við hann er þó ekki átt. Orðalagið er líkt og í 49. kap. „Gylfaginningar“ þar sem sagt er frá því að lík Baldurs var borið út á skip hans en er kona hans, Nanna Nepsdóttir, sá það „þá sprakk hún af harmi og dó.“ Reidar Christiansen<sup>46</sup> telur að Sörli sé sama hetjan og frá er sagt í gelísku sagnkvæði sem heitir „The Vision of Seurlus of Dobhair“.

<sup>41</sup> *Carmina Medii Aevi* II/2 (1969:735).

<sup>42</sup> Möbius (1873:31).

<sup>43</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:141).

<sup>44</sup> Möbius (1873:31).

<sup>45</sup> *Corpus poeticum boreale* II (1883:366).

<sup>46</sup> Christiansen (1924:55 og 1931:413–416).

Nöfnin *Sörli* og *Seurlus* eru vissulega býsna áþekkt. *Seurlus* heillast af hafmey, þreytir sund til þess að ná til hennar en „he broke his heart and the stout ribs of his breast“ við þá raun. Christiansen bendir enn fremur á að fyrstu þrjár bragflínurnar í þessu erindi eigi að lesa með þessa sögu í huga. Þær gefi þessa sögu til kynna á knappan hátt og endurómi jafnframt meginþema kvæðisins, þ.e. ástarharna. Hér sýnist ekki ólíklegt að um einhver tengsl sé að ræða. Þess er þó vert að geta að sagnakvæðið mun ekki hafa verið skráð fyrr en á 17. öld. **3** *stundum þýtur í logni lá*: ‘stundum hvín í hafinu þótt logn sé veðurs’. *lá*: ‘bára við land, strandsjór, haf’. **6** *frænuskammur er hinn deigi lé*: ‘bitið í hinum lina eða mjúka ljá er skammvinnit’. *frænuskammur*: af *fræna* sem merkir ‘bit’ og er leitt af *fránn* ‘leiftrandi; hvass, beittur’. *lé* (kk.): ‘ljár’. **7** *kvæðið skal með kynjum allt*: ‘kvæðið á allt að vekja furðu’. **8** *konungs morgunn er langur ávallt*: trúlega er átt við að það þyki þeim sem bíður þess að ná konungs fundi.

## 14

Bráðséd láta bragnar oft.

Bregður að þeim er heldur á loft.

Allmargur er til seinn að sefast.

Svo köllum vér ráð sem gefast.

Ekki varð-at forðum farald,

Finnan gat þó ærðan Harald,

honum þótti sólbjört sú.

Slíks dæmi verður mörgum nú.

**1** *bráðséd láta bragnar oft*: svipuð hugsun og í málshættinum *margur rasar fyrir ráð fram*. *bráðséd* er mynd- að á hliðstæðan hátt og *bráðmælt*, *bráðráðið*, *skjótliðið*. *bragnar* (kk.fl.): ‘höfðingjar, menn’. **2** *bregður að þeim er heldur á loft*: þetta vísuorð hefur verið skýrt með ýmsu móti enda ekki auðskilið þó svo að hér sé ekki um nein torskilin orð að ræða. Möbius<sup>47</sup> endursegir: ‘dem

aufwärts strebenden wendet es (das glück) sich zu’. Hann minnir einnig á latneska spakmælið *audaces fortuna juvat*, eða ‘gæfan er hliðholl hinum djörfu’. Hugo Gering<sup>48</sup> skilur setninguna á svipaðan hátt en hefur þó verið í vafa því hann setur spurningarmerki við hana. Roberta Frank<sup>49</sup> þýðir vísuorðið þannig: „He whose hand is generous prospers.“ Finnur Jónsson<sup>50</sup> þýðir svo: ‘man hold- er sig til den, som udbreder noget’. Hann tekur saman<sup>51</sup>: *að e-m bregður*: ‘noget føres tilbage til en, man holder sig til en (som hjemmelsmand)’. Eiríkur Magnússon<sup>52</sup> skýrir hins vegar svo: ‘þeim bregður eigi við sögu, er heldur

<sup>47</sup> Möbius (1873:33).

<sup>48</sup> Gering (1916:24).

<sup>49</sup> Frank (2003:149).

<sup>50</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:141).

<sup>51</sup> Finnur Jónsson (1931:62).

<sup>52</sup> Eiríkur Magnússon (1888:336).

henni á loft' = 'den der sætter en historie i gang, røber ingen overraskelse i minen ved at høre den fortalt igen = ved egen sladder overraskes ingen; for ophavsmanden indeholder den intet nyt eller forbausende'. Jón Friðjónsson hefur stungið upp á eftirfarandi skýringu: *bregður-at þeim* (þeim bregður ekki) *er heldur á loft* (hefur (vopn) upp) – því að hann er vitaskuld viðbúinn (sér hvað í vændum er), honum er ekki komið á óvart. **3** *allmargur er til seinn að sefast*: 'margir eru of seindir til sátta'. *til seinn*: 'of seinn'. **4** *svo köllum vér ráð sem gefast*: 'ráð dæmum við eftir því hversu vel þau gefast', þ.e. eftir afleiðingum þeirra eða því hvernig þau reynast. Minnir á málshætti eins og: *illa gefast ill ráð* og *illa gefast ills ráðs leifar*, sbr. 12. kap. í *Njálu* þar sem *leifar* merkja 'afleiðingar'.

## 15

Auðugur þykir einn sér hvar.  
Annars ræðir margur of far.  
Örgranns erum vér lengst á leit.  
Lundvær þykir besta sveit.  
Skammæ þykja ófin öll.  
Ekki margt er verra en tröll.  
Engi spillir hyggins hjali.  
Hefk-at spurt að bersa kali.

**1** *auðugur þykir einn sér hvar*: ekki auðskilið vísuorð. Í handritinu stendur *auðugur þykir sér einn hvar* en menn hafa breytt þeirri orðaröð til þess að fá eðlilegri hrynjandi. Möbius<sup>53</sup> nefnir ýmsar tilgátur og hugmyndir en engin virðist falla fullkomlega að þessum orðum. Í *Áns sögu bogsvægis* (7. kap.) kemur fyrir málshátturinn *hverr er auðgari en þykkist sem minnir á margur er*

*rikari en hann hyggur*. Hugsunin er greinilega ekki hin sama þótt orðalaginu svipi saman. Hægt er að taka undir það með Hermann Pálssyni<sup>54</sup> að einhver skyldleiki virðist vera með þessu vísuorði og 47. vísu „Hávamála“ sem hefst á hinum frægu orðum: „Ungur var eg forðum.“ En ekki verður séð hvernig þeim tengslum er háttað. Hermann bendir einnig á að líklega hafi orðið *auðugur* hér merkinguna 'sæll, hamingjusamur'. Finnur Jónsson<sup>55</sup> orðar þýðingu þessarar ljóðlínu þannig: 'rig nok tykkes enhver enkelt sig at være allevegne'. Þessi þýðing kemur heim við byggingu málsgreinarinnar en hugmyndin er ekki fyllilega ljós. Að vísu er alþekkt máltakið *margur hyggur auð í annars garði* en hér virðist Finnur skilja svo að sá sem býr einn og fjarri öðrum mönnum sé álitinn ríkur. **2** *annars ræðir margur of far*: 'mönnum er gjarnt að ræða meira um hátterni annarra' (en minna um sitt eigið). *far*: 'hátterni'. **3** *örgranns erum vér lengst á leit*: 'við leitum lengst hins örsmáa'. **4** *lundvær þykir besta sveit*: 'hið gæflynða fólk er álitit best'. *sveit* merkir hér 'hópur manna,

<sup>53</sup> Möbius (1873:33).

<sup>54</sup> Hermann Pálsson (1990:58).

<sup>55</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:141).

flokkur' sem er talin eldri merking en staðarmerkingin. Jón Þorkelsson<sup>56</sup> lagði til að lesið væri *lundver*, sbr. orðin *eggver* og *selver*, en það virðist óþarft að skýra svo. **5** *skammæ þykja ófin öll*: 'allt óhóf varir skamma stund'. Áþekkur málsháttur er í *Hrafnkels sögu Freysgöða*, 14. kap. *skömm er óhófs* (eða *ófs* sem sýnist vera samandregin orðmynd úr 'óhófs') *ævi. skammær* (lo.): 'skammvinnur'. **7** *engi spillir hyggins hjali*: 'tali hyggins manns getur enginn spillt'. **8** *hefk-at spurt að bersa kali*: 'ég hef ekki heyrt þess getið að ...'. Eyða er í handritinu í lok línunnar og Jón Sigurðsson fyllt hana með orðunum: *bersa kali*. Guðbrandur Vigfússon<sup>57</sup> stakk upp á orðunum: *hvatan dvali*.

## 16

Engi þarf að hræðast hót.  
Heldur kemur oft við sáran fót.

.....  
Hlutgjarn fer með annars sök.  
Nökkvi ríkstur er heima hver.

.....  
..... ta eg um að síður.  
Orðin fara þegar munninn líður.

**1** *engi þarf að hræðast hót*: 'enginn þarf að hræðast ógnanir' (því þær verða oft ekkert nema orðin tóm).

**2** *heldur kemur oft við sáran fót*: sbr. málsháttinn *oft kemur við stírða hönd og sáran fót*. Þetta er hin almenna reynsla: Það rekt eitthvað í sára fótinn en ekki hinn heilbrigða! Inn í vísuorðið bætti Jón Sigurðsson orðunum *við sáran* en þar er eyða í handritinu. **4** *hlutgjarn fer með annars*

*sök*: 'hinn fhlutunarsami fer gjarnan með annars manns mál' (og yfirleitt ekki til góðs). Möbius<sup>58</sup> bendir til samanburðar á málsháttinn *úlfar eta (reka) annars erindi* sem fyrir kemur í 23. kap. *Laxdælu*. Einar Ólafur Sveinsson skýrir þennan málshátt svo: erindi, sem rekið er fyrir annan mann, er étið upp (eyðilagt) af úlfum. Andstæða þessa væri þá *sjálf er höndin hollust*. Johan Fritzner<sup>59</sup> þýðir setninguna með eftirfarandi hætti sem nær kannski merkingunni best: 'naar det er andre overladt at udføre et Ærinde, fremme en Sag, kan man ikke paaregne noget heldigt Udfald'. **5** *nökkvi ríkstur er heima hver*: 'sérhver maður er einna voldugastur heima fyrir'. Finnur Jónsson<sup>60</sup> bendir til samanburðar á málsháttinn *heima er hvör ríkastr*. **8** *orðin fara þegar munninn líður*: 'orðin verða kunn (berast öðrum til eyrna) um leið og munninum sleppir', þ.e. þau hafa verið sögð. Svipaðir málshættir koma allvíða fyrir, til dæmis í 7. kap. *Vopnfurðinga sögu. fer orð, er munn líður*. Sögnin að *líða* er hér óþ. með þf.

<sup>56</sup> Jón Þorkelsson (1873:síða án blaðsíðutals og 141)

<sup>57</sup> Möbius (1873:33).

<sup>58</sup> Möbius (1873:34).

<sup>59</sup> Fritzner III b (1973:764).

<sup>60</sup> Finnur Jónsson (1914:181).

## 17

Varla sýnist allt sem er  
 ýtum þeim er bægir drer.  
 Eigi að eins er í fögru fengur,  
 fundið mun það er reynt er lengur.  
 Ekki varð-at forðum farald,  
 Finnann gat þó ærðan Harald,  
 honum þótti sólbjört sú.  
 Slíks dæmi verður mörgum nú.

**1–2** *varla sýnist allt sem er / ýtum þeim er bægir drer*: Konráð Gíslason<sup>61</sup> skýrði þessi vísuorð fyrstur manna. Hann benti á að kvæðið er ekki alls staðar áttmælt, þ.e. átta fullkomnar setningar í hverju erindi. Þessi tvö vísuorð beri því að taka saman og merking þeirra gæti verið: ‘de, der lide (egentl. hindres) af stær, se neppe alt, som det er’.

Konráð skýrir *drer* svo að það sé hugsanlega leitt af glataðri sögn \**drjósa* (*drjúpa*) og orðið merki ‘augnsjúkdómur, starblindu’ af því að menn töldu að sjúkdómurinn stafaði af falli blóðdropa í augun. **3** *eigi að eins er í fögru fengur*: ‘ekki er einungis ávinningur að því sem fagurt er’ (heldur í mörgu öðru). Möbius<sup>62</sup> bendir til samanburðar á *ekki er í fríðu einu fengur né feitu einu matur*, og enn fremur *ekki er allt gull sem glóir*. **4** *fundið mun það er reynt er lengur*: ‘það mun koma í ljós þegar það hefur verið reynt’. Kjarni þessa vísuorðs gæti verið málsháttur sem fyrir kemur í 40. kap. *Grettis sögu*: *þá veit það, er reynt er*.

## 18

Efnum þykir best að búa.  
 Brögðótt reyndist gemlu fúa.  
 Margar kunni hún slægðir sér,  
 svo nökkvi gafst Rannveig mér.  
 Illa hefir sá er annan sýkur.  
 Eigi veit áður hefndum lýkur.  
 Bráðfengur þykir brullaups frami.  
 Brigða lengi er hver hinn sami.

**1** *efnum þykir best að búa*: ‘best er að búa svo að efni séu góð’. *efnum* er aukafallsliður, þ.e. ‘best er að búa með (góðum) efnum’. **2** *brögðótt reyndist gemlu fúa*: ‘tófan reyndist gamalærinni brögðótt’. *gemla*: ‘gamalær’. *fúa* (eða *fóa*): ‘tófa’. Anne Holtsmark<sup>63</sup> hyggur að hér vísi skáldið ef til vill til einhverrar dæmisögu þar sem skepnur fara

með aðalhlutverk. Þetta væri þá svipuð skírskotun og um froskinn í 5. erindi. **3–4** *margar kunni hún slægðir sér / svo nökkvi gafst Rannveig mér*: ‘hún (tófan) bjó

<sup>61</sup> Konráð Gíslason (1897:139-141).

<sup>62</sup> Möbius (1873:34).

<sup>63</sup> Holtsmark (1937:14).



yfir margs kyns lævísi, slíkt mátti ég einnig reyna af hálfu Rannveigar'. Enginn veit nú hver Rannveig var en fremur mun það sjaldgæft að nafn ástkonu sé nefnt í mansöng eða kvæðum. **5** *illa hefir sá er annan sjukur*: 'sá gerir illa sem svíkur annan (mann)'. *sjukur* (frsh.et.nt.) af so. \**sjkva* sem er víxlmynd við so. *svíkja*. **6** *eigi veit áður hefndum lýkur*: 'það verður ekki vitað hvenær hefndum er (að fullu) lokið' – þar til verða menn aldrei öruggir. **7** *bráðfengur þykir brullaups frami*: 'auðvelt er að öðlast upphefð af brúðkaupi' – en hvað mun svo verða? Til er málshátturinn *stuttur er brullaups frami*. **8** *brigða lengi er hver hinn sami*: 'mjög lengi (þ.e. kannski 'ætíð') er hver og einn sjálfum sér líkur'. *brigða* er ef.fl.t. af *brigð*: 'svíksemi'. Stendur hér sem eins konar áhersluforliður í herðandi merkingu, sbr. t.d. *brigða mikill*: 'mjög mikill', *brigða skjótt*: 'mjög skjótt'. Málshátturinn *verður hver með sjálfum sér lengst að fara*, sem fyrir kemur í *Gísla sögu Súrssonar* (14. kap.) og víðar, minnir nokkuð á þessi orð.

## 19

Lýtin þykja skammæ skarar.  
Skrautligt köllum vér nafnið farar.  
Trautt kalla eg þann valda er varar.  
Verða menn þeir er uppi fjarar.  
Ógift verður í umbúð skjót.  
Élin þykja mörgum ljót.  
Engi of sér við öllum rokum.  
Jafnan spyrja menn að lokum.

**1** *lýtin þykja skammæ skarar*: 'skjótt vex hár á ný þótt skoríð hafi verið til lýta'. Eðlileg orðaröð í þessum málshætti væri væntanlega: skammæ eru skarar lýtin. *skör*: '(skoríð) höfuðhár karlmanns'. Skylt so. *skera*. Til er í síðari alda máli málshátturinn: *skjót eru skæra lýtin*. **2** *skrautligt köllum vér nafnið farar*: dálítið sér-

kennilegt vísuorð. Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson<sup>64</sup> telja báðir að þetta merki nánast: 'það er skemmtilegt að ferðast'. Flagðkonan Brana gaf Hálfðani í *Hálfðanar sögu Brönufóstra* (8. kap.) dreka góðan. Sá hét *Skrauti*. Í 70. vísu í „Háttatali“ Snorra kemur fyrir orðið *skrautför*. Hér er greinilega stutt á milli en samt er ekki fyllilega ljóst hvernig skilja ber. **3** *trautt kalla eg þann valda er varar*: 'sá sem varar við veldur eigi'. Þessi málsháttur kemur t.d. fyrir í 41. kap. *Brennu-Njáls sögu* og víðar *veldur-at sá, er varar*. **4** *verða menn þeir er uppi fjarar*: Finnur Jónsson<sup>65</sup> skýrir þannig: 'som ved ebbetid bliver stående på det tørre (om mænd, som lader sig uagtsomt overrumple)'. Hugo Gering<sup>66</sup> skýrir með svipuðum hætti: 'es gibt leute, die sich zur zeit der ebbe zu lange auf dem strande aufhalten (und von der zurückerkehrenden flut überrascht

<sup>64</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860:191) og Finnur Jónsson (1931:512).

<sup>65</sup> Finnur Jónsson (1931:135).

<sup>66</sup> Gering (1916:18).

werden)’. Bjarni Vilhjálmsson<sup>67</sup> skýrir *verða* sem ‘deyja, farast’. Skýring Finns virðist eðlilegust. **5** *ógift verður í umbúð skjót*: ‘ógæfan er skjót í undirbúningi (þarf ekki langan aðdraganda)’. *ógift*: ‘ógæfa’. *umbúð*: ‘tilhögun, undirbúningur’. Nafnorðið er myndað af að *búast um* í merkingunni ‘að gera ráðstafanir, undirbúa e-ð’. Orðið kemur til dæmis fyrir í 77. kap. *Brennu-Njáls sögu* þar sem Mördur veitir tæknilega ráðgjöf þegar menn búast til að vinda ræfrið af skála Gunnars: „Þeir tóku strengina ok veittu þessa umbúð alla.“ Til er málshátturinn *ekki eru slysin lengi til að vilja* og er hugsunin áþekkt. Í safni Guðmundar Jónssonar<sup>68</sup> er enn fremur að finna málshátt sem minnir mjög á okkar orðskvið *ógipt segir: eptir hvörju skal eg biða*. **6** *élin þykja mörgum ljót*: auðskilið. *él*: eðlilegast er að skilja orðið í hinni eiginlegu merkingu – ‘skammvinn snjócoma, stutt haghríð’ – en má þó ef til vill einnig skilja í yfirfærðri merkingu sem ‘skammvinnur bardagi’, sbr. orð Sighvats Sturlusonar þegar hann spaugar við son sinn, Sturlu, um bardagann í Bæ: „Skammt hefur það él verið.“<sup>69</sup> **7** *engi of sér við öllum rokam*: sbr. t.d. málsháttinn *eigi má við öllu sjá* sem fyrir kemur í 52. kap. í *Grettis sögu* og víðar. *roka*: er hér í venjulegri merkingu: ‘vindhviða’. **8** *jafnan spyrja menn að lokum*: ‘menn spyrja alltaf um niðurstöðu (málsins) eða endalokin’. Þessi málsháttur kemur allvíða fyrir, t.d. í „Hugsvinnsmálum“, 93. vísu: „Upp at hefja / samir þér eigi vel / meiri iðn an megir; / algört verk / dugir þás unnit es: / æ spyrir lýðr at lokum.“

## 20

Ástblindir eru seggir svá,  
sumir að þykja mjög fás gá,  
– þannig verður um mansöng mælt –  
marga hefir það hyggna tælt.

Ekki varð-at forðum farald,  
Finnan gat þó ærðan Harald,  
honum þótti sólbjört sú.  
Slíks dæmi verður mörgum nú.

máls.“ **3** *þannig verður um mansöng mælt*: ‘þannig er komist að orði í mansöngnum’. Trúlega er skáldið með þessum orðum að vísa til stefnsins í drápunni þar sem segir frá því hvernig ástin lék Harald konung. **4** *marga hefir það hyggna tælt*: ‘margir vitrir menn hafa látið blekkjast af því?.

**1–2** *ástblindir eru seggir svá / sumir að þykja mjög fás gá*: ‘sumir menn eru svo blindaðir af ást að þeir gæta einskis’. *að gá e-s*: ‘að gæta e-s’. Þetta orðalag er notað með líkum hætti og í svipuðu samhengi í 114. vísu í „Loddfáfnismálum“: „Hún [þ.e. hin fjölkunnuga kona] svá görir / að þú gáur eigi / þings né þjóðans

<sup>67</sup> *Íslenskir málshættir* (1966:86).

<sup>68</sup> Guðmundur Jónsson (1830:248).

<sup>69</sup> *Sturlunga I* (1988:393).

## 21

Yndið láta engir falt.  
 Alloft verður í hreggi svalt.  
 Andaðs drjúpa minjar mest.  
 Magran skyldi kaupa hest.  
 Ærið þykir viðkvæm vá.  
 Vinfengin eru misjöfn þá.  
 Fasthaldur varð á Fenri lagður,  
 fíkjum var hann mér rammligur sagður.

**1** *yndið láta engir falt:* ‘enginn vill láta hamingju sína fala’ eða ef til vill eins og Möbius<sup>70</sup> skýrir: ‘zufriedenheit ist nicht für geld zu haben’, þ.e. hamingjan verður ekki keypt með fé. **2** *alloft verður í hreggi svalt:* auðskilið. *hregg:* er hér í hinni venjulegu

merkingu: ‘snjócoma, slydda’. **3** *andaðs drjúpa minjar mest:* býsna óljóst vísuorð. Í handritinu stendur *drjúpa* en Konráð Gíslason<sup>71</sup> breytti því í *drípa*: ‘lúta höfði, vera hryggur’. Konráð hyggur að hugsunin sé þessi: ‘Minder om en kær person, der, skönt i live, dog er fjernet fra os på en eller anden måde, men fremfor alt minder om en elsket afdød, (*drípa*, d.e.) synes selv at sørge, i det de fylde den forlades sjæl med vemod’. Konráð minnir einnig á vísu Hallsteins Þengilssonar sem hann kvað „þá er hann sigldi af hafi og frá andlát föður síns: Drúpir Höfði, / dauðr es Þengill, / hlæja hlíðir / við Hallsteini.“<sup>72</sup> **4** *magran skyldi kaupa hest:* þetta máltæki kemur líka fyrir í 83. vísu „Hávamála“ *magran mar kaupa*. Yfirleitt hefur þetta verið skýrt þannig að hesturinn væri ódýrari magur en síðan mætti fita hann eftir kaupin heima á búinu. **5** *ærið þykir viðkvæm vá:* ‘hætta (skyndileg) er einkar viðsjárverð’. Orðið *vá* er einkum haft um yfirþyrmandi, óvænta hættu, sbr. til dæmis orðalagið um dauða Baldurs í 33. vísu „Völuspár“: *vá Valhallar*. **6** *vinfengin eru misjöfn þá:* ‘vinátta reynist (þá) mistraust’. **7–8** *fasthaldur varð á Fenri lagður / fíkjum var hann mér rammligur sagður:* ‘fjöturinn (þ.e. Gleipnir) var lagður á Fenrisúlfr, sá var mér sagður feiknasterkur’. *fasthaldur:* eiginlega ‘sá sem heldur e-u föstu’. Orðið kemur einnig fyrir í *Snorra-Eddu* sem nafn á einhvers konar nagla.<sup>73</sup> Þetta er eitt dæmi af allmörgum sem virðast sýna að skyldleiki sé með „Málsháttakvæðinu“ og *Snorra-Eddu*. *fíkjum:* ‘ákaflega’, skylt *fíkin*, *fíkn* og fleiri orðum af þeirri rót. Orðið er notað hér sem áhersluorð með lo. og eru fleiri dæmi um slíkt: *fíkjum grimmur:* ‘ákaflega grimmur’.

<sup>70</sup> Möbius (1873:36).

<sup>71</sup> Konráð Gíslason (1897:141).

<sup>72</sup> *Íslensk fornrit* I (1968:272).

<sup>73</sup> *Edda Snorra Sturlusonar* II b. (1852:494).

## 22

Grandvar skyldi hinn góði maður.  
Gizur varð að rógi saður,  
etja vildi hann jöfrum saman.  
Ekki er mér að stúru gaman.  
Kunna vilda eg sjá við snörum.  
Sjaldan hygg eg að gyggi vörum.  
Vel hefir hinn er situr of sitt –  
svartfleckótt er kvæði mitt.

**1** *grandvar skyldi hinn góði maður*: allmargir málshættir eru til sem láta í ljós svipaða hugsun *sá skal grand* (þ.e. ‘tjón, mein’) *varast sem góður þykist*. **2** *Gizur varð að rógi saður*: ‘Gizur (hér Óðinn) varð ber að illmæli’. Nafnið *Gizur* er þekkt sem eitt hinna fjölmörgu heita Óðins. Það kemur t.d. fyrir í þulum *Snorra-Eddu*<sup>74</sup> og Sturla Þórðarson yrkir vísu þar sem

Gizur Þorvaldsson er kallaður Óðinn.<sup>75</sup> *sað(u)r*: gömul víxlmynd við ‘sannur’. **3** *etja vildi hann jöfrum saman*: ‘hann (þ.e. Óðinn) vildi etja konungum saman’. Þessi tvö síðustu vísuorð minna á orð Dags í 34. vísu í „Helgakviðu Hundingsbana II“ þegar systir hans, Sigrún, biður honum bölbæna: „Ær ertu, systir, / og örviða / er þú bræður þínum / biður forskapa. / Einn veldur Óðinn / öllu bölví, / því að með sífjungum / sakrúnar bar.“ **4** *ekki er mér að stúru gaman*: ‘ekki þykir mér gaman að ófriði’. *stúra*: ‘hryggð; mótlæti’, hér þó líklega fremur ‘ófriður’. **5** *kunna vilda eg sjá við snörum*: ‘ég vildi geta séð við svikum (gildrum)’. Til er málshátturinn *ekki er hægt* (þ.e. auðvelt) *við svikum að sjá*<sup>76</sup> sem felur í sér svipaða hugsun. **6** *sjaldan hygg eg að gyggi vörum*: ‘sjaldan hygg ég að hinn varkári geri skyssu’. Í 6. vísu „Hávamála“ er hliðstæður málsháttur *sjaldan verður víti vörum*. Sögnin að *gyggja* (eða *gyggva*) merkti ‘skelfa; mistakast’. Nú notum við eingöngu lh.pt., þ.e. *gugginn*. **7** *vel hefir hinn er situr of sitt*: sbr. t.d. málsháttinn *sá er sæll er sínu ann*. **8** *svartfleckótt er kvæði mitt*: skáldið talar í hálfkæringi um kvæði sitt og á sennilega við að það sé sundurleitt að efni.

## 23

Jafnan segir hinn ríkri ráð.  
Röskvir menn gefa örnum bráð.  
Upp að eins er ungum vegar.  
Engi maður er roskinn þegar.

**1** *jafnan segir hinn ríkri ráð*: ‘ætið er það hinn völdugri sem hlýtur að ráða’. Finnur Jónsson<sup>77</sup> telur að *segja ráð* merki einfaldlega ‘ráða’. Það er eflaust rétt þar sem til er

<sup>74</sup> *Edda Snorra Sturlusonar* II b (1852:472, 555).

<sup>75</sup> *Sturlunga* II (1988:750).

<sup>76</sup> Hallgrímur Scheving (1843:15).

<sup>77</sup> Finnur Jónsson (1914:181).

Falls er von að fornu tré.  
 Fleira þykir gott en sé.  
 Auðsénna er annars vamm.  
 Engi kemst yfir skapadægur fram.

*er roskinn þegar*: ‘enginn maður er fullþroska þegar í stað’. *roskinn* er hér í merkingunni ‘fullvaxinn, fullþroska’. **5** *falls er von að fornu tré*: kemur víðar fyrir, til dæmis í *Kjalnesinga sögu*, 6. kap. Málshátturinn er hér sennilega í upprunalegri mynd. **6** *fleira þykir gott en sé*: ‘fleira virðist gott en það sem svo er í raun og veru’. Lík hugsun og í hinu alkunna *ekki er allt gull sem glóir*. **7** *auðsénna er annars vamm*: ‘auðveldara er að sjá annarra manna galla’ (en manns eigin). *vamm*: ‘galli, ljóður’. Til eru allmörg áþekk máltæki, til dæmis *sjá þú mín lyti en aldrei þín*. **8** *engi kemst yfir skapadægur fram*: ‘enginn lifir fram yfir dánardægur sitt’ (sem ákveðið hefur verið af örlögunum). Málshátturinn kemur fyrir í 24. kap. *Vatnsdælu* og víðar: „Hún [þ.e. Ljót] kvað engan komast yfir skapadægur sitt, kvað Ingimund hafa lengi aldurs notið.“

málshátturinn *rikari verður* (*hlýtur*) að ráða. **3** *upþ að eins er ungum vegar*: ‘leið hins unga manns liggur eingöngu upp á við’. *vegar* er ef.et. og er aukafallsliður, sbr. t.d. *fara villur vegar*. **4** *engi maður*

## 24

Engi knettir um annars mein.  
 Aldri læt eg að munni sein.  
 Heimi heyrri eg sagt að snúi,  
 sumir einir hygg eg að mér trúi.  
 Erfitt verður þeim er illa kann.  
 Engan þarf að hjúfra mann.  
 Þannig hefir mér lagst í lund –  
 langviðrum skal eyða grund.

**1** *engi knettir um annars mein*: ‘enginn barmar sér yfir meinsemdum annars (manns)’. Sögnina að *knetta* merkti ‘að kvarta, barma sér’. **2** *aldri læt eg að munni sein*: ‘aldrei læt ég munn (mínn) fara sér hægt’. *sein* er hér no., myndað af lo. *seinn* og merkir ‘frestun’. Svo skýrir Finnur Jónsson<sup>78</sup> og tekur þannig saman: *aldrei læt eg sein að munni*.

**3** *heimi heyrri eg sagt að snúi*: Guðbrandur Vigfússon<sup>79</sup> þýðir þessa braglínu svo: ‘the world, they say, is always turning’. Aðrir skýra með svipuðum hætti. Sögnin að *snúa* er hér ópersónuleg. **5** *erfitt verður þeim er illa kann*: ‘erfitt verður (lífið) þeim sem lítið kann (fyrir sér eða til verka)’. **6** *engan þarf að hjúfra mann*: ‘man behøver ikke at begræde nogen’, þannig þýðir Finnur Jónsson<sup>80</sup> þessa braglínu. Sögnin að *hjúfra* kemur fyrir í eddukvæðum (Guðrúnarkviðu inni

<sup>78</sup> Finnur Jónsson (1931:487).

<sup>79</sup> *Corpus poeticum boreale* II (1883:367, 368, meðanmáls).

<sup>80</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:144).

fyrstu, 1. vísu) í merkingunni ‘gráta, barma sér’. Ekki er auðvelt að finna hliðstæðu við þennan málshátt en hér kann að vera á ferð sú kristilega hugsun að dauðinn sé í raun kærkominn og upphaf betra hlutskiptis. **7** Þannig hefir mér lagt í lund: eins konar innskot til fyllingar, stendur líklega með næstu braglínu á eftir: ‘ég er þeirrar skoðunar’. **8** langviðrum skal eyða grund: ‘langvarandi ótíð getur lagt landið í auðn’. Í safni Guðmundar Jónssonar<sup>81</sup> er þessi málsháttur af langviðrum og lagaleysi mun land vort eyðast.

## 25

Sjaldan hittist feigs vök frörin.  
 Fljóðin verða að öldrum kjörin.  
 Lengi hefir það lýst fyri mér:  
 lítinn kost á margur und sér.  
 Sagt er frá hve neflaus narir.  
 Nú verður sumt það er manngi varir.  
 Væri betur að eg þegða þokks.  
 Það hefir hver er verður er loks.

**1** sjaldan hittist feigs vök frörin: þessi málsháttur er til í ýmsum myndum, til dæmis ekki frýs á feigs vök. frörinn: ‘freðinn, frosinn’, forn lh.þt. af so. frjósa. Í handritinu stendur „frerin“ en Jón Þorkelsson<sup>82</sup> taldi rétt að lesa frörin sem er eldri orðmynd enda fæst þá fullkomið rím. Hugmyndin um vök hins feiga kemur

víða fram í íslenskum bókmenntum allt fram á okkar daga. Kunn er vísa Indriða Þorkelssonar á Fjalli: „Eina þá er aldrei frýs / Úti á heljarvegi / Kringda römmum álmar-ís / Á sér vök hinn feigi.“ **2** fljóðin verða að öldrum kjörin: Finnur Jónsson<sup>83</sup> skýrir þessa braglínu þannig að að öldrum merki ‘eftir eða samkvæmt aldri’ en Möbius<sup>84</sup>, og fleiri raunar, skýra ‘man wählt sich sein mädchen am trinktisch’ og hlýtur það að teljast eðlilegra. Guðbrandur Vigfússon<sup>85</sup> skýrir svo: ‘ladies are chosen partners at merry-makings’. öldur merkir þá í þessu sambandi ‘drykkjuveisla, öldrykkja’. Þetta væri áþekkt orðalag og í 13. vísu „Hávamála“: „Óminnishegri heitir / sá er yfir öldrum þrumir.“ Guðbrandur bendir einnig á fornar frásagnir (*Egils saga*, kap. 7, og *Ynglinga saga*, kap. 37) þar sem sagt er frá því að karl og kona drekka saman svokallaðan *tvímening* og ástir takast síðan með þeim. Sveinbjörn Egilsson<sup>86</sup> þýðir *at öldrum* ‘inter potandum, in symposio’, þ.e. ‘við drykkju’. *kjörinn*: ‘kosinn’, lh.þt. af so. *kjósa*. **3** lengi hefir það lýst fyri mér: ‘lengi hefur mér verið það

<sup>81</sup> Guðmundur Jónsson (1830:24).

<sup>82</sup> Jón Þorkelsson (1873:síða án blaðsíðutals, næst á undan 141).

<sup>83</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:144) og Finnur Jónsson (1931:6).

<sup>84</sup> Möbius (1873:39).

<sup>85</sup> *Corpus poeticum boreale* II (1883:368, neðanmáls).

<sup>86</sup> Sveinbjörn Egilsson (1860:620).

ljóst, átt er við efni næstu braglínu. **4** *lítinn kost á margur und sér*: 'liden magt har mangel en', þannig þýðir Finnur Jónsson.<sup>87</sup> *kostur virðist merkja hér 'úrræði'*. **5** *sagt er frá hve neflaus narir*: 'þess er getið að hinn neflaus lifir ömurlegu lífi'. *neflaus*: kannski er átt við örkuclamenn almennt en Möbius<sup>88</sup> bendir á að hugsanlega sé átt við þá sem ekki eiga *nefa*, þ.e. ættingja. Orðið *nefi* kemur alloft fyrir í fornu máli í þeirri merkingu. Það mun vera skylt latneska orðinu *nepos*, þ.e. 'dóttur- eða sonarsonur'. Þá væri um skylda hugmynd að ræða og þá sem fram kemur í 72. vísu „Hávamála“: „Sonur er betri / þótt sé síð of alinn / eftir genginn guma. / Sjaldan bautarsteinar / standa brautu nær / nema reisi niður að nið.“ *nara*: 'tóra, hjara'. **6** *nú verður sumt það er manngi varir*: 'nú getur ýmislegt átt sér stað sem enginn hefur gert ráð fyrir'. Svipaðir málshættir koma víða fyrir, t.d. í *Orkneyinga sögu*, 30. kap. *margan hendir það er minnst varir*. *vara* er hér ópersónuleg: 'gruna, hafa hugboð um'. **7** *væri betur að eg þegða þokks*: 'það væri til muna betra að ég þegði'. *þokks* er ef. af *þokkur*: 'hugur'. *þokks* er hér notað með miðstigi til áherslu. *þokks betur*: 'allmiklu betur'. **8** *það hefir hver er verður er loks*: 'að lokum uppskera menn eins og til var sáð'.

## 26

Þrýtur-a þann er verr hefir valt.  
Verða kann á ýmsa halt.  
Misjafnir eru blinda manns bitar.  
Bölið köllum vér illt til litar.  
Eik hefir það er af öðrum skefur.  
Ekki mart er slægra en refur.  
Jafnan verður að áflóð stakar.  
Auðfengnar eru gelti sakar.

**1** *þrýtur-a þann er verr hefir valt*: Möbius<sup>89</sup> þýðir þannig á latínu: 'sero defatigari eum qui in pejore causa sit', þ.e. 'seint er að þreyta þann sem hefur verri málstað'. Málshátturinn kemur fyrir í lítt breyttri mynd í 125. kap. í *Sverris sögu*: *seint þrýtur þann er verr hefir*. *er verr hefir*: 'sem hefur verri málstað'. Orðið *valt* veldur nokkrum vand-

kvæðum en Finnur Jónsson<sup>90</sup> telur að um sé að ræða atviksorð sem merki 'ávallt'. Orðið kemur sjaldan fyrir í þessari merkingu og orðaröðin er ekki vel þjál þar sem neitun fylgir sögninni fremst í setningunni. Jón Þorkelsson<sup>91</sup> taldi að um væri að ræða lh. þt. af so. *velja* og *velja verr* væri þá að 'taka upp hið verra ráð, hafa verri málstað' og hljómar það mun betur.

<sup>87</sup> Finnur Jónsson (1931:346).

<sup>88</sup> Möbius (1873:39).

<sup>89</sup> Möbius (1873:40).

<sup>90</sup> Finnur Jónsson (1914:100).

<sup>91</sup> Jón Þorkelsson (1873:141).

**2** *verða kann á ýmsa halt*: ‘menn bíða lægri hlut á víxl’. Konráð Gíslason<sup>92</sup> bendir á að merking þessara orða sé svipuð og í setningunni „ýmsir eiga högg í garði“ sem fyrir kemur í 38. kap. í *Brennu-Njáls sögu*. **4** *bölið köllum vér illt til litar*: ‘ógæfan færir mönnum ekki fallett litaraft’. Möbius<sup>93</sup> bendir til samanburðar á vísu Hallbjarnar Oddssonar<sup>94</sup> þar sem segir: „böli gerir mig fölvana.“ *litur* merkir hér ‘útlit, yfirbragð’. **5** *eik hefir það er af öðrum skefur*: þessi málsháttur er torskýrður. Hann kemur fyrir í 22. vísu í „Hárbarðsljóðum“ og 21. kap. *Grettis sögu*. Í báðum tilvikum er um beinan eða óbeinan mann-jöfnuð að ræða. Í „Hárbarðsljóðum“ hælíst Óðinn um og segist hafa farið illa með jötuninn Hlébarð sem hafði gefið honum gambantein og einnig hafi hann haft í frammi „miklar manvélar við myrkriður“. Þór svarar og segir að Óðinn hafi þá launað góðar gjafir „illum huga“. Þá kveður Hárbarður (Óðinn): „Það hefir eik / er af annarri skefur, / um sig er hver í slíku.“ Grettir lendir í deilum í Noregi við mann sem Björn heitir. Híðbjörn gerir mönnum óskunda og þeir Grettir og Björn metast um hvor muni geta banað birninum. Grettir vinnur vitaskuld björninn en áður hefur Björn gert Gretti svívirðing og kastað kápu hans inn í bæli bjarnarins. Þorkell, bóndinn á bænum, vill setta þá kumpána og býður Gretti fé „og séuð þið sáttr.“ Síðan segir í sögunni: „Björn kvað hann verja mega betur fé sínu en bæta fyrir þetta: „Þykir mér það ráð að hér hafi eik það er af annarri skefur er við Grettir eigumst við.“ Grettir kvað sér það allvel líka.“<sup>95</sup> Tildrögin eru keimlík og af samhengi er nokkuð ljóst að átt er við að best sé að hver hugsí um sig. Enginn er annars bróðir í leik, virðist Óðinn segja en Björn vill greinilega ekkert með Gretti hafa og vill að hver éti sitt eins og stundum er sagt. Yfirleitt hafa menn þó skýrt eins og Finnur Jónsson<sup>96</sup> gerir: ‘egen (den ene eg) får hvad der skræbes af den anden’, hvad den ene mister, kommer den anden tilgode. Greinilega er fólgin líking í málshættinum en ekki er ljóst á hverju hún er byggð. Sjá hér annars nánari umfjöllun í nýlegri útgáfu *Grettis sögu*.<sup>97</sup> **7** *jafnan verður að áflóð stakar*: hér hafa menn leiðrétt *áflóð* í *árflóð*. Merkingin yrði þá: ‘jafnan verður það að árflóðin ryðja einhverju um koll’. **8** *auðfengnar eru gelti sakar*: ‘auðvelt er að gefa geltinum eitthvað að sök’ (til þess að hægt sé að slátra honum). Til eru sambærileg máltæki í safni Guðmundar Jónssonar<sup>98</sup> *feitr göltur fær vel sök og feitr uxi hefir fulla sök*.

<sup>92</sup> Konráð Gíslason (1897:142).

<sup>93</sup> Möbius (1873:40).

<sup>94</sup> *Íslensk fornrit* I (1968:193).

<sup>95</sup> *Íslensk fornrit* VII (1936:78).

<sup>96</sup> Finnur Jónsson (1914:78).

<sup>97</sup> *Grettis saga* (1994:274–275).

<sup>98</sup> Guðmundur Jónsson (1830:105).



## 27

Gullormur á sér brennheitt ból.  
 Bjartast skín í heiði sól.  
 Undrum þykir gagnsætt gler.  
 Glymjandi fellur hrönn of sker.  
 Allar girnast ár í sjá.  
 Ekki er manni verra en þrá.  
 Fýsa mun eg hins fyrra vara.  
 Flestur mun sig til nokkurs spara.

Möbius<sup>99</sup> bendir til samanburðar á 95. vísu „Hávamála“: „Hugur einn það veit / er býr hjarta nær, / einn er hann sér um sefa. / Öng er sótt verri / hveim snotrum manni / en sér öngu að una.“ *ekki* er hér óákveðið fornafn, þ.e. ‘ekkert’. **7** *fýsa mun eg hins fyrra vara*: ‘ég legg til að gætni sé viðhöfð í upphafi’. Svipað orðalag er að finna í 40. kap. *Vatnsdæla sögu*: „[...] vil eg eigi að hann sé hjá þér því að mér segir illa hugur um hann en mér þykir betri hinn fyrri varinn.“<sup>100</sup> *hinn fyrri vari* breytist síðar í ‘fyrirvari’. **8** *flestur mun sig til nokkurs spara*: ‘flestir munu ætla sér af’, þ.e. enginn leggur sig alltaf allan fram.

**1** *Gullormur á sér brennheitt ból*: með orðinu *gullormur* virðist einfaldlega átt við ‘orm sem liggur á gulli’. **3** *undrum þykir gagnsætt gler*: ‘gler er með eindæmum gagnsætt’. *undrum* (þgf. flt. af no. *undur*) er notað hér sem áhersluorð. Bein orðaröð væri: *gler þykir undrum* (afar) *gagnsætt*. **6** *ekki er manni verra en þrá*:

## 28

Geta má þess er gengið hefur.  
 Gerir sá betur er annan svefur.  
 Veitk-at eg víst hvað verða kann.  
 Villa er dælst of heimskan mann.  
 Fláráðum má síst of trúa.  
 Til sín skyldi hinu betra snúa.  
 Hugga skal þann er harm hefir beðið.  
 Helsti mjög er að flestu kveðið.

slysin með.“ Grettir svarar: „Þess verðr þó getit sem gort er.“<sup>101</sup> **2** *gerir sá betur er annan svefur*: ‘sá gerir vel sem sefar annan (mann)’. *svefja*: ‘svæfa, sefa, stilla’.

**1** *geta má þess er gengið hefur*: ‘um hið liðna mega (og munu) menn ræða’. Ef til vill liggur lík hugsun að baki og hjá Gretti þegar þeir bræður, hann og Þorsteinn drómundur, ræðast við eftir að Grettir hefur unnið berserkinn Snækoll. „Þorsteinn mælti: „Slyngt yrði þér um mart, frændi, ef eigi fylgði

<sup>99</sup> Möbius (1873:40).

<sup>100</sup> *Íslendinga sögur og þættir*. Þriðja bindi. (1987:1893).

<sup>101</sup> *Íslensk fornrit VII* (1936:137).

**3** *veitk-at*: ‘ég veit ekki’. Minnir mjög á hið alkunna ‘margt fer öðruvísi en ætlað er’. **4** *villa er dælt of heimskan mann*: ‘auðveldast er að blekkja heimskan mann’. Finnur Jónsson<sup>102</sup> bendir á hliðstæðan málshátt *vandséð er heimskum að sjá við brögðum. dæll*: ‘auðveldur’. Bein orðaröð væri: *dælt er (að) villa heimskan mann*. **5** *fláráðum má síst of trúa*: ‘hinum svikula (manni) skyldi maður síst af öllu treysta’. Í handritinu stendur *má síst* en Jón Sigurðsson breytti því í *má trautt* og lagfærði þannig stuðlasetninguna. **6** *til sín skyldi hinu betra snúa*: ‘velja ber hinn besta kost’, undanskilið virðist vera að fara skuli ætíð þá leið sem best er hverju sinni, hvernig sem málinu er annars farið. **8** *helsti mjög er að flestu kvæðið*: Finnur Jónsson<sup>103</sup> þýðir þessa braglínu svo: ‘temlig stærke skæbnebestemmelser er der i alt’. Möbius<sup>104</sup> og Guðbrandur Vigfússon<sup>105</sup> skilja vísuorðið þannig að það merki ‘fullmikið er rætt um flest’ og þá á neikvæðan hátt og ýktan. *kvæða að*: sennilega er merkingin sú sem Finnur hallast að: ‘mikið kvæður að e-u’ eða ‘e-ð er afdrifaríkt eða hefur miklar afleiðingar’.

## 29

Orða er leitað mér í munn.  
Mælgín verður oss heyrinkunn.  
Yggjar bjór hver eiga myni,  
ósýnt þykir lýða kyni:  
Eyvit mun sjá atfrétt stöða,  
allmjög erum vér lynd til hroða.  
Þeygi var sjá aflausn ill,  
eiga skal nú hver er vill.

Komið er að kvæðislokum. **3** *Yggjar bjór hver eiga myni*, þ.e. ‘hver hafi sett þennan skáldskap saman’. *Yggur* er gamalt Óðinsheiti, myndað af *uggur*. *Yggjar bjór* er því ‘skáldamjöldurinn’ eða ‘kvæði’. Í handritinu stendur „bjórs“ og hafa menn yfirleitt breytt því í þf. **5** *eyvit mun sjá atfrétt stöða* en ‘sú eftirgrennslan mun engan árangur bera’. **6** *allmjög erum vér lynd til*

*hroða*: ‘mér er býsna tamt að vera hroðyrstur’. **7** *þeygi var sjá aflausn ill*: ‘þetta var ekki illa af hendi leyst’. Skáldið á hér líklega við kvæðið í heild. Að öðrum kosti er hann að svara því hver ort hafi kvæðið. **8** *eiga skal nú hver er vill*: getur átt við að menn megi læra kvæðið og njóta þess eða eins og Finnur Jónsson<sup>106</sup> og fleiri segja: ‘nu kan hver, der vil, eje det (erklære sig for digteren)’. **1–2** Fyrstu tvær braglínurnar ættu þá að lúta að því efni, þ.e. hver hafi ort kvæðið. *orða er leitað mér í munn / mælgín verður oss heyrinkunn*: ‘ég heyrir hvað fólk er að tala um, það leitar eftir svári hjá mér’ eða eitthvað í þeim

<sup>102</sup> Finnur Jónsson (1914:94).

<sup>103</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:145).

<sup>104</sup> Möbius (1873:41).

<sup>105</sup> *Corpus poeticum boreale* II (1883:368, neðanmáls).

<sup>106</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:145).

dúr. Anne Holtsmark,<sup>107</sup> og fleiri raunar, skilja þetta erindi þannig að skáldið kjósi að dylja nafn sitt. Sá skilningur virðist ekki fjarri lagi.

## 30

Stjórnlausu hef eg slungið saman, Lokaerindið er mjög skert eins  
svo vilda eg ..... og sjá má en það litla brot, sem  
þó er varðveitt, hæfir skáldinu  
vel: **1** *stjórnlausu hef eg slungið*

*saman*: minnir á orð í 90. vísu „Hávamála“: „eða [sem] í byr óðum / beiti stjórnlausu.“ Skáldið lætur eins og kvæðið sé án nokkurrar sýnilegrar reglufestu og efni þess sé nánast slengt saman af hendingu. **2** Hér lýkur kvæðinu í handritinu. Finnur Jónsson<sup>108</sup> bætir við: „/ mér hitta gaman /.“

## HEIMILDIR

*Apokryfar bækur Gamla testamentisins*. 1994. Þýðandi: Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson í samvinnu við Jón Sveinbjörnsson prófessor og dr. Guðrúnu Kvaran orðabókarritstjóra. Hið íslenska Bibliúfélag, Reykjavík.

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.

Bjarni Einarsson. 1961. *Skáldasögur*. Menningarsjóður, Reykjavík.

Björn M. Ólsen. 1915. „Til Eddakvadene.“ *Arkiv for nordisk filologi* XXXI. Ny följd. XXVII:52–95.

Bugge, Sophus. 1875. „Biskop Bjarne Kolbeinsson og Snorres Edda.“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie*:209–246. I commission i den Gyldendalske Boghandel, Kjøbenhavn.

*Carmina Medii Aevi Posterioris Latina. Proverbia sententiaeque Latinitatis medii aevi* I–II. 1969. Unter Benutzung der Vorarbeiten Alfons Hilka bearbeitet von Hans Walther. Vandenhoeck & Ruprecht, Göttingen.

*Carmina Norræna* I–II 1886–1889. Edidit Theodorus Wisén. [Án forlags.] Lundæ.

Cederschiöld, Gustaf. 1882. „Allra kapp kvæði.“ *Arkiv for nordisk filologi* I:62–80.

<sup>107</sup> Holtsmark (1937:12).

<sup>108</sup> *Den norsk-islandske skjaldedigtning* B II (1915:145).

- Christiansen, Reidar Th. 1924. „Bidrag til spørgsmaalet om berøringen mellem keltisk og nordisk tradition.“ *Maal og minne*:49–64.
- Christiansen, Reidar Th. 1931. *The Vikings and the Viking Wars in Irish and Gaelic Tradition*. (Skrifter Utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II. Hist.-Filos. Klasse 1930. No. I.) Dybwad, Oslo.
- Corpus poeticum boreale* II 1883. Edited by Guðbrand Vigfússon and F. York Powell. Clarendon Press, Oxford.
- Den norsk-islandske skjaldedigtning*. 1912/1915. Udgiven af Kommissionen for det Arnamagnæanske Legat ved Finnur Jónsson. Tvö bindi. IA-IIA (tekst efter håndskrifterne) og IB-IIB (rettet tekst). Gyldendalske Boghandel – Nordisk forlag, København og Kristiania 1912–15. Endurprentað í København 1967(A) og 1973(B).
- Den norsk-isländska skaldediktningen*. 1946–1949. Reviderad av Ernst A. Kock. C. W. K. Gleerup, Lund.
- Edda Sæmundar hins fróða. EDDA rhythmica seu antiquior vulgo SÆMUND-INA dicta. Pars III*. 1828. Sumtibus Legati Arnæmagnæani et Librariæ Gyldendalianæ, Hafniæ.
- Eddukvæði*. 1998. Gísli Sigurðsson sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1937. *Sagnaritun Oddaverja*. (Studia Islandica I.) Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Einar Ól. Sveinsson. 1962. *Íslenzkar bókmenntir í fornöld*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Eiríkur Magnússon. 1888. „Anmærkninger til I, 'Fornyrðadrápa' og til II, 'Islandsk ordsprogsamling' Kbhvn, 1886.“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* II. Række. 3. Bind:321–348. I commission i den Gyldendalske Boghandel, Kjøbenhavn.
- Elucidarius in Old Norse Translation*. 1989. Edited by Evelyn Scherabon Firchow and Kaaren Grimstad. Rit nr. 36. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.
- Falk, Hjalmar. 1922. „Hávamál strofe 74.“ *Maal og minne*:173–175.
- Finnur Jónsson. 1889. „Málsháttakvæði eller Fornyrðadrápa efter cod. reg. 2367, 4to.“ *Småstykker 1–16. Nr. 12*. [Án forlags.] København.
- Finnur Jónsson. 1890. „Fornyrðadrápa (Málsháttakvæði).“ *Aarbøger for nordisk Oldkyndighed og Historie* II. Række, 5. Bind:253–266. I commission i den Gyldendalske Boghandel, Kjøbenhavn.
- Finnur Jónsson. 1914. „Oldislandske ordsprog og talemåder.“ *Arkiv for nordisk filologi*. XXX. Ny följd. XXVI:61–111, 170–217.
- Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum antiquæ linguæ septentrionalis. Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. Oprindeligt forfattet af Sveinbjörn Egilsson [1860]. Forøget og påny udgivet for Det kongelige nordiske

- oldskriftselskab. 2. udgave. Fotografisk genoptryk 1966. Atlas Bogtryk, København.
- Flateyjarbók* I–IV. 1944–1945. Vilhjálmur Bjarnar, Finnbogi Guðmundsson og Sigurður Nordal gáfu út. Flateyjarútgáfan, Akranesi.
- Fornaldarsögur Norðurlanda* I–IV. 1950. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Frank, Roberta. 2003. „*Málsháttakvæði: A Norse Poem from Medieval Orkney.*“ *Scandinavia and Christian Europe in the Middle Ages*:147–154. Papers of the 12<sup>th</sup> International Saga Conference Bonn/Germany, 28<sup>th</sup> July–2<sup>nd</sup> August 2003. Edited by Rudolf Simek and Judith Meurer.
- Fritzner, Johan. 1973. 1. utgave 1867, Kristiania. *Ordbog over Det gamle norske Sprog* I–III. *Rettelser og tillegg* ved Finn Hødnebo. 4. utgave. Universitetsforlaget, Oslo – Bergen – Tromsø.
- Gammel norsk homíliebog* (Codex Arn. Magn. 619 qv.) 1864. Udgiven af C[arl] R. Unger. Brøgger & Christie, Christiania.
- Gering, Hugo. 1916. „Anord. sprichwörter.“ *Arkiv for nordisk filologi*. XXXII. Ny följd. XXVIII:1–31.
- Grettis saga*. 1994. Örnólfur Thorsson annaðist útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðbrandur Vigfússon. 1865. „On the Word *Rúnhenda* or *Rímhenda*, and the Introduction of Rhyme into Iceland.“ *Transactions of the Philological Society*. London.
- Guðbrandur Vigfússon. 1874/1957. *An Icelandic-English Dictionary*. Initiated by Richard Cleasby. Subsequently revised, enlarged and completed by Guðbrand Vigfússon, M.A. Second Edition with a Supplement by Sir William A. Craigie. Clarendon Press, Oxford.
- Guðmundur Jónsson. 1830. *Safn af íslenskum orðskviðum, fornællum, heilræðum, snilliyrðum, sannmælum og málsgreinum*, samanlesið og í stafrofsröð sett af Guðmundi Jónssyni. Útgefið að tilhlutan Hins íslenska bókmenta-félags. S. L. Møller, Kaupmannahöfn.
- Gudrun Lange. 1992 „Andleg ást.“ *Skírnir*, 166. ár, vor:85–110.
- Guðrún P. Helgadóttir og Jón Jóhannesson. 1962. *Skýringar við Sýnisbók íslenskra bókmennta*. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar H.F., Reykjavík.
- Gyðinga saga*. 1881. En Bearbejdelse fra Midten af det 13. Årh., ved Brandr Jónsson. Efter Håndskrifter udgiven av Guðmundur Þorláksson. S. L. Møllers Bogtrykkeri, København.
- Halldór Halldórsson. 1968. *Íslenskt orðtakasafn* I–II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Halldór Hermannsson. 1932. *Samund Sigfússon and the Oddaverjar*.

- (Islandica XXII). Cornell University Library, Ithaca, New York.
- Hallgrímur Scheving. 1843/1847. „Íslenskir málshættir safnaðir, útvaldir og í stafrófsröð færðir af Skólakennara Dr. H. Scheving.“ *Bòðsrit Bessastaðaskóla/Reykjavíkurskóla*. Videyar Klaustri/Reykjavík.
- Hávamál*. 1986. Edited by Evans. David A.H. Viking Society for Northern Research, London.
- Hermann Pálsson. 1984. „A florilegium in Norse from medieval Orkney.“ *The Northern and Western isles in the viking world*:258–264. Edited by Alexander Fenton and Hermann Pálsson. J. Donald, Edinburgh.
- Hermann Pálsson. 1990. *Heimur Hávamála*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Heusler, Andreas. 1915–1916. „Sprichwörter in den eddischen Sittengedichten.“ *Zeitschrift des Vereins für Volkskunde in Berlin*. XXV, 1915. Heft 1 u. 2:108–115. XXVI, 1916. Heft 1:42–57. Berlin.
- Holtsmark, Anne. 1937. „Bjarne Kolbeinsson og hans forfatterskap.“ *Edda*, Bind XXXVII:1–17. I kommisjon hos H. Aschehoug & co., Oslo.
- Holtsmark, Anne. „Háttalykill, Jómsvíkingadrápa, Kjærlighetsdiktning, Málsháttakvæði.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*. Rosenkilde og Bagger, København.
- Hugsvinnsmál*. *Eine altisländische Übersetzung der Disticha Catonis*. 1907. Herausgegeben Gering, von Hugo. Kommissions-Verlag für die Universität Kiel, Lipsius & Tischer.
- Indriði Þórkelsson á Fjalli. 1939. *Baugabrot. Ljóðmæli*. [Án forlags.] Reykjavík.
- Íslendinga sögur og þættir* I–III. 1987. Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Íslensk orðabók*. 1983. Árni Böðvarsson ritstjóri. 2. útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. [Fyrst útg. 1963.]
- Íslenzk fornrit* I – og áfram. Hið íslenzka fornritafélag, Reykjavík. 1933 – og áfram.
- Íslenzkír málshættir*. 1966. Bjarni Vilhjálmsson og Óskar Halldórsson tóku saman. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslenzk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur málsins*. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Jón Þórkelsson. 1973. „Málsháttakvæði“ [ritdómur um útgáfu Th. Möbiusar frá 1873]. *Vikverji*, 29. dag nóvembermánaðar 1873, Reykjavík.
- Jónsbók. Kong Magnus Haknssons Lovbog for Island*. 1904. Udgivet efter

- haandskrifterne ved Ólafur Halldórsson. S. L. Møllers Bogtrykkeri, København.
- Kock, Ernst A. 1946–1949. *Den norsk-isländska skaldediktningen*. Andra bandet. Lund.
- Konráð Gíslason. 1897. „Et par bemærkninger angående det så kaldte „Málsháttakvæði“.“ *Efterladte Skrifter* II, bls. 134–143. Gyldendal, København.
- Lúdvík Kristjánsson. 1983. *Íslenzkir sjávarhættir* III. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Morkinskinna* 1867. Udgiven af C[arl] R. Unger. Det forr. B. M. Bentzen's bogtrykkeri, Christiania.
- Munnmælasögur 17. aldar*. 1955. Bjarni Einarsson bjó til prentunar. Íslenzk rit síðari alda. 6. bindi. H.F. Leiftur, Reykjavík.
- Möbius, Theodor. 1873. „Málsháttakvæði (Sprichwörtergedicht). Ein isländisches gedicht des XIII. Jahrhunderts.“ Separatabdruck aus der *Zeitschr. f. deutsche phil.* Ergänzungsband. Halle.
- Olsen, Magnus. 1932. „Orknø-norn og norrøn diktning på Orknøene.“ *Maal og minne*:137–153.
- Óláfs saga Tryggvasonar en mesta* I–III. 1958–2000. (Editiones Arnarnæ. Series A, I–III.) Udgivet af Ólafur Halldórsson. Ejnar Munksgaard/C. A. Reitzels forlag. København.
- Ólafur Halldórsson. 1969. „Snjófríðar drápa.“ *Afmælisrit Jóns Helgasonar*:147–159. Ritnefnd: Jakob Benediktsson o.fl. Heimskringla, Reykjavík.
- Ólafur Þórðarson. 1927. *Málhjóða- og málskrúðsrit. Grammatisk-retorisk afhandling*. Udgiven af Finnur Jónsson. (Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab. Historisk-filologiske Meddelelser XIII, 2.) Bianco Lunos bogtrykkeri, København.
- Sólarljóð*. 1991. Útgáfa og umfjöllun: Njörður P. Njarðvík. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Menningarsjóður, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1848–1887. *Edda Snorra Sturlusonar. Edda Snorronis Sturlæi* I–III b. Typis J. D. Qvist, Hafniae.
- Snorri Sturluson. 1931. *Snorra-Edda*. Útg. Finnur Jónsson. Gyldendalske Boghandel – Nordisk Forlag, København.
- Snorri Sturluson. 1954. *Edda Snorra Sturlusonar. Nafnaþulur og skáldatal*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnauðgáfan. Prentverk Odds Björnssonar h.f., Akureyri.
- Snorri Sturluson. 1975. *Snorra-Edda*. Árni Björnsson bjó til prentunar. Íðunn, Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1992. *Snorra-Edda*. Heimir Pálsson bjó til prentunar. Mál og menning, Reykjavík.

- Snorri Sturluson. 1999. *Edda – Háttatal*. Edited by Anthony Faulkes. Short Run Press Limited, Exeter, London.
- Storm, Gustav. 1886. „De norsk-islandske Bibeloversættelser fra 13de og 14de Aarhundrede og Biskop Brandr Jónsson.“ *Arkiv for nordisk filologi*. III:244–256.
- Sturlunga saga* I–III. 1988. Ritstjóri Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Sveinbjörn Egilsson. 1860. *Lexicon poëticum antiquæ linguæ septentrionalis*. Typis J. D. Qvist & Comp., Hafniæ.
- Sýnisbók íslenzkra bókmenna til miðrar átjándu aldar*. 1953. Sigurður Nordal, Guðrún P. Helgadóttir og Jón Jóhannesson settu saman. Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar H.F., Reykjavík.
- Vries, Jan de. 1967. *Altnordische Literaturgeschichte* II. Walter de Gruyter & co., Berlin.
- Vries, Jan de. 1977. *Altnordisches etymologisches Wörterbuch*. Zweite verbesserte Auflage. E. J. Brill, Leiden.



Krisín Jónsdóttir í Hlíð í Lóni

## Fjögur ljóð

### *Hringekja*

Hring eftir hring  
fer hugurinn einn  
í húminu dökkva.

Ferð hans laus  
við fögnuð og klökkva.

Héðan af  
er að hrökkva  
– eða stökkva.

### *Hvað*

Vandratað er  
þó ég veginn þekki.

Villur ég farið hef.

Á ég að taka aðra stefnu?  
Eitt lítið skref?

Hvað  
ef?

*Haustmynd*

Á heyfeng sumars í hvítu plasti  
haustsól á morgni skín.

Birkiskógurinn breytir litum.  
Blaktir á snúru þvegið lín.

Þögn segir meira en þúsund orð

– þú ert á leið til mín.

*Höggstaður*

Brynjast hef ég  
brosi og þögn  
til að blekkja alla.

Einn veist þú  
mína angist og galla.

Hlífðu mér  
– láttu ekki höggið falla.

Pórður Helgason

# Áfangar II

## *I Inngangur*

Í grein minni í síðasta hefti *Sónar* fjallaði ég um þá þróun sem varð í meðferð skáldanna á 19. og 20. öld á fornnorrænu háttunum. Í þessari grein mun ég hins vegar taka til athugunar þróun sem varð í öðrum þáttum ljóðlistarinnar. Svo sem fram kom í fyrri grein minni voru mörg skáld umrædds tímabils á höttunum eftir nýjungum; hið gamla varð í þeirra augum eintóna og veitti ekki svigrúm til þeirrar tjáningar sem þeim þótti hafa nýjum tímum. Þrautaráðið var þá að gera hið gamla nýtt með ýmsum aðferðum og auk þess brydda upp á nýjum leiðum, samt að mestu innan hefðbundins forms. Skáldin bjuggu nú til nýja hætti neð nýju rími, nýrri hrynjandi, nýrri bragliðaskipan og fleiru. Í þessum hluta „Áfanga“ verður sérstaklega vikið að einum þætti ríms.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um þá ræktarsemi sem Íslendingar hafa um langan aldur sýnt rími. Með gildum rökum má fullyrða að rím hafi orðið sú íþróttgrein sem þjóðin stundaði um aldaskið af mestum þrótti og raunar eina listgreinin sem eitthvað kvað að. Rímið varð þannig meira en rím; það varð þjóðareign og sameiningartákn og við vitum hvað það kostaði að kasta því á glæ ásamt öðrum þáttum hefðbundins forms. Orðið *bylting* hefur verið notað um það og ekki að ófyrirsynju. Sú bylting átti sér langan aðdraganda, rétt eins og allar aðrar byltingar fyrr og síðar – en áður en byltingin skall á höfðu menn reynt ýmislegt til að gera tilveruna bærilegri.

## *II Rímið a/A b/B c/C a/A b/B c/C*

### 2.1 Upphaf

Nú andar suðrið sæla vindum þýðum,  
á sjónum allar bárur smáar rísa  
og flykkjast heim að fögru landi Ísa,  
að fósturjarðar minnar strönd og hlíðum.

Ó! heilsað öllum heima rómi blíðum  
 um hæð og sund í drottins ást og friði;  
 kyssið þið, báru! bát á fiskimiði,  
 blásið þið, vindar! hlýtt á kinnum fríðum.

Vorboðinn ljúfi! fuglinn trúr sem fer  
 með fjaðrabliki háa vegaleysu  
 í sumardal að kveða kvæðin þín!

heilsaðu einkum ef að fyrir ber  
 engil með húfu og *rauðan* skúf, í peysu;  
 Pröstur minn góður! það er stúlkan mín.

Ekki leikur á tveim tungum að innreið sonnettunnar í íslenska ljóðagerð auðgaði fábreytt ríki skáldskaparins. „Ég bið að heilsa“ eftir Jónas Hallgrímsson var nýr háttur með nýju rími. Klofarímið (stundum nefnt *rammarím*) (abba) í ferhendunum tveimur í ítölsku sonnettunni var lítt þekkt á Íslandi og rímið abcabc, algengasta rím þríhendnanna, óþekkt – nema í einum gömlum hætti, svokölluðum *Skáld-Sveins-hætti*, eða afbrigði hans. Nú verður hugað að því hvernig þetta nýja rím þríhendnanna, sem Jónas kynnti, festi rætur í öðrum háttum sem höfðu sex línur. Ekki er vafi á að þessi nýja rímroð á rætur í sonnettuforminu og gaf skáldunum ný færi til landvinninga. Lítum fyrst til frænda okkar á Norðurlöndunum.

Rím þetta hefur ekki fengið nafn á íslensku en Norðmenn tala um *fletterim*, Danir um *slyngerim* eða *arabesk-rim* en Englendingar um *interlaced rhyme*. Hér verður hugtakið *flétturím* notað.

Hallvard Lie sýnir í stórvirki sínu *Norsk verslære* alls sextán hætti með ríminu abcabc (hér er ekki gerður greinarmunur á karlrími og kvenrími) og nokkra aðra sem áreiðanlega eiga rætur í tilraunum með þetta rím. Fjórir þeirra eru búnir til af Wildenvey, tveir af Wergeland, sömuleiðis tveir af Welhaven, en einn af hverjum þeirra Alf Larsen, Stagnelius, Henrik Ibsen, Ingeborg Flood, H. Ch. Hammer, L. Kvalstad, R. Hiort-Schøyen og Gustav Frøding. Fleiri komu við sögu svo sem fram kemur í þessari grein.<sup>1</sup>

<sup>1</sup> Lie (1967:172, 175, 216, 263, 264, 266, 275, 301, 392, 464, 472, 477, 547, 578, 634).

## 2.2 Skáld-Sveins-háttur; Hulda og Sigurður frá Brún

Svo sem áður var vikið að munu Íslendingar fyrst hafa kynnst flétturími er Skáld-Sveinn orti „Heimsósóma“ sinn seint á 15. öld eða snemma á hinni 16., undir tíu lína hætti, samsettum úr sex þríliða línunum með flétturíminu AbcAbc og fjórum fimmlíða línunum, samrím- uðum DDDD. Hér er fyrsta erindi „Heimsósóma“:<sup>2</sup>

Hvað mun veröldin vilja,  
hún veltist um svo fast  
að hennar hjólið snýr?  
Skepnan tekr að skilja  
að skaplig setning brast,  
og gamlan farveg flýr;  
hamingjan verndar hjóli niðr til jarðar,  
háfur eru til einskis vanza sparðar,  
legst í spenning [lönd og gull og garðar,  
en [gætt er síður hins, er meira varðar.

Síðar varð til afbrigði háttarins sem birtist hjá Jóni biskupi Arasyni í „Ljómunum“ hans. Þar ríma önnur og fimmta lína í kvenrími í stað karl- ríms hjá Skáld-Sveini svo sem sést hér í fyrsta erindi þessa fræga verks:<sup>3</sup>

Hæstur heilagur andi,  
himnakóngrinn sterki,  
loflegur lít þú á mig,  
signaðr á sjó og landi,  
sannr í vilja og verki,  
heyr þú, eg heiti á þig.  
Forða þú mjer fíandans þínu diki,  
svó feikna kvölunum öllum frá mjer víki.  
Mjer veit þú það, Máriu sonrinn ríki,  
að mæla kynni eg nokkuð, svó þér líki.

<sup>2</sup> *Kvæðasafn* (1923:238).

<sup>3</sup> Jón Arason (1918:37).

Ekki er því að undra að Hulda notar þennan hátt er hún yrkir um annan biskup, Jón Ögmundsson, í ljóði sínu „Um biskupasögur“.<sup>4</sup>

Sá má kallast sómi,  
sól og manna vinur,  
er við eilíft ljós  
gleymir ei breysku blómi,  
sem berst hér enn og stynur – –  
jarðar reyr og rós  
hretin lemja, hrjá og löngum sveigja.  
Hjörtu mannleg ótal sorgir beygja,  
slys og plágur stríðin hörðu heyja,  
hrelldir hvergi á jörðu bætur eygja.

Það gefur augaleið að létt verk er að færa sér í nyt fyrri hluta þessa forna háttar og það gerir Sigurður Jónsson frá Brún í ljóðinu „Í slattu-byrjun 1939“. Sumarið 1939 er enn í manna minni fyrir árgæsku og því við hæfi að þakka það í ljóði.<sup>5</sup>

Nú er sæla í sveitum,  
syngur gola í stráum  
glitrar geisli á tjörn.  
Bisast upp úr bleytum,  
beita kollum smáum  
fáorð fergins börn.

## 2.3 Þýðingar

### 2.3.1 *Friðþjófs saga* og Matthías Jochumsson

Ef litið er fram hjá sonnettum og hætti Skáld-Sveins kemur flétturímið fyrst fyrir í íslenskum skáldskap í þýðingu Matthíasar Jochumssonar á „Fritiofs saga“ eftir sænska skáldið Esiais Tegnér, og hét hjá Matthíasi „Friðþjófs saga, norræn söguljóð í 24 kvæðum, eftir Esiais Tegnér“ og tileinkar þýðandinn „skáldinu Steingrími Bjarnasyni Thorsteinson“ „í vináttu og viðurkenningarskyni“. Þessa bók prýða myndir „dregnar af Sigurði Guðmundssyni, grafnar af Árna Gísla-

<sup>4</sup> Hulda (1946:215).

<sup>5</sup> Sigurður Jónsson frá Brún (1940:44).

syni“. 20. kvæði þessa bálks, sem sannarlega fór sigurför á Íslandi, geymir sex-lína hátt með bragliðunum 224224 og eru þríliðir einráðir og án forliða. Rímið er ABcABc. Hér fer fyrsta erindi kvæðisins:<sup>6</sup>

Skinfaxi skundar  
skínandi um síðir  
sunnan úr blíðheimi bjartari' en fyr;  
árdegis-stundar  
ilgeislar fríðir  
lýsa nú höll; þá er lostið á dyr.

Og þannig hljóðar sama erindi hjá Tegnér:<sup>7</sup>

Gullmanig fæle,  
Skinfaxe drager  
vársol ur vågen mer härlig än förr.  
Morgonens stråle,  
dubbelt så fager,  
leker i kungssal: det klappar på dörr.

### 2.3.2 Einar Benediktsson og *Pétur Gautur*. Jakob Thorarensen

Einar Benediktsson þýddi snemma hluta *Péturs Gauts* eftir Ibsen en í heild kom verkið ekki út fyrr en árið 1901. Í þessum mikla bálki er einungis eitt dæmi þessa ríms:<sup>8</sup>

Velsignede Morgen,  
da Gudsrigets Tunger  
traf Jorden som flammende Staal!  
Fra Jorden mod Borgen  
nu Arvingen sjunger  
paa Gudsrigets Tungemaal.

Hátturinn er að mestu þríliðaháttur, í hverri línu forliður og rímið er ABcABc. Þetta þýðir Einar Benediktsson svo:<sup>9</sup>

<sup>6</sup> Matthías Jochumsson (1866:128).

<sup>7</sup> Tegnér (1917:100).

<sup>8</sup> Lie (1967:175).

<sup>9</sup> Einar Benediktsson (1979:225).

Þú blessaði dagur,  
þá eldtungur orðsins  
hér birtust sem blikandi stál.  
Nú hljómar vor bragur  
til hátignar borðsins  
með englanna eigið mál.

Hættinum heldur Einar út í æsar og þýðing hans er trú frumtextanum. Einar setur meira að segja tvílið („eigið“) á sama stað og Ibsen („Tunge ...“).

Þennan sama hátt velur Jakob Thorarensen sér er hann minnst afreksmannsins Roalds Amundsens heimskautafara (og fagnar dauða hans!) í samnefndu ljóði í bókinni *Hraðkveðlingar og hugdettur árið 1943*.<sup>10</sup>

Floginn! – Það mátti' hann,  
oss fýsti ekki að sjá hann  
hinn frumdjarfa í hafti eða kör.  
Nei, úthöfin áttu' hann  
og áskildu að fá hann  
að endaðri dáðanna för.

Hugsanlega kýs Jakob að minnst dáðadrengrsins undir hætti sem hann veit að norskt skáld hefur ort undir.

### 2.3.3 Magnús Ásgeirsson og Hjalmar Gullberg

Magnús Ásgeirsson kemur einu sinni við sögu þessa ríms í öðrum hætti er hann þýðir „Tvisöng“ í *Cloaca maxima* eftir Hjalmar Gullberg.<sup>11</sup>

Í hart slær með herrum og þrælum,  
í hjúskapnum spillist siður,  
og strætið er styrjaldarhjarl.  
Með soltnum og nægtasælum  
er sorpræsið tengiliður,  
og eitt fyrir konu og karl.

<sup>10</sup> Jakob Thorarensen (1943:42).

<sup>11</sup> Magnús Ásgeirsson (1975:376).



### 2.3.4 Gustaf Fröding og Sigurjón Friðjónsson

Sænska skáldið Gustaf Fröding hafði talsverð áhrif á Íslandi og ljóð hans mörg voru þýdd. Eftir Fröding er vormorgunljóð og er þetta upphafið:<sup>12</sup>

Vårens vindar äro ljuva,  
glädjens vemod milt de tala  
till en själ, som sörjt sig sjuk,  
livets vårfröjd kuttrar duva,  
kvittrar gråsparv, visslar svala  
gungar björkens krona mjuk.

Þessa sekvensu (sjá um sekvensur síðar) þýðir Sigurjón Friðjónsson og birtir undir nafninu „Vormorgunn“ í *Heyrði ég í hamrinum* en hleypir þar að forliðum auk þess sem ekki verður sagt að hann nái því hljómaspili vorsins sem Fröding sýnir svo listilega:<sup>13</sup>

Mjúkt og viðkvæmt vorið talar,  
vermir barn í kjöltu þagnar,  
er sært og þreytt af sorgum er.  
Um ást og fegurð erla hjalar,  
og í runni þröstur fagnar;  
við blæ í limi leikur sér.

## 2.4 Frumort

### 2.4.1 Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi og Valdimar Briem

Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi virðist næstur á eftir Matthíasi Jochumssyni til að nota þetta rím í ljóðinu „Fellur mitt forlagatjald“ sem birtist í bókinni *Kvæði*.<sup>14</sup>

Fellur mitt forlaga-tjald;  
fer jeg úr mannanna heimi  
mig þegar varir það minnst.  
Á jeg ei ævinnar vald;  
ókomni tíminn hvað geymi,  
engum að uppgötva vinnst.

<sup>12</sup> Fröding (1957:266)

<sup>13</sup> Sigurjón Friðjónsson (1940:51).

<sup>14</sup> Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi (1889:63).

Þessum hætti virðist Valdimar Briem hafa tekið feginshendi og geldur nú Brynjólfi fyrir að tileinka *Kvæði* sín „Mínum ástkæra sóknarpresti sjera Valdimar Briem, sem hefir veitt mjer svo margar leiðbeininga“.<sup>15</sup> Valdimar samdi *Biblúljóð* I og II, mikinn bálk, og virðist hafa lagt metnað sinn í að hafa hættina sem fjölbreyttasta. Því má auðveldlega sjá að hann var síleitandi nýrra hátta og greip marga glænýja. Háttur Brynjólfs, sem ekki var fordæmi fyrir á Íslandi, fær nú afkomanda í „Staf Arons“ í *Biblúljóðum* I:<sup>16</sup>

Hljótt var og komið var kvöld  
og kyrrlát rann sólin í hafið,  
enn skein á Ísrael þó.  
Leiptruðu ljómandi tjöld  
og loptið var gullskýjum vafið.  
Hvíldi' yfir hauðrinu ró.

#### 2.4.2 Stefán frá Hvítadal

Það þarf ekki að koma á óvart að Stefán frá Hvítadal notar þetta rím. Stefán þekkti vel til norsku skáldanna Wergeland, Welhaven og Wildenvej sem notuðu flétturímið svo sem fyrr segir. Ljóði Stefáns, „Gættu þín“, lýkur svo:<sup>17</sup>

Yfir höfði auðnu þinnar  
ógæfunnar hvassa sverð,  
þér er tapað þetta spil.  
Ég gef þér samúð sálar minnar,  
sem er raunar lítils verð,  
ég á ekkert annað til.

Þessi háttur er einn og stakur í íslenskri ljóðagerð og ekki er hans getið hjá Hallvard Lie.

#### 2.4.3 Drottning sekvensunnar fær nýtt rím

Einn þekktasti sex-lína háttur bókmenntasögunnar er tvíliðaháttur án forliða með fjórum bragliðum í línu og ríminu AAbCCb (þekkt afbrigði er AAbAAb). Þetta er hinn svokallaði *Stabat mater-háttur* sem

<sup>15</sup> Brynjólfur Jónsson frá Minna-Núpi (1889:[III]).

<sup>16</sup> Valdimar Briem (1896:114).

<sup>17</sup> Stefán frá Hvítadal (1970:17).

varð til á 13. öld og er sakir frægðar sinnar stundum nefndur *drottning sekvensunnar* enda sat hann um aldir í öndvegi sálmahátta áður en veraldleg viðfangsefni tóku við. Undir þessum hætti er gríðarlegur fjöldi íslenskra ljóða.

Í bókinni *Ljóð* eftir Sigurð frá Arnarholti frá árinu 1912 er ljóðið „Sumarnætur“ sem hljóðar svo:<sup>18</sup>

Sumarnóttin svala, bjarta  
systir vetrar rökkurdísa,  
ungur vakti' ég einn með þjer.  
Þú átt streng úr hverju hjarta,  
heyrir þöglar bænir rísa,  
sjerð hvað enginn annar sjer.

Hér hefur drottningin augljóslega fengið nýjan búning.

Sigurjón Friðjónsson notar sama hátt í ljóði sínu „Skrýðir morgunn ský við tinda“:<sup>19</sup>

Skrýðir morgunn ský við tinda,  
skín við sólu byggðarvangi,  
glóir dala daggartraf.  
Þúsund raddir þúsund linda  
þúsund vorljóð bera' í fangi  
út á sólbjart sumarhaf.

Séra Sigurður Einarsson, stundum kenndur við Holt, notar þennan sama hátt í ljóðinu „Nýárskveðja til þjóðar minnar“, hvatningarljóði til ungs fólks í dæmigerðum ungmennafélagsanda. Ljóðinu, sem er fimm erindi, lýkur svo:<sup>20</sup>

Láttu erja úr auðn og tómi  
eimsins mátt og rafmagnskynngi  
börnum þínum brauð og frið,  
svo að æskan einum rómi  
yfir þínum moldum syngi:  
Hér var Íslands landnámslið.

Hér sannast að stundum þurfa jafnvel drottningar að fá nýjar flíkur.

<sup>18</sup> Sigurður frá Arnarholti (1912:16).

<sup>19</sup> Sigurjón Friðjónsson (1928:50).

<sup>20</sup> Sigurður Einarsson (1952:118).

#### 2.4.4 Þorsteinn Gíslason og Böðvar Guðmundsson

Árið 1906, hinn 6. október, heldur Stúdentafjélagið í Reykjavík upp á átræðisafmæli Benedikts Gröndal með því að fara blysför að heimili hins aldna skáldjöfurs. Þorsteinn Gíslason mærir Gröndal í tilefni dagsins með ljóðinu „Benedikt Gröndal“, undir sama hætti og Mattías notaði er hann þýðir *Friðþjófs sögu* Tegnér (sjá 2.3.1) og er þetta fjórða og síðasta erindið.<sup>21</sup>

Tindra æ ljósin  
tindunum yfir  
mánabjört kvöld, sem minn' á þín ljóð;  
glóir æ rósín.  
Gröndal, þú lifir  
ætið í heiðri hjá íslenskri þjóð.

Menn geta svo velt því fyrir sér hvað veldur því að Þorsteinn kýs einmitt þennan hátt til að hylla hið aldna skáld.

Þessi háttur Tegnér leggst eftir þetta í langan dvala en birtist síðan árið 1966 í ljóðabókinni *I mannabyggð* eftir Böðvar Guðmundsson en er þá að því leyti óreglulegri að einstaka forliðir skjótast inn auk þess sem stuðlasetningin er ekki hin sama. Ljóðið er „Það sem ég las á útsýnisskífunni við Almannagjá“. Það er þrjú erindi og lýkur svo:<sup>22</sup>

Hugljúfi granni  
ef hefurðu næði  
hugsa þá um það og fjölskylda þín  
hálfpart í gamni  
hálfpart í bræði  
að herna sleit lýðveldið barnsskónum sín.

Sé litið fram hjá ríminu er nákvæmlega sami háttur til, bæði hér heima og erlendis, með ríminu AAbCCb. Þannig eru t.d. „Sláttuvísur“ Steingríms Thorsteinssonar svo sem hér sést á fyrsta erindi ljóðsins.<sup>23</sup>

<sup>21</sup> Þorsteinn Gíslason (1920:8).

<sup>22</sup> Böðvar Guðmundsson (1966:39).

<sup>23</sup> Steingrímur Thorsteinsson (1925:267).

„Upp, upp með sólu“,  
 Árfuglar gólu,  
 Óttan er fögur og dögghall á grund;  
 Orfin með ljáum,  
 Óspart að sláum,  
 Út berum glaðir á morgunsins stund.

#### 2.4.5 Guðmundur Frímanna og veggjað rím

Árið 1937 kom út ljóðabókin *Störrin syngur* eftir Guðmund Frímanna. Þar er að finna ljóðið „Farin“ og er hér fyrsta erindið.<sup>24</sup>

Nú lýkur þeim, draumljúfu dögnum.  
 Í dag leysast festar  
 skipsins, sem burtu þig ber.  
 Nú hverfur af ljóðunum lögunum  
 ljóminn, og flestar  
 sorgirnar setjast að mér.

Guðmundur Frímanna verður í þessu ljóði fyrstur (og síðastur, a.m.k. enn) íslenskra skálda til að nota veggjað rím (þrírím) í rímfléttuna.

#### 2.4.6 Jörundur Gestsson

Hún er sérstök, ljóðabók Jörundar Gestssonar, *Fjaðrafök*, frá árinu 1955. Höfundur var listaskrifari og bókin fór aldrei í prentun, heldur beint í lithoprent og þannig njóta ljóðin sín þrýðilega. Í bókinni er að finna fjögurra erinda ljóð, „Andvaka“, og er þetta fyrsta erindið.<sup>25</sup>

Í nætur húmsins helgidóm  
 eg hugsa um þig, ástin mín,  
 og svefninn frá mér flýr.  
 Og ljúfra minna les eg blóm,  
 þar ljómar myndin þín  
 sog svefninn frá mér flýr.

<sup>24</sup> Guðmundur Frímanna (1937:67).

<sup>25</sup> Jörundur Gestsson (1955:60).

#### 2.4.7 Nýjustu dæmin

Ívar Björnsson hefur sent frá sér þrjár ljóðabækur. Sú síðasta er *Í haustlitum* frá 1995. Þar er ljóðið „Sá verður að vægja ...“, aðeins eitt erindi:<sup>26</sup>

Öldur þarf að lægja  
og lausnir bestu finna  
í lífi konu og manns.  
Og sá verður að vægja  
sem vitið hefur minna  
því vitleysan er hans.

Nýverið kom út ritið *Blásumars nætur* sem hefur, eins og nafnið gefur til kynna, að geyma ljóð Skagfirðinga um sjálfa sig og umhverfi sitt. Þar er ljóðið „Haust“ eftir Björn Björnsson, tvö erindi, og er þetta hið fyrri:<sup>27</sup>

Sumar er liðið, sólargeislarnir lækka,  
sölna nú grösín, dagana stytta tekur.  
Söngfluglar hverfa suður um höfin björtu.  
Hlýviðrisdögum heldur er farið að fækka,  
fönn hylur tinda, kvíða í brjóstunum vekur.  
Einmana breiðir hrafn út vængina svörtu.

#### 2.5 Að vestan

Það kemur í hlut Stephans G. Stephanssonar að kynna þetta rím í ljóðum á íslensku í Vesturheimi. Árið 1910 birti hann háðkvæðið „Skilnaðarsökin við Dani“ með undirtitlinum „– eftir öðrum tekin –“:<sup>28</sup>

Vort kvennafar og trúleysi, er tekja frá Dönum!  
– Sú tízka í Danmörku úr Parísar-frönsku –“  
Nú stendur það vottfast og vísindum í.  
Um sáttmála gamla og þjóðrétt, á þönum  
Ei þarf nú að vera um lausn frá þeim dönsku!  
Því skilnaðar-sökin er sönnuð með því.

<sup>26</sup> Ívar Björnsson (1995:59).

<sup>27</sup> *Blásumars nætur* (2003:36).

<sup>28</sup> Stephan G. Stephansson (1923:203–204).

Líkur háttur, með ríminu AabCCb, er þekktur í tveimur íslenskum ljóðum, „Barnið dána“ (hluta þess ljóðs) eftir Þorstein Gíslason og „Svanavatn“ eftir Jón Trausta. Sú gerð háttarins er og þekkt á Norðurlöndum.<sup>29</sup>

Premur árum síðar notar Stephan G. flétturímið í ljóðinu „Tylliboðin“ sem einnig er logandi háð:<sup>30</sup>

Pú skáld getur orðið – Og aldregi standa  
 Á okkur mun lengi þér hugnun að sýna!  
 Því við skulum breiða o'ná beinin,  
 Og skildinga saman í hnöllum þér handa  
 Og hlunka 'onum niður á gröfina þína,  
 Og höggva þér hörpu í steininn.

Vesturheimska skáldið Gísli Jónsson sendi árið 1919 frá sér ljóðabókina *Farfuglar*. Þar er ljóðið „Ísland“ í sex þáttum. Fyrsti þáttur ljóðsins (tvö erindi) er svo:<sup>31</sup>

Vænglausum flug  
 víða um heim  
 enn er í ómengi grafið.  
 Heimfúsum hug  
 hamför um geim  
 neinn fær þó tálmað og tafið.

Þessi háttur stendur einn og sér í íslenskri ljóðagerð en er þó nauðalíkur hætti sem Steingrímur Arason notaði í inngangsljóði bókar sinnar *Ljóðmæli* frá árinu 1948. Ljóðið er „Móðir mín“ og er þakkargjörð fyrir andann sem blés lífi í ljóð skáldins:<sup>32</sup>

Þú seiddir fram máttinn  
 í sál þíns drengs  
 með söngvum og kvæðum þínum.  
 Þú átt besta þáttinn  
 hvers blíðróma strengs,  
 sem bærðist í anda mínum.

<sup>29</sup> Lie (1967:476).

<sup>30</sup> Stephan G. Stephansson (1923:174).

<sup>31</sup> Gísli Jónsson (1919:137).

<sup>32</sup> Steingrímur Arason (1948:[7]).

Hið sama gildir um þennan hátt Steingríms og hátt Gísla Jónssonar, að hann er heimasmíðaður og á sér ekki hliðstæðu hér eða á Norður-löndunum.

### *Lokaorð*

Því fer líkast til fjarri að öll kurl séu komin til grafar. Vísast munu fleiri ljóð með þessu rími sonnettunnar koma í leitirnar og fylla enn frekar upp í þá mynd sem hér er dregin upp.

Upp úr stendur þó að með sonnettunum fengu Íslendingar að kynna því að rím var ekki alltaf í runum, þörum eða víxli. Það var einnig hægt að flétta.

### HEIMILDIR

- Böðvar Guðmundsson. 1966. *Í mannabyggð*. Heimskringla, Reykjavík.
- Blíðsumars nætur*. Skagfirsk úrvalsljóð og vísur ... 2003. Bjarni Stefán Konráðsson sá um útgáfuna. Bókaútgáfan Hólar, Akureyri.
- Einar Benediktsson. 1979. *Ljóðasafn IV*. Kristján Karlsson gaf út. Skuggsjá, Hafnarfirði.
- Fröding, Gustaf. 1957. *Gustaf Frödings dikter*. Den Svenska lyriken. Albert Bonniers förlag, Stockholm.
- Gísli Jónsson. 1919. *Farfuglar*. Winnipeg.
- Grímur Thomsen. 1969. *Ljóðmæli*. Sigurður Nordal sá um útgáfuna. Mál og menning, Reykjavík.
- Guðmundur Frímann. 1937. *Störin syngur*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Hulda. 1946. *Söngur starfsins*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Jakob Thorarensen. 1943. *Hraðkveðlingar og hugdettur*. Reykjavík.
- Jón Arason. 1918. *Jón Arasons religiöse Digte*. Finnur Jónsson gaf út. Historisk-filosofisk Meddelelser. II,2. Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab, København.
- Ívar Björnsson frá Steðja. 1995. *Í haustlitum*, Reykjavík.
- Jörundur Gestsson. 1955. *Fjaðrafök*, Reykjavík.
- Kvæðasafn eptir íslenska menn frá miðöldum og síðari öldum*. 1923. Fyrsta deild. Ljóðmæli nafngreindra höfunda 1, 2. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, Oslo og Stockholm.
- Magnús Ásgeirsson. 1925. *Ljóðasafn I*. Helgafell, Reykjavík.



- Sigurður Einarsson. 1952. *Yndi unaðsstunda*. Helgafell, Reykjavík.
- Sigurður Jónsson frá Brún. 1940. *Sandfók*. Bókautgáfan Edda, Akureyri.
- Sigurjón Friðjónsson. 1928. *Ljóðmæli*. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Sigurjón Friðjónsson. 1940. *Heyrði ég í hamrinum II*. Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri.
- Sigurður frá Arnarholti. 1912. *Ljóð*. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Stefán frá Hvídadal. 1970. *Ljóðmæli*. Helgafell, Reykjavík.
- Steingrímur Arason. 1948. *Ljóðmæli*. Gefin út á kostnað Columbíásjóðs, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. 1923. *Andvökur IV*. Nokkrir Íslendingar í Vesturheimi, Winnipeg.
- Stephan G. Stephansson. 1923. *Andvökur V*. Nokkrir Íslendingar í Vesturheimi, Winnipeg.
- Steingrímur Thorsteinsson. 1925. *Ljóðmæli*. Sigurður Kristjánsson. Reykjavík.
- Tegnér, Esiais. 1866. *Friðþjofssaga, norræn söguljóð í 24 kvæðum, eftir Esiais Tegnér*. Matthías Jochumsson þýddi. Einar Þórðurson, Reykjavík.
- Tegnér, Esiais. 1917. *Fritiofs saga*. P.A. Norstedt & Sönners Förlag, Stockholm.
- Valdimar Briem. 1896. *Bibluljóð I*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Þorsteinn Gíslason. 1920. *Ljóðmæli*. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík.

Christian Matras

# Í þúsund ár og lengur

*Ólafur Halldórsson þýddi*

Flókaskór á hálum steinum  
í urðinni undir kambinum  
mennirnir  
bátarnir  
sjósetning  
þungir hlunnar  
þönglar og ólög  
menn í myrkri  
sem heyrðu til huldumanna  
í urð og á báti  
út á miðin –  
allt þetta var til  
í þúsund ár og lengur.

Þetta eru Noregsmenn  
vestur í hafi  
sestir í óbyggðir  
og úteyjar  
sestir að á brimströnd  
með hleinar og urð  
undir háum kambi.

Undarlegt fólk þessir Noregsmenn  
sem sköpuðu okkur örlög  
sköpuðu örlög okkar  
í þúsund ár og lengur.

Kristján Árnason

# Þýðingar Gríms Thomsen úr grísku

*Íslenskað ég aðeins hefi Pindar  
yngri skáldunum til fyrirmyndar.*

Þessar fleygu línur standa í ljóðabréfi sem Grímur Thomsen sendi Jóni Þorkelssyni, rektor Lærða skólans, til yfirlestrar og í þeim gefur hann á vissan hátt skýringu á því að hann skuli þýða þetta gríska skáld fyrstur manna á íslensku. Í ljóðabréfinu, ekki síst í þessum tilfærðu línunum, koma einnig fram viðhorf hans til þýðinga almennt, að minnsta kosti óbeint, og það vill svo til að sá sami Jón Þorkelsson, sem bréfið er ort til, gerir grein fyrir þessu í formála að útgáfu á ljóðum Gríms árið 1906, tíu árum eftir lát hans, en sá formáli er endurbirtur í útgáfu Snæbjarnar Jónssonar frá 1934. Þar talar Jón um tvenns konar þýðingaradferðir, ef svo má segja, er hann ritar:

Sje þýtt eingöngu til að *sýna* kveðskap frumhöfundanna, þá á vitaskuld að þýða fast, en vilji menn gera þýðingarnar sem gagnlegastar og skiljanlegastar þeirri þjóð sem þýtt er fyrir, þá þarf að laga þýðingarnar sem mest eftir hugsunarhætti og skilningi þeirrar þjóðar og gera þær henni sem eiginlegastar, svo að hún finni sem minnst til þess að ekki sje frumkveðið, og það mun Grímur hafa talið mest um vert.<sup>1</sup>

Það er sem sé engum vafa undirorpið, að dómi Jóns, að Grímur er í seinni hópnum, hópi þeirra þýðenda sem ekki láta sér nægja að *sýna* heldur vilja gera þýðingar sínar „sem gagnlegastar og skiljanlegastar“, jafnvel „laga þær sem mest eftir hugsunarhætti“ sinnar eigin þjóðar. Þetta kemur raunar heim við það sem segir í línunni, sem er tilfærð í upphafi, að hann hafi þýtt Pindar „til fyrirmyndar“ yngri skáldunum, þótt orðið „fyrirmyndar“ orki hálfpartinn eins og það sé þarna ríms-

<sup>1</sup> Grímur Thomsen (1934 I:XXXV).

ins vegna, svo smellið sem það er. En svo er greinilega ekki, eins og við sjáum af orðum Jóns Þorkelssonar. Það er ljóst að Grímur var ekki með þessum þýðingum sínum einungis að opna glugga inn í fornöldina til að svala forvitni manna um það hvernig þá hefði verið ort, glugga sem þeir gætu svo lokað aftur, margs vísari um framandi ljóðagerð og hugsunarhátt, heldur ætlaðist hann til að þýðingarnar lifðu með þjóðinni sem þáttur í hennar eigin listsköpun og yrðu til að móta stíl og viðhorf yngri og upprennandi skálda. Þetta hljómar í sjálfu sér ekki illa, en þarna vaknar þó hin mikla samviskuspurning allra þýðenda um það hversu langt þeir megi ganga í því að víkja frá orðréttri hljóðan frumtextans. Þetta er raunar spurningin mikla um Múhameð og fjallið, hvort á að koma til hvors?

Það er víst óhætt að segja að Grímur Thomsen gangi stundum býsna langt í aðra áttina, svo ekki sé meira sagt, af þeim sem Jón hefur lýst, og svo enn sé vitnað í Jón, fáum við þar allgóða skilgreiningu á því:

Votta og þýðingar hans úr öðrum málum [...] hann víkur þeim við, máir þar út allt það útlenda og snýr því upp á Ísland, og setur á þær svo mikinn íslenskubrag að kvæðin eru tíðum orðin svo miklu líkari honum sjálfum en frumhöfundinum, svo að hann gat stundum eins vel markað það undir sitt mark.<sup>2</sup>

Svo mörg voru þau orð og í framhaldi af því nefnir Jón þrjú dæmi um hið síðara, þar á meðal hið alkunna kvæði „Táp og fjör og frískir menn“ og fræðir menn um að það sé í rauninni sænskt, alla vega fyrra erindið, og heiti á frummálinu „Mandom, mod och morske män“. Hvað sem því líður er ljóst að varla verður lengra gengið í því en hér er lýst að rugla saman reytum frumskálds og þýðanda ef menn vita ekki lengur hvort afkvæmið eða afurðin á að kallast *þýðing* eða *eigið kvæði* og hætt er við að mörgum landanum þætti lítið til koma og ræki upp ramakvein ef við snerum dæminu við og hugsuðum sem svo að erlendur þýðandi íslensks skáldskapar beitti þeim aðferðum sem hér var lýst: Að má út allt það íslenska og snúa því upp á útlönd og setja á þau sem allra mestan brag síns eigin lands. Eða hvað? Og eitt er víst, að við hljótum að nálgast þýðingar Gríms Thomsens með meiri fyrirvara en áður eftir þessa lesningu, hvort sem þær eiga að heita þýðingar úr grísku eða öðrum þjóðmálum, enda hlýtur það að koma

<sup>2</sup> Grímur Thomsen (1934 I: XXXIV).

út á eitt, ef búið er að má út allt hið framandlega, nema kannski við leyfum okkur að rengja lýsingu Jóns að einhverju leyti eða álíta hana ganga of langt, sem við skulum vona í lengstu lög fyrir Gríms hönd. Ella væri nær að kenna þær þýðingar sem við hyggjumst nú fjalla um fremur við grímsku en grísku.

Við nánari athugun kemur upp úr kafinu að þýðingar Gríms eru fjarri því að vera svo mjög á sömu bókina lærðar, eins og ætla mætti af orðum Jóns, og að hann er býsna leitandi og jafnvel tvístígandi eins og góðum þýðanda ber að vera. Það má minna á að meðal fyrirrennara hans ríkti sú hefð, eða að minnsta kosti tilhneiging, að hneppa þýðingar erlendra ljóða í það sem talið var vera rammíslenskir hættir, helst einhvers konar fornyrðislag, og skipti þá litlu í hvaða anda frumkvæðið var ort. Þannig eigum við frá þessum tíma, átjándu öld og fram á þá nítjándu, þýðingar á gjörólíkum skáldverkum undir fornyrðislagi, þar á meðal *Paradisarmissi* Miltons, kviðum Hómers og ljóðum Heines, og sú spurning vaknar hvort fornyrðislagið sé háttur sem hæfi hverju sem er eða þá hvort háttur skipti engu máli ef hann er bara nógu rammíslenskur.

Grímur má eiga það að hann fylgir ekki þessari venju og beitir ekki hinu staðlaða fornyrðislagi í þýðingum nema þá helst við tíma-skekkjur eins og Ossían en beitir þeim mun meira rímuðum háttum, eins og í skáldskap sínum frumkveðnum, og sparar þá hvergi rímið. Þetta á auðvitað ekki eins vel við í þýðingum á skáldskap Grikkja sem þekktu ekki rím en beittu aðeins hrynjandinni, en samt réttlætanagerlegt, og auk þess má benda á að Grímur á einnig til að bregða fyrir sig grískum háttum þar sem honum finnst við eiga. Reyndar verður hann fyrstur manna hér á landi til að þýða Hómer undir hans eigin hætti (hexametri) og eins harmleikjaskáldin undir þeim hætti sem kalla má ræðulag (jambískt trímetur), rímlaust að sjálf-sögðu, og raunar má einnig nefna hér saffóarhátt sem Grímur fylgir á sína vísu. Annað sem miðar að því að laga hin þýddu kvæði að hugsun lesenda eru staðfærslur, svo sem það að setja íslensk staða- og mannanöfn í stað hinna erlendu. Fyrir þetta hælir Jón Þorkelsson Grími og nefnir þar sérstaklega kvæðið *Integer vitae* eftir Hóras þar sem Grímur er ófeiminn við að setja Ódáðahraun, Vatnajökul, Köldukvísl, Bjarmaland, Serkland og Svíþjóð hina köldu í staðinn fyrir Syrtusanda, Kákasus, Gangesfljót, Apúlíu, Númidíu og sjálft kuldabeltið.

Þetta er allt gott og blessað og hittir vissulega í mark í þessu ákveðna kvæði, en aðferðin þarf vissulega ekki að vera einhlít, enda

heldur Grímur erlendum staðarnöfnum annars staðar og nefnir t.d. Etnu (Ætnu) réttu nafni í ljóðum Pindars en ekki Heklu eins og Stefán Ólafsson gerir í einni þýðingu sinni. Annað, sem finna má talsvert mörg dæmi um í þýðingum Gríms, er það að stytta ýmist kvæðin eða lengja þau með því að fella úr eða þrjúna aftan við, líkt og honum finnst frumkvæðið annaðhvort ekki nógu meitlað eða að eitthvað sé þar vansagt. Þetta má svo sem telja kenjar Gríms en jafnframt vott þess að hann er með þýðingum sínum ekki síður að koma einhverju frá sjálfum sér á framfæri en að þjóna öðrum, og láti honum það hver sem vill. En það segir sig sjálf að Grímur velur ekki til þýðingar kvæði af handahófi heldur einmitt þau sem eru honum hugstæð og segja það sem honum liggur á hjarta sjálfum, en hér þarf þó ekki að vera um beinan boðskap að ræða heldur einhver gildi sem hann vill halda á loft eða einhvern anda sem hann vill seiða fram.

En hver eru þessi gildi? Í þessu hlýtur Grímur, eins og aðrir, að vera barn síns tíma og eins og Sigurður Nordal bendir á í formála sínum að ljóðum Gríms þá er Grímur líkt og milli vita: Hann vex upp í anda rómantískra viðhorfa, þar sem hann er fæddur 1820, og lifir á námsárum sínum á fimmta áratugnum það skeið er Nordal lýsir sem svo að þá hafi „andlegt líf í Norðurlálfu verið fult af vonbrigðum, í bókmentum, heimspeki og stjórnálfum. Rómantíska stefnan var orðin gjaldþrota á öllum þessum sviðum og menn höfðu ekki náð tókum á nýjum veruleika í hennar stað“<sup>3</sup> en leitað fótfestu í meira „raunsæi og vísindahyggju og efnishyggju“. Þetta má til sanns vegar færa, svo langt sem það nær, þó að meint gjaldþrot rómantíkurinnar minni að því leyti á gjaldþrot í íslensku viðskiptalífi að þolendur þeirra hafa oft verið æði fljótir að rísa upp úr þeim, líkt og fuglinn Fönix úr öskunni, jafnvel tvíefldir, því hin gjaldþrota rómantík hefur í tímans rás látið á sér kræla og gengið í endurnýjun lífdaga hvað eftir annað og í sínýrri mynd, hvort sem það er undir heitinu *síðrómantík*, *nýrómantík* eða einhverju öðru. En með orðinu „gjaldþrot“ kann þó ekki síst að vera skírskotað til þess sem menn tuggðu þá hver eftir öðrum um „hrun kerfisins“ og áttu þar við hið mikla hughyggjukerfi Hegels sem öll spjót stóðu á um þær mundir, jafnt frá trúarlegri tilvistarhyggju, sem vildi splundra því, sem og vísindalegri efnishyggju sem vildi snúa því á hvolf. Nordal minnst einnig á kerfið mikla, „þar sem allar leiðir lágu að einni og sömu hugsjón“ í stað þess að leysa „alla tilveruna upp í eindir“ eins og vísindahyggjan og telur það and-

<sup>3</sup> Grímur Thomsen (1934 II:XIV).

legan bakharl Gríms. Það einkennist frammar öllu af ákveðinni heildarsýn á sögu mannkyns sem samfelldri þroskasögu andans í átt til frelsis og sjálfsskilnings þar sem einstakir þjóðarandar láta að sér kveða og gegna hver sínu hlutverki innan heildarinnar.

Og eitt er víst, hvað sem öllu meintu gjaldþroti rómantíkur líður eða hruni kerfisins, að hvort tveggja, rómantíkin svonefnda og kerfi Hegels, lifa góðu lífi í bókmenntaskrifum Gríms frá miðri öldinni, ekki síst í ritgerðum á dönsku er hann birtir árið 1846 og hafa verið þýddar á íslensku af Andrésí Björnssyni og komið út á bók árið 1975 undir nafninu *Íslenskar bókmenntir og heimsskoðun* og fjalla um sérkenni fornorrænna bókmennta og íslenskra sérstaklega og um stöðu Íslands meðal Norðurlanda. Þar heldur hann ekki einungis stíft fram gildum sem við, eins og hann, myndum telja rómantísk heldur styðst hann þar jafnframt við víðan skilning Hegels á rómantísku stefnunni sjálfri sem hinum þriðja og æðsta áfanga listarinnar á þroskabraut hennar, á eftir hinum austurlenska eða táknelega, þar sem sjálfíð hvílir enn í hinu ytra, og síðan hinum gríska eða klassíska, sem einkennist af fögru samræmi hins einstaka og almenna, hins andlega og hins sýnilega, þar sem aftur síðasta stigið, hið rómantíska skeið, sem hefst með kristindómi og hruni Rómaveldis fyrir atbeina germanskra þjóða, einkennist af dýpri sjálfsskilningi og vitund um innra frelsi og óendanleika. En þótt Grímur byggi á þessari hegelsku heildarsýn þá getur hann þó ekki látið hjá líða að taka „hinn mikla þýska hugsuð“, eins og hann nefnir Hegel, á beinið og finna honum það til foráttu að hafa annars vegar „hlaupið yfir fornorræn trúarbrögð og jafnvel ekki nefnt þau einu orði í trúarbragðaheimspeki sinni“ og jafnframt „gleymt norrænni skáldlist í fagurfræði sinni eða skáldskaparheimspeki“.<sup>4</sup> Þessi ásökun Gríms á hendur Hegel er síður en svo úr lausu lofti gripin því að ekki er nóg með að hinn víðfedmi hugsuður láti Íslendingasagna með öllu ógetið, líkt og þær hafi aldrei verið til, heldur finnur hann sig knúinn í skáldskaparfræði sinni til að vega óþýrmilega að *Eddu* og ásatrúnni, sem hann „hljóp yfir“ í trúarbragðaheimspekinni, og segist þar engan veginn kunna að meta „þennan innantóma vaðal [...] Þór með hamarinn, Fenrisúlfr, hið skelfilega mjaðarþamb, og yfirleitt allt hið villta, óljósa og ruglingslega í þessari goðafræði“ og snýst öndverður gegn öllum tilraunum til að koma þessum „afskræmdu og barbarísku hugmyndum“ á framfæri í sínu heimalandi og telur þær ekki eiga neitt erindi við sína siðmenntuðu samtíð. Þessi afstaða Hegels stingur mjög í stúf við

<sup>4</sup> Grímur Thomsen (1975:85).

ýmsa rómantíska kenningasmiði þessa tíma, allt frá Madame de Staël til H. Steffens, sem beinlínis hömpuðu hinu norræna, að vísu stundum í nokkuð víðri merkingu, á kostnað hins gríska og klassíska, að ekki sé minnst á alla þá, með skáldin norrænu, Oehlenschläger og Tegné, í broddi fylkingar, sem vildu hefja norræna hetjudýrkun og ásatru á stall. En hin óvenjuharða afstaða söguspekingsins kann að eiga sér skýringar í því hve hann stóð föstum rótum í fornöldinni grísku og að hann hafi séð í þessum tilraunum til endurvakningar einskonar afturhvarf frá grískættaðri siðmenningu og hámenningu til öllu búralegru lífshátta og viðhorfa norrænna – og kann hann að hafa þar nokkuð til síns máls. En þar fyrir utan má benda á að staða norræns skáldskapar hlýtur að valda þeim erfiðleikum sem, eins og Hegel, eru á því að draga skýrar sögulegar línur milli klassískrar og heiðinnar menningar annars vegar og rómantískrar og kristinnar hins vegar. Hin fornorræna lendir milli vita þar sem norrænn skáldskapur er orðinn til á kristnum tímum og skráður af kristnum mönnum, þó að hann sé vitaskuld sprottinn upp úr heiðni, og kannski ekki furða að Grímur skuli telja sig geta tengt „Sólarljóð“ jafnt við Dante sem „Völuspá“.

En hver sem ástæðan hefur verið fyrir þessum áfellis dómi hins víðfeðma hugsuðar Hegels yfir fornorrænni goðafræði þá kemur ekki á óvart að Íslendingnum Grími Thomsen renni blóðið til skyldunnar að rétta hlut hennar. Það verður auðvitað best gert með því sem hann tekur sér fyrir hendur að gera í ritgerðunum, að skilgreina hvað sé norrænt og hvað ekki í eitt skipti fyrir öll og skilja það rækilega frá hinu gríska. Í því sambandi leggur Grímur, á svipaðan hátt og Schlegel og Steffens, áherslu á skyldleika hins fornorræna og hins kristna sem andstæðu hins klassíska og gríska, eða eins og hann segir í áður nefndri bók: „Það er einmitt þessi sérstæði skyldleiki, sem gefur norrænum skáldskap megingildi. Það er þessi skyldleiki sem opnar regindjúp milli heiðins skáldskapar Norðurlanda og klassíska skáldskaparins og gerir hann algerlega einstæðan í heiðnum sið.“<sup>5</sup> Í framhaldinu leitast Grímur við að draga fram einkenni hvors um sig, norræns og grískis, og leggur þar áherslu á allt það sem hann telur norrænar hetjur hafa fram yfir hinar grísku – en sumir í hópi eftirkomenda þeirra kunna að hafa glatað – svo sem dýpt, stillingu, sjálfsaga eða svonefnda „kyrrðar-ástríðu“, orðheldni, festu, hreinskiptni, atorku, hreinlífi, virðingu fyrir konum og þar fram eftir götunum, þar sem Grikkir aftur á móti voru fjarri góðu gamni „og þekktu ekkert til“ þess arna, eins og Grímur

<sup>5</sup> Grímur Thomsen (1975:89).



orðar það oftar en einu sinni, eða svo tekin séu dæmi: „ísköld ró [...] sem Grikkir þekktu ekkert til“ eða „Norðurlandabúinn er riddaralegur en Grikkinn þekkir ekkert til slíks“.<sup>6</sup> Þótt einhver fótur kunni að vera fyrir þessum staðhæfingum og full ástæða hafi verið til þess fyrir norræna menn á þessum tíma að átta sig á eigin sérstöðu og sérkennum í stað þess að apa allt eftir suðrænni þjóðum, þá ber að hafa í huga að mönnum getur orðið hált á alhæfingum af þessu tagi, einkum ef þær eru teygðar of langt. Þannig teygir Grímur til dæmis hugtakið „norrænn“ æði langt í suður þegar hann gerir jafnvel ítalska leikritaskáldið Alfieri að fulltrúa þess vegna einhverra stuttaralegra tilsvára í leikritum hans þó að Alfieri kunni að hafa átt styttra að sækja þá tilhneingingu, eða til forfeðra sinna við Miðjarðarhaf sem gátu verið gagnorðir, eins og Caesar þegar hann lýsti einum sigra sinna með orðunum *veni, vidi, vici*, eða býsna stuttur í spuna eins og Spartverjar (*Lakedaimones*), svo sem orðið „lakónskur“ ber vitni um. Eins gæti það „að tjáning væri í mótsögn við það sem inni er byrgt“, sem Grímur eignar norrænum mönnum sérstaklega, verið prýðileg skilgreining á hinni svokölluðu íróníu sem kennd er við Sókrates. Á sama hátt var skapstilling og ró öðru fremur einkenni stóumanna hinna fornu en besta dæmið um þá fornu dyggð að bregða sér hvorki við sár né bana var Rómverjinn Mucius Scaevola sem hélt hendi sinni í loga meðan hún brann upp, og svo mætti lengi telja. Þetta verður að duga, en áður en varir leiðir lærdómur Gríms hann út um víðan völl og hann er farinn að fjalla um austurlenskan og gyðinglegan skáldskap sem koma þessu máli, hinu sérstaka við norrænan skáldskap, harla lítið við þó að hann finni þetta eða hitt skylt hinu norræna en annað ekki.

Þó er loks sem Grímur finni lykilinn að skilgreiningu hins fornnorræna í lífi og list, tilhneiginguna til að trúá meir á mátt sinn og megin en guðlega handleiðslu, en ástæður hennar rekur hann til þess að hinn norræni maður lifi í ótryggum heimi sem á eftir að farast þar sem „Valhöll er umsetin goðaborg, en veitir hvorki frelsi né öryggi [...] Fyrir þá sök snýr hetjan við þeim (guðunum) baki og gerir þá sjálfan sig að sínum eigin guði. Hetjan trúir á mátt sinn og megin, og í því er að finna undirrót norræns stórlætis í ósveigjanleik sínum.“<sup>7</sup> Hér er komið að því sem kalla má kjarna málsins og skilur norræna lífskoðun frá hinni forngrísku þar sem goðmögn, vinveitt eða óvinveitt, eru á hverju strái, en það er umhugsunarefni að helsti fulltrúi þess,

<sup>6</sup> Grímur Thomsen (1975:69, 73).

<sup>7</sup> Grímur Thomsen (1975:104).

sem Grímur nefnir „norrænt stórlæti“ annars vegar og kristið „fullræði yfir sjálfum sér“ hins vegar, sé Ríkarður þriðji, eitt versta illmennið í leikritum Shakespeares, og þá mikið sagt: „Þannig líkist hetjan norræna Ríkarði þriðja *sjálfum sér einum*, og sama fullræði persónulegrar reynslu sem annars þekkt aðeins í heimsmynd kristinnar á líka við hina norrænu sagnaflokka.“<sup>8</sup>

## II

En hvað sem líður réttmæti kenninga fræðimannsins Gríms Thomsen og gildi þeirra, þá er meira um vert að skáldið Grímur hefur fylgt þeim eftir á sinn hátt og oft með mikilli þrýði í kveðskap sínum. Ásatrúin sjálf, sem fann litla náð fyrir augum „hins mikla þýska hugsuðar“, fær glæsileg skil í kvæðinu „Ásareiðin“ þar sem hann í samræmi við kenningar Oehlenschlägers hefur skipt út grískum goðum fyrir norræn og skapað eins konar norrænt *Panþeon*, þótt hann láti hina norrænu æsi í lokin flýja fyrir Hvíta Kristi inn í ríki vetrarins og klykki út með hendingum sem minna á lokálnur Schillers í kvæði hans um Grikkja goð:<sup>9</sup>

Aldrei deyr, þótt alt um þrotni,  
endurminning þess sem var.

En hin norrænu gildi, sem hann heldur á loft í ritgerðinni og við getum kallað rómantísk og sum jafnvel kristin líka, birtast einnig í kveðskap hans í sögulegum dæmum sem hann sækir einkum í fornaldarsögur Norðurlanda, riddarasögur, Íslendingasögur eða einfaldlega í almenna sögu lands síns í samræmi við það markmið sem hann lýsir í inngönguljóðinu:<sup>10</sup>

Víða eru vörður reistar  
á vegum sögu þessa lands,  
úr fornöldinni fljúga neistar  
framtaksins og hraustleikans.

<sup>8</sup> Grímur Thomsen (1975:67).

<sup>9</sup> Was unsterblich im Gesang soll leben / Muss im Leben untergehn.

Grímur Thomsen (1934 II:4).

<sup>10</sup> Grímur Thomsen (1934 I:1).

Pannig getum við, auk framtaks og hreysti, séð dæmi um það sem Grímur kallar norræna kyrrðarástríðu eða stillingu í kvæðinu um Halldór Snorrason, sem hvorki datt af né draup, en heppilegt sambland af norrænni heiðni og kristni í átrúnaði Helga magra eða í breytni Arnljóts Gellina. Og í kvenskörungum norrænum, sem hann yrkir um, Hildigunni, Ólöfu ríku og fleiri, má sjá það sem hann í ritgerðinni telur norrænum konum til gildis umfram aðrar, sem sé „að sýna karlmannshug og sálargöfgi og taka djarflega þátt í gangi lífsins“, þar sem grískar konur séu ambáttir og þeim ætlað „það eitt að ala upp börn“. <sup>11</sup> Þess er því vart að vænta að Grímur leiti í kveðskap sínum í grískri sögu dæma um áðurnefnda neista framtaks og hraustleika og kvæði um þá Belísaríus og Alexander mikla heyra því til undantekninga.

Hinu verður þó vart neitað að Grímur hafi með árunum fjarlægst þau rómantísku og þjóðernislegu sjónarmið sem koma fram í ritgerðinni og einkum þá tilhneigingu að skilgreina grískt og klassískt sem andstæðu norræns og kristins. Þó er ekki þar með sagt að leiðin hafi legið með straumi tískunnar til vísindahyggju, efnishyggju og raunsæis heldur frekar á móti honum aftur í tímann og upp á við, í átt til grískrar heimspeki þeirra Pýþagórasar og Aristótelesar, og jafnframt til viðhorfa og vinnubragða sem kallast mega klassísk. Það er á grundvelli þeirrar vísu sem hann getur leyft sér að halda því fram í kvæðinu „Stjörnu-Odda draumur nýrri“ að Hegel eigi eftir ýmislegt vanlært og muni fyrst læra það á öðru tilverustigi í stjarnheimi, en ekki er víst að hugsuðurinn sjálfur hefði orðið uppnæmur fyrir þeirri hugmynd: <sup>12</sup>

heimspekinnar á herra stig  
Hegel þar nær og Kant,  
þeir sem hjer skildu ei sjálfa sig,  
sjá þar og skynja grant.

Það má að vísu teljast athyglisvert, í ljósi þess að Grímur lagði stund á samtímabókmenntir en ekki forn fræði við Hafnarháskóla, hve forn hann er í vali yrkisefna í frumkveðnum skáldskap, sem og þeirra kvæða er hann tekur til þýðingar. Í stað þess að þýða samtímaskáld sín, eins og til dæmis Jónas Hallgrímsson þegar hann þýddi kveðskap

<sup>11</sup> Grímur Thomsen (1975:72).

<sup>12</sup> Grímur Thomsen (1934 I:120).

eftir Heine eða von Chamisso, þá leitar hann frekar lengra aftur í tímann. Jafnframt er áberandi að þau skáld, sem næst Grími standa í tíma af þeim sem hann velur sér til þýðingar snemma á ævinni, mega teljast klassísk í anda fremur en rómantísk og því marki brennd að líta um öxl til hinnar heiðbjörtu klassísku fornaldar Grikkja fremur en inn í einhvern rökkvaðan hulduheim. Má í því sambandi nefna þá Goethe, Schiller og Byron. Af þeim er það sá síðastnefndi, Byron, frelsishetja Grikkja, sem Grímur er vitaskuld nátengdastur, eftir að hafa skrifað um hann magistersritgerð sína. Það kemur einna skýrast fram í þýðingu Gríms á kvæðinu „Grikklands eyjar“ eftir Byron sem hefst á orðunum:<sup>13</sup>

Grikkland! sem lista gríðastað  
og guðir menta skópu vje!  
Hjer Föbus söng og Saffó kvað,  
úr sævi fögur Delos stje –

Í ljóðinu er lýst sárum söknuði eftir glæsileika, frelsi og manndáð hinnar grísku fornaldar, enda lætur hann gríska söngmanninn í kvæðinu segja:

kveðskapur minn er þetta eitt:  
að gráta fyrir Grikkja-lönd  
og Grikkja' að roðna fyrir hönd.

Það er því í beinu framhaldi af þýðingum þessara höfuðskálda að Grímur tekur til af kappi á efri árum að þýða Grikkina sjálfa og er engu líkara en hann hafi fundið þar, ekki síður en í fornaldarsögum norrænum, athvarf og skjól fyrir flatneskjuanda tímans. Það er athyglisvert að andi hans virðist hafa sótt meira til áttahaganna fyrr á ævinni, meðan hann sem legatíonsráð spígsporaði um glæsisali og glæsvelli Norðurálflu, en frekar í gagnstæða átt, á slóðir hinnar grísku fornaldar, þegar hann er orðinn bóndi á Bessastöðum. Og jafnframt kann það að hafa runnið upp fyrir honum með árunum að ýmislegt það sem hann hóf á loft í ritgerðinni frá 1846 sem sérnorrænt væri raunar að miklu leyti að finna einnig í hinni grísku fornöld, hvort heldur það er stillingin, kyrrðarástríðan eða hetjulundin, en að fornöldin gríska hefði einnig fram yfir hina norrænu forneskju léttleikann,

<sup>13</sup> Grímur Thomsen (1934 I:197).

þokkann, glaðleikann og heiðríkjuna auk víðari og almennari skírskotunar. Og á endanum, á síðasta æviári sínu, 1896, þegar Ólympíuleikar hefjast aftur í Grikklandi, getur skáldið í kvæðinu „Bændaglíman“ teft þessu framtaki gegn tómlæti landa sinna sem honum þykja orðnir ærið óglímnir:<sup>14</sup>

Á fornri hafa frækni trú  
fjör að nýtt hún kveiki,  
yngja upp Grikkir aftur nú  
olympiska leiki, –  
oss er heldur gjarnara' að gleyma  
því góða, sem hjer átti heima.

### III

Það vekur strax athygli hve fjölbreyttar þýðingar Gríms úr grísku eru. Hin þýddu verk eru frá ólíkum tímum, frá sagnakviðum Hómers og til ljóða úr nýgrísku undir ólíkum bragarháttum, eða allt frá forngrískum háttum til forníslenskra eða nýrri rímaðra háttá, og loks eru þau ólíkrar tegundar, eða jafnt úr sögukviðum, leikritum eða ljóðrænum kveðskap af ýmsu tagi, svo sem lofsöngvum, ástarkvæðum, drykkjuvísnum, hjarðljóðum og sigursöngvum, og fjöldi höfunda eftir því. Þannig mynda þessar þýðingar dágott úrval grískis kveðskapar og sýna á hve mismunandi hátt má nálgast hann, að ekki sé minnst á hve misjafnar þær eru að gæðum, eins og einnig má segja um kvæði Gríms frumkveðin, þar sem furðu skammt er oft milli tyrfni og snilldar.

Þetta á við um þýðingar Gríms úr „Ilíonskviðu“ þar sem hann snýr tveim köflum, samtali Hektors og Andrómökku úr sjötta þætti og samtali Akkillesar og Príams úr þeim tuttugasta og fjórða. Þetta tiltæki býður beinlínis upp á samanburð við þýðingar Sveinbjarnar Egilssonar á hinum sömu línunum, jafnt í lausu máli sem undir fornyrðislagi. Hér fer Grímur þó nýja leið og raunar þá nærtækustu, þar sem hann þýðir undir hætti frumtextans, hexametri. Við það vinnst auðvitað ýmislegt, því að hið jafna og viðstöðulausa hljóðfall er seiðandi og sefjandi og knýr frásögnina áfram og um leið hug lesandans. En málfarið þarf að vera eðlilegt og þjált eins og hjá Hómer sjálfum þó að hann

<sup>14</sup> Grímur Thomsen (1934 I:53).

noti skrautyrði í bland, það er að segja hinar frægu samsettu einkunnir (*epíbeta*) sem standa jafnt með nöfnum sögupersóna, hluta sem náttúru-fyrirbrigða. Þær á lausamálsþýðandi hægara um vik með að smíða, þar sem hann þarf ekki að hugsa um braginn, og verður þar samanburður við Sveinbjörn Egilsson og hin bráðsnjöllu skrautyrði hans heldur óhagstæður fyrir Grím. Hjá Sveinbirni er til dæmis kappinn Hektor „hjálmkvikur“ en hjá Grími „stálhúfuprúður“ eða „málmleifturhjálmaður“, „síðmöttlaðar“ Trójudætur „dragkyrtlaðar“ og Alkimos „afsprengur Aresar“ verður „Hárs ela framur“ hjá Grími. Þetta er allt saman rismikið, fornlegt og grímskt en ekki að sama skapi þjált eða einfalt. Sama má segja um hendingar Gríms sem eru að vísu misjafnar en sumar ærið stírbúsalegar og orðfærið of annarlegt til að orka trúverðuglega, svo sem þessi orð hinnar áhyggjufullu móður, Andrómökku, við mann sinn, Hektor:<sup>15</sup>

kennirðu í böðfúsu brjósti ei um burinn þinn unga, nje mig, sem hæll verð en arma' innanskamms, er þig Akkear lagt hafa' að velli.

Hér er sem hrynjandi og stuðlar, í stað þess að hefja orðin á flug, verði frekar til trafala eða allt að því að fótakefli auk þess sem orðfærið er langsótt. Öllu betur tekst honum til í svari Hektors hins hjálmkvika eða stálhúfuprúða til hinnar sömu síðmöttluðu eða dragkyrtluðu Andrómökku, konu sinnar, þar sem hann talar tæpitungulaust um verkaskiptingu karla og kvenna í fleygum orðum sem ná dável að njóta sín hjá Grími og kannski töluð út úr hans hjarta – og má af þessum dæmum sjá hve honum eru mislagðar hendur:<sup>16</sup>

„[...] far þú til húsa og haf þar um hönd ena kvenlegu sýslu, spuna vinnu og vef og verkin skipaðu þernum!  
Mitt er og hermanna hitt, öll hjörþings störfín að annast“. –

Báðir kaflarnir, sem Grímur velur, teljast til hinna dramatísku í „Ílíonskviðu“ þar sem um leikrænt samtal er að ræða. Í slíkum köflum gildir það sem Aristóteles nefnir sem hæfileika leikskáldsins einnig um þýðandann, en það er að kunna að setja sig í annarra spor og geta fundið til á sama hátt og persónan sem mælir og þannig talað fyrir hennar munn.<sup>17</sup> En sá sveigjanleiki sem til slíks þarf er ekki endi-

<sup>15</sup> Grímur Thomsen (1934 II:246).

<sup>16</sup> Grímur Thomsen (1934 II:250).

<sup>17</sup> Aristóteles (1976:73).

lega Gríms sterka hlið. Vitaskuld verður þetta enn ljósara er kemur að þýðingum á styttri köflum og brotum úr grískum leikritum sem Grímur þýðir eftir höfuðskáldin fjögur, sjö úr verkum Æskýlosar, fimm eftir Sófókles, tíu eftir Evrípídes og tvö eftir Aristófanes. Þannig er hann frumherji í þýðingum grískra leikrita þótt til séu *vertiones* eftir Sveinbjörn Egilsson. Samtalskaflarnir eru sem betur fer undir réttum og upprunalegum hætti sem nefndur hefur verið *ræðulag* en er á fagmáli jambískt trímetur og hefur það sér til ágætis að standa sem næst mæltu máli allra háttá, eftir því sem segir í skáldskaparfræðinni. Því ætti að vera óþarfi undir þeim hætti að bregða fyrir sig harla ónákvæmu orðalagi eins og óneitanlega vill brenna við hjá Grími, svo sem í ræðu varðmannsins í upphafi *Agamemmons* eftir Æskýlos sem segir eftir langa bið á hallarþaki Atreífs eftir sigurteikni:<sup>18</sup>

Jeg vildi' eg væri laus við þetta vökustarf,  
því vetrarlangt og sumars jeg á þekju dvel,  
og eins og hundur ligg á lappir mínar fram.

Hér er eins og mæli maður sem er haldinn starfsleiða og gæti vel hugsað sér að skipta um vinnu, auk þess sem hann er hundgerður meira en góðu hófi gegnir með fjórum löppum. En á frummálinu er tónninn öllu hátíðlegri þar sem hann segir fyrst orðrétt: „Guðina bið ég að létta af mér þessari byrði, árslangri varðstöðu á hallarþaki Atreífssonar, liggjandi á olnbogunum, í stellingu hunds.“ Hér er fyrsta orðið, „Guðina“, mikilvægt og gefur tóninn í þrileiknum öllum sem snýst að miklu leyti, líkt og *Paradisarmissir* Miltons síðar, um vegu guða gagnvart mönnum.

En eins og menn muna skiptist sjónleikurinn gríski, jafnt harmleikir sem skopleikir, í tvo meginþætti sem eru kórsöngvar og samtalsþættir. Hinir fyrrnefndu flokkast undir ljóðlist að sjálfsögðu en í grískum leikritum er sungið undir ýmsum háttum sem markast af hrynjandi, oft flókinni og fjölbreyttri. Grímur þýðir allmarga kórsöngva úr leikritum og beitir þar rímlist óspart og er raunar lítið við það að athuga í sjálfu sér þótt frumtextinn sé að sjálfsögðu rímlaus. En hér virðist Grímur fálmandi á stundum og á erfitt með að finna rétta tóninn. Ekki má gleyma því að kórinn er þáttur í atburðarásinni og þarf því að tala mælt mál þótt það megi að vísu vera upphafnara en samtalið og getur jafnvel verið fyrnt eða dórískuskotið á frum-

<sup>18</sup> Grímur Thomsen (1934 II:163).

málinu. Grímur á það til að ganga fulllangt í þessa átt. Fjærst er hann mæltu máli þegar honum dettur í hug að beita dróttkvæðum hætti og ætlar sér að verða fornlegur, svo sem á einum stað þar sem kórin verður vitni að morði Agamemmons í samnefndu leikriti eftir Æskýlos:<sup>19</sup>

Svinnur sjer hvað inni  
 seggur býr á neggi,  
 vitur skilur skati  
 skrum hvað merkir guma.

Ef þessi orð yrðu sögð á sviði þyrfti að gera smáhlé á sýningunni meðan áhorfandi er að átta sig á merkingunni. Hér er eins og þýðandinn leiki sér að máli fremur en hann komi til skila merkingu og hugblæ textans. En yfirleitt tekst betur til þar sem endarími er beitt, svo sem í leikriti Evrípídesar, *Bakkynjum*, þar sem það hæfir vel kór Bakkynjanna, kvennanna í fylgdarliði Diónýsosar eða Bakkusar sem stíga trylltan dans upp um fjöll – hér í atriði þar sem guðinn hefur talið hinn siðavanda Penþeif á að klæðast kvenmannsfötum til að njósna um hin forboðnu blót:<sup>20</sup>

Æðis hundar!  
 ólmir skundið  
 uppá fjöll,  
 þar sem sprunda glymur göll;  
 Kadmos's dætur  
 fima fætur  
 flytja þar um völl,  
 kvenþjóð kát er öll.

Hér ná rím og ákveðin hrynjandi sterkum áhrifum sem hæfa vel dansi. En það er ekki alls staðar sem kórin samanstendur af trylltum Bakkynjum; stundum eru það svifaseinir öldungar sem reyta af sér flókna speki með tilhlýðilegri hægð og semingi. Þá reynir á að orða hugsanir þeirra nógu skýrt svo að áheyrndur megi nema. Á þessu verður einkum misbrestur hjá Grími þar sem hugsunin er í flóknara lagi, svo sem í kórnum fræga í *Antígónu* um mannskepnuna þar sem lýst er getu eða öllu heldur ógnvænleik (*deinotes*) hennar og hefst á orð-

<sup>19</sup> Grímur Thomsen (1934 II:167).

<sup>20</sup> Grímur Thomsen (1934 II:233).



um sem í nákvæmari þýðingu yrðu „Mörg er ógnin“ fremur en „Margt er undrið“ (enda kallast þau á við kórsöng Æskýlosar í *Órestiu* sem Grímur þýðir einnig og hefst á orðunum: „Engin ógn er þó á við manneskjuna“):<sup>21</sup>

Margt er undrið; manneskjunni  
meira finnst ei neitt;  
svalar fer hún yfir unnir,  
yfir hafið breitt ...

Í framhaldinu, þar sem rakið er hvernig maðurinn nær valdi á náttúrunni sem veiðimaður, sæfari, plógmaður, læknir og löggjafi, en verður þó að síðustu að reka sig á takmörk sín, þar sem hann er seldur undir siðalögmál og sjálfan dauðann, er sem Grími, þótt hann hafi farið vel af stað, daprist flugið því meir sem á kvæðið líður og síðustu erindin verði jafnvel svólítið þvogluleg. En hann hittir betur í mark þar sem spekin er einfaldari og blandin sterkri tilfinningu, svo sem í öðrum frægum kórsöng Sófóklesar þar sem kórinn tjáir þá speki að best sé að fæðast ekki, en ef menn álpist til þess arna þá sé næstbesti kosturinn að hverfa á brott ungur, áður en ellin geri manni lífið óbærilegt:<sup>22</sup>

Best af öllu er ekki að fæðast,  
annað þessu næst;  
á skeiði lífs sem skemmst að mæðast,  
skunda burt, er hæst  
lífsins unga leikir standa,  
ljett í brjósti fjörið andar,  
sjóna skin er skærst.

Og það sem meira er: Hér heldur Grímur fluginu út í gegn þar sem kvæðið endar á lýsingu ellinnar sem hann kann að hafa verið farinn að finna fyrir, líkt og Sófókles, sem orti það á níraðisaldri, og fengið útrás fyrir persónulegan kvíða:

Nakta fjöru norðurstranda'  
er næða hret,

<sup>21</sup> Grímur Thomsen (1934 II:188).

<sup>22</sup> Grímur Thomsen (1934 II:186–187).

meðan brimið sópar sanda, –  
 svo ég met  
 visinn fausk og veðurbarinn,  
 varla get  
 mun jeg gert á morgni' og óttu,  
 miðjum degi' og svartri nóttu,  
 eins er alt  
 eyðilegt og kalt.

En þessi kórsöngur kallast ekki einungis á við frumkveðin ljóð Gríms þar sem hann útmálar ellihrumleik sinn, allt frá afmælistvæðinu frá 15. maí 1842, er hann hafði tvo um fertugt, heldur einnig á við frægt ellikvæði Anakreons í líkum dúr sem Grímur lét ekki hjá líða að þýða, og það raunar snilldarlega, en það endar á orðunum: „Geigvænlegur grafarvegur! / Glasið hef ég tæmt, / eigi er asturkvæmt.“<sup>23</sup>

En þar með er komið að þeim kveðskap sem kalla má lýrískan í þrengri merkingu. Í þessum flokki ríkir mikil fjölbreytni, jafnt í vali skálda, kvæða sem hátta, og þar er slegið á alla meginstrengi ljóðlistarinnar: ástina, hetjuskapinn og dauðann. Á streng ástarinnar, sem Grími var miðlungi tamur, kunnir enginn betur að slá en Lesbeyjar-Sapfó. Grímur fetar í fótspor þeirra Bjarna Thorarensen og Sveinbjarnar Egilssonar er hann tekur til við að þýða frægasta kvæðisbrot hennar, „Til ungmeyjar“. Og hann bætir um betur með því að þýða fyrstur manna á íslensku hina frægu „Bæn til Afróditu“, og hlýtur það að kalla á samanburð. Eitt hefur hann fram yfir og getur þess í sviga undir heiti kvæðisins „Til ungmeyjar“ að það sé „undir hætti frumtextans“. Það er að vísu ekki alls kostar rétt og væri nær að tala um afbrigði hins upphaflega háttar, ef hrynjandinn er skoðuð, því að sapfó-arhátturinn samanstendur af þrem línnum með ellefu atkvæðum, fjórum tvíliðum og einum þrílið í miðju auk fimm atkvæða línu í lokin. Þessu breytir Grímur á þann veg að þríliðurinn stendur fremst í línunni auk þess sem hann bætir við rími eins og sjá má á upphafslínunum.<sup>24</sup>

Guða við yndi sælla jafnast sala' að  
 sitja þjer gagnvart og þig heyra tala ...

<sup>23</sup> Grímur Thomsen (1934 II:242).

<sup>24</sup> Grímur Thomsen (1934 II:133).

Rímið þarf svo sem ekki að spilla fyrir, þó að það mætti hér vera betra, enda smámunir miðað við aðrar breytingar er Grímur gerir, svo sem þær að einfalda kvæðið að dæmi Bjarna Thorarensen í „Eptir Sappho“ með því að leysa upp ástarþríhyrninginn í fyrsta erindinu, þar sem miðdepillinn, hinn sæli brúðgumi, er dottinn út eða runninn saman við ljóðmælanda sem er þá síður kvalinn af afbrýðisemi en ástarbríma einskærum. Þar við bætist að lýsingin á ástarþránni, sem kvæðið er frægast fyrir, og þeim andstæðum sem hún rúmar (sælu – kvöl, máli – málleysi, sjón – sjónleysi, hrolli – svita, kulda – loga, lífi – feigð) verður óþarflega lausleg við það að þýðandinn sér sig knúinn til að stytta kvæðið um eitt erindi, þó að Saffó sé síst í hópi þeirra skálda sem þyrftu slíks við. En Grímur lætur þó ógert að yrkja upp síðasta erindi kvæðisins sem glatast hefur utan ein lína.

En bænina til Afróditu þýðir Grímur á svipaðan hátt, með sínu afbrigði af frumhættinum auk breytinga og úrfellinga en þar er í upphafsárinum daktýllinn (rétti þríliðurinn) fremst (með áherslu á „Heyr“ og „-dí(ta)“).<sup>25</sup>

Heyr, Afródíta, hvers jeg vildi biðja,  
háleita, fagra, ráðagóða gyðja!

Hér eru hinar haglega smíðuðu – og fyrir vikið vandþýddu – samsettu einkunnir, sem skáldkonan velur ástargyðjunni, *poikiloprona* (sem situr í marglitu háseti) og *doloploka* (sem fléttar vélabrögð), þýddar með öllu almennari orðum (háleita, fagra, ráðagóða) sem hljóma þó engan veginn illa og alla vega betur en orðin „gljástólsitjandi“ og „vélfléttandi“ sem annar þýðandi kvæðisins, Sigfús Blöndal, setti saman. Þá styttir hann glæsireið ástargyðjunnar ofan af Ólympi, í vagni dregnum af spörvum (*stroupoi*) til hinnar ástsjúku skáldkonu, um eitt erindi, líkt og honum hafi þótt gustukaverk að stytta bið hennar eftir svari að ofan. Róttækasta breytingin er þó sú að hann breytir stúlku í pilt í þriðju línu fjórða erindis og fylgir þar síðamati samtíma síns sem vildi sem minnst af samkynhneigð skáldkonunnar vita:

Flýi hann þig núna, fljótt mun hann þín leita.

<sup>25</sup> Grímur Thomsen (1934 II:134).

Þrátt fyrir þessa vankanta – sumpart kannski vegna þeirra – verður ekki annað sagt en að Grímur, með sínu mergjaða orðfæri og þróttmikla brag, nái best allra þýðenda að miðla þeirri ástarglód sem Sapfó er frægust fyrir – og er þá mikið fengið.

Þetta kemur og fram í öðrum kvæðum grískra góðskálda þar sem hann beitir ýmsum aðferðum og mikilli fjölbreytni í háttavali. Í „Upp, upp hugur“ eftir Arkílokkos fylgir hann hinu trokkíska tetrametri (danslagi) frumtextans nokkuð vel framan af, þótt hann brjóti hann upp í styttri línur og haldi ekki bragnum til enda og þrjóni í ofanálág heilt erindi frá eigin brjósti aftan við líkt og hann gerði að sögn í ljóðinu „Táp og fjör“. Í öðrum kvæðum eftir ýmsa höfunda breytir hann um hátt eftir þörfum og hugblæ hvers kvæðis um sig, og þannig nær hann jafnt með hægri hrynjandi náttúrukenndinni í frægu kórlyjóði Alkmans sem er undanfari „Næturljóðs vegfarans“ eftir Goethe, og með öllu hraðara hljóðfalli léttleikanum og glettninni í ástarljóðum eignuðum Anakreoni, svo dæmi séu nefnd.

Meðal lýrískra kvæða hafa sveitasælukvæðin frá síðfornöld nokkra sérstöðu, en þau virðast hafa fengið talsverðan hljómgrunn og freistað þýðenda, eins og sjá má á því að höfuðpaur þeirra, Þeokrítos frá Alexandríu, var fyrsta gríska ljóðskáldið sem þýtt var eftir á íslensku svo vitað sé. Þar var að verki Benedikt Gröndal eldri en tengdasonur hans, Sveinbjörn Egilsson, gerði Moskosi og Bíoni einnig góð skil og hefur þessi skáldskapur orðið íslenskum ættjarðarskáldum fyrirmynd og uppspretta er þau vegsömuðu landkosti síns gamla Fróns og unað sveitalífs. Grímur fetar í fótspor Sveinbjarnar með þróttmiklum og frjálslegum þýðingum rímuðum á kvæðum þeirra Moskosar og Bíons, en hæst ber þó líklega þýðingu síðsumarshjarðljóðsins eftir Þeokrítos þar sem hexametri frumtextans er í gerð Gríms snúið upp í jambískt tetrametur órímað, líkt og hann gerir einnig í þýðingu á hómerskum hymna um hambrigði Diónýsosar. En þar skilur milli höfundar og þýðanda að Alexandríumaðurinn gerir sig ánægðan með að neyta ávaxta jarðarinnar og er alsæll meðan hann hlýðir á suð bíflugna og tíst skortítna þar sem hann liggur endilangur í ljúfu rjóðri, en þýðandinn þarf meira til og dregur fram í lokin vasapela að íslenskum sið og kórónar með því samruna manns og náttúru.<sup>26</sup>

Úr flöskunni var þá tekinn tappinn,  
teigaður sopi' af gömlu víni.

<sup>26</sup> Grímur Thomsen (1934 II: 137).

## IV

Þessi einstöku kvæði mynda, eins og áður sagði, ljóðaúrval – *anþologíu* – sitt lítið af hverju en ærið fjölbreytt og fjölskrúðugt, og þótt vissulega megi finna hnökra og annmarka og jafnvel skringilegheit á þýðingunum hér og hvar þá verður að segjast að sé á heildina lítið megi í velflestum kvæðunum finna þann skáldneista sem skilur á milli feigs og ófeigs í þessum efnum og nær að lifna og glæðast á ný í huga lesendanna.

En þá er enn ótalið það sem verður að teljast mesta stórvirki Gríms á þessu sviði en það er þýðing á sex af hinum miklu „Sigurdrápum“ Pindars hins þebverska sem eru vissulega ekki á margra meðfæri, annarra en Gríms. Því að Pindar þessi er ekki sá árennilegasti og hefur verið nefndur örninn í hópi grískra skálda þar sem hann er stórbrotinn og mikilfenglegur í list sinni, svífur á arnarvængjum og dregur arnsúg á flugnum, eða með öðrum orðum: kemur víða við með óvæntum hugartengslum, með vísunum í goðsögur jafnt sem myndum úr náttúrunni og það undir síbreytilegri og flókinni hrynjandi, uns lent er tígulega í meitluðum ályktarorðum. „Sigurdrápunar“, sem ortar voru til sigurvegara á kappleikjum – ólympískum, pyþískum, isþmískum sem nemeískum – og alla jafna fluttar af kór með söng og dansi við komu sigurvegarans til heimaborgar sinnar kunna að orka losaralegar en hafa, þegar betur er að gáð, mjög fasta byggingu, allt frá því að hetjan er kynnt og í framhaldi af því séð til þess rækilega að ættborg og ættbogi fái sinn skerf af heiðrinum og sviðið síðan gjarnan víkkað með því að leita til goðsagna, tengdra eða á einhvern hátt hliðstæðra við ætt sigurvegarans, sem verða tilefni heimspekilegra hugleiðinga þar sem sigursældin er rakin til velþóknunar guðanna.<sup>27</sup>

Guða komið alt er undir hylli,  
aður, frægð og snild til munns og handa ...

og klykkt út með siðferðilegum lærdómi. Á eftir öllu þessu finnur skáldið sig stundum knúið til að minna á sjálft sig og eigið gildi í þágu þess að halda uppi orðstír afreksmanna og í leiðinni til að vara menn

<sup>27</sup> Grímur Thomsen (1934 II:139).

við öðrum og verri skáldum sem veita harða samkeppni, þó að þau líkist helst krákum við hlið arnarins:<sup>28</sup>

krunkfróða ég korpa heyri gjalla  
kringum örnina með hásum munni.

Hér duga engin vettlingatök, og hér er sem Grímur, höfundur „Ása-reiðar“, sé fremur í essinu sínu og hafi frjálssari hendur en við hina fínlegu og hárnákvæmu list Sarpfóar. Hann hirðir ekki um að eltast við óreglulega hrynjandi Pindars en gerir sér lítið fyrir og keyrir svifléttar ljóðlínur hans saman í fastrímuð, háttbundin erindi með sex línnum og tveim rímuðum í lokin. Hér eru á ferðinni erindi af því tagi sem hann notar svo víða í stærri kvæðum, svo sem „Hemings flokki Áslákssonar“ og „Rímum af Búa Andriðssyni“ og hann kann að hafa lært af kvæðabálki Byrons *Don Juan* og hafa sér til ágætis að vera vel fallin til frásagnar en eru jafnframt oftast en ekki tilefni til að klykkja út með spekiordum. Þessum tveim þáttum fylgir Grímur eftir misvel því að frásagnarþátturinn er yfirleitt stytur að mun og einfaldaður, enda um goðsagnir að ræða, yfirleitt ókunnar íslenskum lesendum. En um spekiyrði og ályktanir er því öfugt farið; þar vill þýðandinn bæta í og sumt af því eftirminnilegasta í þýðingunum á sér ekki beina samsvörun í frumtextanum en er fremur eins konar útfærsla á því sem þar er gefið í skyn. Þetta á við fleyg orð á borð við:<sup>29</sup>

Mest er vert um mikla sálarþrekið,  
mun það aldrei verða frá þjer tekið.

eða

Lystin minkar, mjög ef í er borið,  
mörgum fellur betur þynnra skorið.

Það er líka nokkurs vert að Grími tekst að þræða hinar höfðinglegu hugsanir nokkuð heillega en einna best nær hann að sameina það að fylgja frumtextanum og eigin orðkynngi þar sem lýst er náttúrufyrirbrigðum, svo sem í lýsingu eldgoss úr Etnu þar sem þursinn Týfon og hyski hans láta að sér kveða og sómir hún sér vel með frumkveðn-

<sup>28</sup> Grímur Thomsen (1934 II:149).

<sup>29</sup> Grímur Thomsen (1934 II:140–141).

um lýsingum á íslensku af svipuðum hamförum, svo sem í „Völuspá“, „Fjallinu Skjaldbreið“ og „Áföngum“.<sup>30</sup>

Upp úr þursins hundrað hvoftum bogar  
 hundrað elda standa, um dimmar nætur  
 í bólgnum straumum renna rauðir logar  
 rætur fjalls í kring og sleikja fætur,  
 stíga upp um daga dimmir mekkir,  
 duna þá og hrikta jötuns hlekkir.

En í meðförum Pindars er eldgosíð ekki einungis náttúruhamfarir heldur beinlínis kraftbirting hinna illu afla í náttúrunni sem samsvara í mannheimum stjórnleysi, söngleysi, glundroða, skrílræði og skáldfíflahlut en eiga sér andstæðu í mætti tónanna, stjórnvisku, skipulagi, íþróttum, höfðingjastjórn og síðast en ekki síst góðum skáldskap. Þessi tvíhyggja gengur eins og rauður þráður gegnum drápur Pindars og nær hámarki í lýsingu á Eyjum hinna sælu þar sem góðir fá verðskuldaða umbun.<sup>31</sup>

Góðra manna röðull rennur eigi,  
 rógs- og tárlaust lífdaga þeir neyta,  
 hvorki þeir á landi nje á legi  
 leita fæðunnar í andlits sveita;  
 guða standa góðum opnir salir,  
 geigvænlegar eru vondra kvalir.

Þessar línur minna á þau orð sem Grímur lét falla í ljóðabréfi því til Jóns Þorkelssonar sem minnst var á hér í upphafi. Þar er Pindari talið til ágætis að vera „greppa guðhræddastur“ og að hafa megnað með sínum fránu arnaraugum að sjá hin gylltu sjöt guðanna umfram aðra menn eins og segir í áðurnefndu ljóðabréfi.<sup>32</sup>

guða því hann stöðvum flaug svo nærri.

Og hér erum við komin alllangt frá þeim rómantísku viðhorfum sem einkenna ritgerðir Gríms um norrænan skáldskap frá 1846 þar sem

<sup>30</sup> Grímur Thomsen (1934 II:139).

<sup>31</sup> Grímur Thomsen (1934 II:148–149).

<sup>32</sup> Grímur Thomsen (1934 II:130).

upphafin er hin norræna hetja sem á sér enga stoð í fallvöltum goð-heimi en trúir „á mátt sinn og megin“ og snýr í stórlæti sínu við guðunum „baki og gerir þá sjálfan sig að sínum eigin guði“. Í heimi Pindars yrði slík persóna eintrjáningur eða það sem felst í gríska orðinu *idiotes* þar sem hún leitar eingöngu eigin fremdar og upphafningar án þess að finna sér stað og merkingu í því víðara og stærra samhengi sem Grikkir einkenndu með orðum eins og *polis* og *kosmos* og verða hluti af heimi þar sem vítt er til veggja og hátt til lofts. Þetta hefur Grímur hins vegar gert með því að þreyta flugið með erninum gríska alla leið upp að stöðvum Ólympsgoða, þaðan sem sér yfir veröld víða, og á hann vissulega lof skilið af okkar hálfu, landa hans, fyrir að hafa einnig náð að beina flugi arnarins norður á bóginn og búið honum landingu og samastað þar sem fyrir voru fjöll við hans hæfi:<sup>33</sup>

eins og sjer hann, alt eins víða fer hann,  
á hann hverjum fjalls á tindi heima.

#### HEIMILDIR

Aristóteles. 1976. *Um skáldskaparlistina*. Kristján Árnason þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.

Grímur Thomsen. 1934. *Ljóðmæli* I og II. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.

Grímur Thomsen. 1975. *Íslenskar bókmenntir og heimsskoðun*. Andrés Björnsson þýddi og gaf út. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.

<sup>33</sup> Grímur Thomsen (1934 II:131).



Christian Matras

## Fjögur ljóð

*Ólafur Halldórsson þýddi*

*Utar yfir hann sjóinn*

Hljóðlát seig húm á jörð.  
Hlæjandi börn um teiginn;  
borgin við gamla hlöðuhurð  
sem hleypir um gisnar fjalir  
út þessum ilmi í kvöldið.

Utar yfir hann sjóinn  
á undranótt milli fjalla.

*Morgnar*

Ég sem geng á vit morgna  
með sjó og eyjum og lofti  
er eftir fáein ár  
eða fyrr  
ekki til.  
Er sem ófæddur  
er sem algleymdur.

Fólk hef ég þekkt  
sem fékk á dýrlegum morgnum  
fyllingu lífs og gjöf,  
fólk sem gekk með dauðann við hlið  
eins og félaga.

Varst þú fær um að gefa öðrum þá morgna  
að minnast?

*Draumur*

Skýflóki á heiðbláum himni  
 yfir Hnakki á reki  
 og hátt yfir Fiskimúla  
 tók að tala í þögn  
 tók að mæla við þig  
 og mál hans var þögn:  
 Ég syrgi þig  
 ég sakna þín.

Aftur svöruðu dalir og fjöll  
 í djúpri þögn  
 eins og veröld í sorg:  
 Við syrgjum þig  
 við söknum þín.

*Hugsýn erlendis*

Legðu þeir bein mín langt burt í urð  
 hjá lifandi fuglum í urð  
 við rammheiðið haf  
 undir rísandi björgum  
 þá væri sem oftast hamur minn heima þar  
 sem hugur minn var  
 heima sem grasið í hlíðum  
 heima á öllum tímum.

Legðu þeir bein mín langt burt í jörð  
 þar sem ókunnug grös  
 vaxa um afgirtan svörð  
 þá flygi minn andi það veit ég hvert vor  
 með vængléttum fuglum að björgum og skor  
 – farfugl á flugi hvert vor.

Kristján Eiríksson

# „Er mitt heiti úti í skóg“

## Um lausavísur Dýrólínu Jónsdóttur

Dýrólína Jónsdóttir, húsfreyja á Fagranesi á Reykjaströnd, var nokkuð kunn fyrir skáldskap sinn í Skagafirði á fyrri hluta 20. aldar. Hún var fædd 30. janúar 1877 á Hrauni í Goðdalasókn.<sup>1</sup> Foreldrar hennar, Jón Guðmundsson (1847–1914) og Guðrún Pálsdóttir (1849–1884), byrjuðu búskap sinn á Hrauni og bjuggu þar í tvö ár en fluttu þaðan að Bústöðum í Austurdal og þar er Ingibjörg, yngri systir Dýrólínu, fædd 18. maí 1879. Frá Bústöðum fluttu þau að Gilsbakka 1882 og þar dó Guðrún 2. desember 1884. Brá Jón þá búi árið eftir en systrunum var komið fyrir. Ingibjörg fór til roskinna systkina, Hálfðanar Guðnasonar og Kristínar, og þar ólst hún upp til fullorðinsára. Dýrólína mun eitt-hvað hafa verið á vegum Kristjáns, móðurbróður síns, og konu hans og um tíma hjá Dýrleifu, móðursystur sinni í Sölvanesi. Dýrleif var heilsutæp og dó 1887 svo ekki var þar framtíðarheimili fyrir móðurlaust barn.

Jón, faðir Dýrólínu, kvæntist aftur 29. október 1886 Ingiríði Eiríksdóttur, ekkju í Villinganesi, og tók hann þá brátt eldri dóttur sína til sín og þar ólst hún upp í hópi margra stjúpsystkina. Dýrólína minntist þess oft hve vænt henni hefði þótt um föður sinn og hve góður hann hefði verið sér. Jón mun hafa ort eftirfarandi vísu um dóttur sína þegar hún var barn:<sup>2</sup>

Þú ert, fljóðið, ljúf í lyndi,  
liljum vænum fegri að sjá,  
smækkar móð en smíðar yndi  
smaragðsgrænum kjóli á.

<sup>1</sup> Ingibjörg Björnsdóttir, dóttir Dýrólínu, telur móður sína fædda 1877 en sjálf segist Dýrólína vera fædd 1878 í bréfi til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum (sjá: Dýrólína Jónsdóttir 1920 eða 1921).

<sup>2</sup> Ingibjörg Björnsdóttir (1991:320).

Jón og Ingiríður slitu samvistum þegar börnin voru uppkomin og fór Ingiríður þá til einnar dóttur sinnar en Jón í húsmennsku og fylgdi Dýrólína honum en hún var þá löngu fullorðin. Einhvern tímann á þeim árum mun Jón hafa ort eftirfarandi vísu um dóttur sína:<sup>3</sup>

Afbragð kvenna Ísafróns,  
eikin byrðar Grana.  
Dýrólína dóttir Jóns,  
drengjum líst á hana.

Jón andaðist á Hofi í Vesturdal 14. júní 1914.

Dýrólína stundaði nám við Kvennaskóla Akureyrar í tvo vetur (1897–1899) og seinna var hún einn vetur í Reykjavík og fékk þá einhverja tilsógn hjá frænda sínum, Pálma Pálssyni menntaskólakennara frá Tjörnum í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Hún kenndi síðan á heimaslóðum, í Goðdallasókn, árin 1902–1906 og 1907–1909.

Eftir andlát föður síns flutti Dýrólína að Fagranesi á Reykjaströnd og giftist hún Birni Guðmundssyni bónda þar 9. maí 1915. Þjuggu þau eftir það í tvíbýli við tengdafólk hennar. Þau Dýrólína og Björn eignuðust tvær dætur, Ingibjörgu, fædda 20. nóvember 1918, kennara í Reykjavík, og Áslaugu, fædda 22. júní 1922, húsfreyju á Sauðárkróki (d. 1995).

Fjárhagur þeirra Björns og Dýrólínu var fremur þröngur en þó voru þau alla tíð bjargálma enda bæði dugleg og vinnusöm. Dýrólína var heilsutæg og veil fyrir brjósti og þoldi ekki að hlaupa eða flýta sér þar sem mæði sótti fast á hana og kulda og raka þoldi hún illa. Bærinn á Fagranesi var orðinn gamall og lélegur og mun vistin þar ekki hafa bætt um heilsufar hennar. Upp úr áramótum 1939 versnaði henni svo mjög að hún varð að fara á sjúkrahúsið á Sauðárkróki og var þar um tíma en varð að fara þaðan vegna þrengsla. Dvaldi hún fyrst hjá rosknum hjónum þar í bæ en síðan hjá gamalli hjúkrunarkonu, Helgu Guðmundsdóttur. Á báðum þessum stöðum var vel um hana hugsað og vitjaði héraðslæknirinn hennar daglega. Dýrólína lést 22. júní 1939 og hafði fulla hugsun til síðustu stundar.

Ingibjörg, dóttir Dýrólínu, lýsir móður sinni svo:

Móðir mín var lág vexti en þéttvaxin eins og ég minnst hennar.  
Hins vegar hef ég heyrt frá þeim sem þekktu hana unga að hún

<sup>3</sup> Sjá: *HSk 1262 4to.* „Þessi vísa er höfð eftir Hjalta Stefánssyni frá Írafelli í Svartárdal í Skagafirði.“

hafi þá verið grönn en þótt mjög smávaxin. Hún var dálítið rauðbirkin, stóreygð og gráeygð, með mikið og fallegt rauðgult hár, næstum gyllt. Oftast var hún glaðleg í framkomu, röskleg og vildi láta verkin ganga, „láta hendur standa fram úr ermum“ eins og hún komst að orði. Orðhög var hún svo af bar og mjög vel hagamelt, átti létt með að svara fyrir sig með vísu og gerði það gjarnan en því miður eru flestar þeirra gleymdar. Hún hélt þeim ekki til haga og því fór sem fór. Í samtali við fólk held ég að henni hafi aldrei verið orða vant.<sup>4</sup>

Dýrólína fór ung að fást við vísnaverð og seinna skrifaði hún einnig sögur í stopulum tómstundum. Þær eru nú komnar á Héraðsskjalasafn Skagfirðinga og eru þar á meðal nokkrar sögur sem hún hefur ekki verið búin að ljúka. Um skáldskapariðkun Dýrólínu farast Ingibjörgu, dóttur hennar, svo orð:

Ekki veit ég hvers vegna móðir mín lagði fyrir sig annan skáldskap en ljóðagerð. Hún dáði menntun og unni öllu sem þjóðlegt var og sjálfsagt hefur hugur hennar staðið til annars en að verða fátæk bóndakona. Ef til vill hefur skáldsagnaritunin verið henni uppbot á það er hana sjálfa skorti. Stundum hefur mér dottið í hug að hún hafi lifað í tveimur heimum, þeim raunverulega þar sem lífsbaráttan var vægðarlaus, og hins vegar heimi skáldskapar, sem hún skapaði sér sjálf og gat ráðið gangi mála.

Eins og aðrar sveitakonur átti hún fáar tómstundir en væru þær einhverjar þá notaði hún þær til að skrifa. Einkum var það seint á kvöldin þegar aðrir voru sofnaðir að hún tók fram blöðin sín og hófst handa, en pappír kostaði peninga og hann þurfti að spara eins og annað, þess vegna var hvert pappírblað notað. Ég man hve vel hún strauk og sléttaði úr mislitum umbúðapappír til þess síðar að geta skrifað á hann.

Á veturna hafði hún lítinn lampa á borðshorninu til að skrifa við en steinolíuna þurfti að kaupa og þar af leiðandi spara hana líka, enda minnst ég þess sem smákrakki að hún bjargaðist við týru.

Þrátt fyrir þessa tómstundavinnu vanrækti hún ekki heimilisstörfin, en heilsunni hrakaði eftir því sem árin liðu og störfin færðust meira yfir á herðar okkar systuranna. En hún var á fótum,

<sup>4</sup> Ingibjörg Björnsdóttir (1990:5).

vann þau verk sem hún hafði þrek til að vinna og stjórnaði heimilinu. Við systur vorum mikið til heima, önnur hvor eða báðar. [...] Eitthvað reyndi hún að skrifa síðustu vikurnar sem hún lifði. Áður en hún fór á sjúkrahúsið tók hún talsvert af skáldskap sínum og brenndi, taldi hann ekki þess virði að halda honum til haga. Þó álit ég, að hún hafi alið þá von í brjósti að hún fengi heilsu til að ljúka við og ganga frá ýmsu skrifuðu efni en það varð ekki. Þar mun vera skýringin á því hve mörgu er ólokið af sögunum hennar.<sup>5</sup>

Þótt Dýrólína héldi lausavísum sínum lítt til haga er þó furðumargt varðveitt af þeim. Nokkrar sendi hún blöðum og tímaritum þegar hún var ung að áeggjan föður síns og voru þær birtar umyrðalaust.<sup>6</sup> Þá birti Margeir Jónsson á Ögmundarstöðum nokkrar vísur eftir hana í fyrsta hefti *Stuðlamála* 1925 og einnig hafa varðveist í vísna-söfnum ýmissa manna vísur eftir Dýrólínu, svo og í minni fólks. Á Héraðsskjalasafninu á Sauðárkróki er varðveitt bréfasafn Margeirs á Ögmundarstöðum og eru þar í bréf Dýrólínu til hans vegna útgáfu *Stuðlamála*. eru þau bréf ekki síst merkileg vegna þess að í þeim má fá ýmsar upplýsingar um afstöðu hennar til skáldskapar bæði síns eigin og annarra. Í *Safnamálum* 1990 er þáttur um Dýrólínu eftir Kristmund Bjarnason og Ingibjörgu Björnsdóttur, dóttur Dýrólínu. Nefnist hann „Dýrólína Jónsdóttir og vísur hennar“. Þar rekur Ingibjörg ævi móður sinnar í stuttu máli og einnig eru birtar þar nokkrar vísur hennar.

Að lokum ber þess að geta að í októberhefti *Heima er best* árið 1991 er þáttur um Dýrólínu eftir Ingibjörgu, dóttur skáldkonunnar, og Kristmund Bjarnason. Þar rekur Ingibjörg einnig ævi móður sinnar og þar fyrir aftan eru birtar nokkrar lausavísur Dýrólínu. Í nóvemberhefti *Heima er best* sama ár birtir Ingibjörg einnig nokkur af ljóðum móður sinnar. Er það sem sagt hefur verið hér á undan um æviferil Dýrólínu að mestu sótt til greina Ingibjargar.

Hér á eftir verður nær eingöngu fjallað um lausavísnaagerð Dýrólínu, gerð grein fyrir helstu yrkisefnum hennar og skáldskapareinkennum.

Eins og áður segir fór Dýrólína snemma að kasta fram vísnum og mun faðir hennar, sem var prýðilega hagnæmtur, heldur hafa ýtt undir

<sup>5</sup> Ingibjörg Björnsdóttir (1990:6–7).

<sup>6</sup> Sjá: Dýrólína Jónsdóttir (15. júní 1925).

Það. Eitt sinn orti faðir hennar um stúlku sem var þeim samtíða á bæ og þótti nokkuð hávær:<sup>7</sup>

Löngum er hún Laufey mín  
lumpin geðs í tröðum.  
Oft í bauga eyju hvín  
eins og hesti gröðum.

Dýrólína tók upp hanskan fyrir Laufeyju og kvað:

Laufey stundum hefur hátt  
en hitt er alveg lygi  
að sú fríða auðargátt  
eins og hestur hvíi.

Dýrólína orti nokkrar vísur um sjálfa sig og skipti sín við samferðamennina og skulu hér nokkrar þeirra tilfærðar. Hún hét eftir móðurömmu sinni, Dýrleifu Kristjánsdóttur, og seinna manni hennar, Ólafi Guðmundssyni. Hið óvenjulega nafn sitt batt Dýrólína í þessa gátu:<sup>8</sup>

Er mitt heiti úti í skóg  
og hjá rekkum knáum  
þegar þeir um saltan sjó  
sigla á bátum smáum.

Og um útlit sitt og innri mann kvað hún eitthvert sinn:<sup>9</sup>

Lítið drottinn lét í té  
líkamsfegurð minni;  
von er þó að sálin sé  
svipuð umgjörðinni.

Þessi vísa hefur henni einnig verið eignuð um skapgerð sína og velur hún sér þar líkingar úr náttúrunni eins og henni var svo tamt:<sup>10</sup>

<sup>7</sup> *Vísna safn Sigurðar J. Gíslasonar frá Brekkukoti í Óslandshlíð.*

<sup>8</sup> *Vísna safn Sigurðar J. Gíslasonar frá Brekkukoti í Óslandshlíð.*

<sup>9</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

<sup>10</sup> Sjá: *Hsk 384 8vo* – Sögn Sigurðar Jónsdóttur frá Stapa 26. apríl 1968. Hannes Pétursson skráði.

Þótt ég sé veikt og visið blóm  
og vaxið upp af klaka  
aldrei hafa orðin tóm  
ýtt mér langt til baka.

Í æsku orti Dýrólína gjarnan kersknisvísur eins og unglíngum er títt og munu þær hafa flogið um sveitina og þá ekki alltaf verið hafðar yfir henni til hróss. Um þennan kveðskap sinn getur hún í bréfi til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum 28. janúar 1922:

Ég var mjög ung þegar ég byrjaði fyrst að yrkja og fékk þegar orð á mig sem orðheppinn og smellinn hagyrðingur – og herti það á mér að halda áfram. Seinna komst ég að raun um að til voru bæði karlar og konur er öfunduðu mig af hrósinu – og reyndu að draga úr því með því að halda á lofti grófustu vísunum eftir mig, vísunum sem ég kastaði fram í hugsunarlausum gáska.

Og nokkru síðar í sama bréfi skrifar Dýrólína:

Það er óneitanlega gaman að vera hagamæltur – og oft hef ég stýtt mér stundir með því en það er hvorki vinsælt né vandalaust eins og segir í þessu erindi sem ég orti ekki all[ ]s fyrir löngu:

Aldrei legg ég á það framt  
að eignast fjöldans hylli.  
Oft er bilið skolli skammt  
skers og báru milli.

Aka seglum eftir vind  
illa og seint mér lærist.  
Eðlishvötin er svo blind  
að allt úr lagi færist.<sup>11</sup>

Dýrólína tilfærir í bréfum til Margeirs nokkrar kersknisvísur sínar frá unglingsárum og getur tilefnis þeirra og er greinilegt að þær eru fyrst og fremst ortar í gamni og stríðni en alls ekki ætlaðar til að valda

<sup>11</sup> Dýrólína Jónsdóttir (28. janúar 1922).



neinum sárindum þótt auðvitað gætu þær gert það ef þær væru slitnar úr réttu samhengi og þannig rangfærðar eins og hún bendir á. Frá þessum árum mun þó vera þessi beinskeytta vísa hennar um ónefnd skötuhjú:<sup>12</sup>

Samboðinn ég svanna tel  
svinum hjörvarafti.  
Það er mælt að skörðótt skel  
skældum hæfi kjafti.

Eftirfarandi vísur mun Dýrólína hafa kveðið til einhvers sem hefur hvefsað hana í orðum:<sup>13</sup>

Ég hef enga sálu sært  
sviknum vinahótum,  
aldrei heldur list þá lært  
að lúta manna fótum.

Orð þín bera illan keim,  
alúð sýna ringa,  
En eg mun geta ýtt við þeim  
sem að mér hníflum stínga.

Þessa vísu orti Dýrólína „um unglingspilt og stúlku sem kom illa saman“:<sup>14</sup>

Mörgum fatast valið vina,  
vonskan hvatar sút.  
Rífnar gat á geðprýðina,  
gusast hratið út.

Eitt sinn kvað Dýrólína er hún heyrði hjón skattyrðast:<sup>15</sup>

Vonir mást en vélar fást,  
vitið sást í fjötrum;

<sup>12</sup> Ingibjörg Björnsdóttir (1991:339).

<sup>13</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

<sup>14</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

<sup>15</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

skyldan brást þar klækir kljást  
klæddir ástartötrum.

Í fyrrnefndu bréfi er einnig hin kunna vísa Dýrólínu „um laglega en lausláta stúlku“:<sup>16</sup>

Yndi brjálár ástasjúk,  
allt í málar glettum  
fátæk sál í fögrum bók  
full af táli og prettum.

Og einnig þessi heimspekilega staka:

Margan kól af megni kífs,  
minnsta skjóli feginn.  
Aðrir róla leiðir lífs  
lengstum sólarmegin.

Í bréfinu eru einnig þrjár hálfgildings heilræðavísur sem Dýrólína segir „um mikilhæfan mann sem hafði þann galla að vera lundstirður stundum“ en hún tekur jafnframt fram að enginn viti um hvern sé ort og því geti vísurnar „engan sært og engum skapraunað“:<sup>17</sup>

Lærðu, branda frægur Freyr,  
frið ei grand að vinna.  
Göfgan anda met eg meir  
menntun handa þinna.

Ef þig fýsir orðstír fá,  
öld sem kýs að muna,  
skal ég vísa veginn á  
og vanda lýsinguna.

Sinntu snilldum, sefa hryggð,  
sæmdar fylgdu vana,  
vertu mildur, mettu dyggð  
meir en skildingana.

<sup>16</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

<sup>17</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

Þá orti Dýrólína þessa heimspekilegu vísu um fallvaltleik auðs og ástar:<sup>18</sup>

Svikull auður, ást og tál  
 olli nauða kjörum.  
 Margur dauðans döpru skál  
 drakk af rauðum vörum.

Á Reykjaströnd lenti Dýrólína í harðvítugum deilum er einn nágrannanna réðst að henni með ósannindum og hótunum og áttu þau meðal annars í bréfaskiptum vegna þeirra mála. Um það kvað Dýrólína eftirfarandi vísu:<sup>19</sup>

Fyrr ég sanna vinsemd vann,  
 vandist manna hylli.  
 Nú ég kanna nákuldann  
 níðingstanna milli.

Eitt sinn keypti stúlka nokkur, sem Dýrólína kannaðist við, fegrunarkrem sem í þann tíð gekk undir nafninu *fegrunarmedal*. Þá orti Dýrólína:<sup>20</sup>

Meyjan keypti meðalið  
 sem mýkti fegurð líkamans.  
 Hún var að reyna að hressa við  
 hrákasmíði skaparans.

28. janúar 1918 skrifaði Dýrólína Margeiri Jónssyni, fræðimanni á Ögmundarstöðum, bréf vegna draumvísu úr Skagafirði sem hann hafði birt í XI. árgangi af *Nýjum kvöldvökum*. Vísuna hafði Dýrólínu dreymt veturinn áður – en tíð hafði þá verið slæm um og eftir jól. Í *Kvöldvökunum* var dreymandinn sagður önnur kona og vísan auk þess úr lagi færð. Biður Dýrólína Margeir að leiðrétta frásögnina og segir síðan orðrétt:

Þá var það eina nótt um miðjan janúarmánuð, eftir því sem mig minnir, að mig dreymdi eftirfarandi vísu:

<sup>18</sup> Ingibjörg Björnsdóttir (1991:399).

<sup>19</sup> Dýrólína Jónsdóttir (15. júní 1925).

<sup>20</sup> Sögn Ingunnar Árnadóttur frá Hólkoti á Reykjaströnd.

Sunnanvindar senda fjer.  
Sortnar tinda kögur.  
Hnýtir linda sinn að sér  
sólin yndisfögur.

Ég vaknaði við það að ég var að kveða vísuna en ekki vissi ég hvort hún var eftir mig eða ekki. Ég lofaði heimilisfólkinu að heyra hana því ég þóttist þess fullviss að tíðarfarið mundi bráðlega batna. Að fjórum dögum liðnum gerði hlákublota og kom þá upp snöp hér á Reykjaströnd en aðalbatinn kom þó ekki fyrr en nokkrum dögum síðar. Ég fór ekkert leynt með vísuna, kenndi hana afbæjarfólki og skrifaði hana norður í Eyja-fjörð, mönnum er því vel kunnugt um að mig dreymdi hana.<sup>21</sup>

Þá skrifar Dýrólína í sama bréfi eftirfarandi frásögn af tveim öðrum draumvísunum sínum:

Annars hefir mig oft dreymt vísur, síðast í vetur nóttina milli 23.–24. desember. Þá þóttist ég vera stödd úti ásamt fleiru fólki; mér þótti útliðið vera svo sem það var, jörðin alhvít og sá hvergi á dökkvan díl, ég mundi vel eftir því í svefninum að tíðarfarið var illt. Ég sá það var glaða sólskin, þó orti ég þessa vísu í svefninum:

Oft þó reynist öfugstreymt  
út við Norðurpólinn  
okkur aldrei getur gleymt  
Guð né blessuð sólin.

Ég sagði manningnum mínum um morguninn að hann mætti óhætt treysta því að eitthvað batnaði og það áður langt liði. Þess var heldur ekki langt að bíða. Ég hefi verið sérlega berdreymin um ævina og það svo að mér kom fátt á óvart. Fyrir sex árum síðan dreymdi mig að ég þóttist vera á gangi í í einhverju kaup-túni. Ég þóttist hafa sár á höfði og bundið um hvítum dúk, ekki vissi ég hvernig á sárinu stóð. Ég sá margt fólk á götunni og þar á meðal unglingspilt, sem ég þekkti þó ekki. Mér þótti hann

<sup>21</sup> Dýrólína Jónsdóttir (28. janúar 1918).

hrifsa í umbúðirnar og segja eitthvert hvefnsisorð þeim viðvíkjandi. Ég skeytti því ekki, ég þóttist sem sé vita að honum væri ókunnugt um meiðslíð. Þá þótti mér annar maður ganga hjá mér, óþekktur líka og mæla fram vísuhelming. Hann er svona:

Tökum vægt á hjarta hans  
sem harmar sárir þvinga.

Ég botnaði þegar í svefninum:

Þar er rituð minning manns  
á máli hugrenninga.

Ég veit fyrir víst að ég hefði ekki botnað svona vel vakandi. Ég hefi lofað mörgum að heyra vísu þessa og þykir öllum hún merkileg.<sup>22</sup>

Margeir kom leiðréttingu Dýrólínu á framfæri í *Nýjum kvöldvökum* 1920 og birti þá jafnframt hinar draumvísurnar tvær. Þar er þriðja lína vísunnar reyndar „Hnýtir linda senn að sér“ en ekki „Hnýtir linda senn að sér“ eins og stendur í bréfi Dýrólínu.

Líklega hefur þetta bréf orðið upphaf bréfaskrifta Dýrólínu og Margeirs sem þá hafði um nokkurt skeið safnað lausavísum og hefur trúlega þá þegar verið farinn að huga að útgáfu *Stuðlamála* sem komu út í þrem heftum á árunum 1925 til 1932.

Vísur Dýrólínu um náttúruna og blæbrigði hennar urðu margar hverjar fleygar enda tekst henni hvergi betur upp. Flestar eru vísur þessar hringhendar en sá háttur var í miklu uppáhaldi hjá henni. Eftirfarandi tvær vísur eru frá unglingsárum hennar:<sup>23</sup>

Greiða vindar gisin ský,  
geislar tinda lauga.  
Bjartar myndir birtast í  
bláu lindarauga.

Meðan sólin svölu hjá  
sævarbóli tefur

<sup>22</sup> Dýrólína Jónsdóttir (28. janúar 1918).

<sup>23</sup> Dýrólína Jónsdóttir (28. janúar 1922).

litla fjólan lokar brá,  
leggst í skjól og sefur.

Fyrri vísan hafði birst í *Óðni IX*, 12. blaði, í mars 1914 ásamt sex öðrum vorvísum Dýrólínu sem fara hér á eftir:<sup>24</sup>

Geislar fækka, beinaber  
brúnir hækkar vetur.  
Skuggar stækka, skúrin þver,  
skinið lækkar betur.

Klökknar njólu kalda brá,  
kemur ról á fossinn  
þegar hólar freðnir fá  
fyrsta sólarkossinn.

Skinið hrindir skör af ál,  
skýrast myndir hylja,  
tala vindar vorsins mál,  
vötn og rindar skilja.

Fríkka hólar, holt og grund,  
hnignar njólu valdi,  
enn þá rólar árdagsstund  
undan sólar tjaldi.

— — —

Geislar flýja, grundin því  
grætur nýjum tárur.  
Dagar hlýir drukkna í  
dökkum skýja bárum.

Dimman skundar dags á fund,  
dregur blund af skýjum.  
Vefjast grundir, gil og sund  
geislum undurhlýjum.

<sup>24</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1914:95–96).

Fram kemur í títtnefndu ódagsettu bréfi til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum (líklega frá árunum 1920 eða 1921)<sup>25</sup> að Margeir hefur falast eftir vísum hjá henni fyrir löngu og í bréfi þessu sendir hún honum tuttugu vísur eftir sig. Nokkrar þeirra hafa þegar verið nefndar en hér skal nefna fleiri. Fyrstu vísurnar tvær eru um Tindastólinn sem gnæfir yfir bæjum á Reykjaströnd:<sup>26</sup>

Hopa vindar, hýrnar brún,  
hlær mót rindum sólin,  
örmum bindur heitum hún  
háan Tindastólinn.

Ásýnd mæra geislaglans  
gyllir skær og fríður.  
Rykið þvær af hjálmi hans  
himinblærinn þýður.

Þá kemur þessi kvöldvísa:

Allt er hljótt um haf og sund,  
hulið óttuskýlu,  
tárast nótt en grátin grund  
gengur rótt til hvílu.

Næmt náttúruskyn Dýrólínu kemur vel fram í eftirfarandi vísu:<sup>27</sup>

Sólin malar leiðir lands,  
ljósin háleit skína,  
finn ég strjálást geislaglans  
gegnum sálu mína.

Dýrólína skrifar Margeiri á Ögmundarstöðum langt og merkilegt bréf 26. febrúar 1925 þar sem hún ræðir eigin skáldskap og annarra og sendir Margeiri þar ýmsar vísur eftir sjálfa sig, þar á meðal þessar þrjár vísur um Tindastólinn í viðbót við hinar sem hún hafði áður sent honum:<sup>28</sup>

<sup>25</sup> Margeir er þá búinn að birta leiðréttingu við draumvísu Dýrólínu í *Nýjum kvöldvökum* 1920.

<sup>26</sup> Dýrólína Jónsdóttir (1920 eða 1921).

<sup>27</sup> Ingibjörg Björnsdóttir (1991:324).

<sup>28</sup> Dýrólína Jónsdóttir (26. febrúar 1926).

Aldrei harm né hugraun fann,  
 hjartað varma sefur,  
 klettaarmi hörðum hann  
 hlíð að barmi vefur.

Jötunn sá oft valda vann  
 veðra þráu róti.  
 Skalla gráum hreykir hann  
 himni bláum móti.

Skapar tíðum skemmdir lands.  
 Skaða líður rótin.  
 Þykja víða vera hans  
 viðsjál blíðuhótin.

Persónugerving er eitt helsta stílbragð Dýrólínu í vísum hennar um náttúruna. Umhverfið allt er lífi gætt og í þrem síðustu vísunum er jötninum Tindastól lýst í glæsilegri nýgervingu þar sem myndinni er haldið til streitu.

Í ofangreindu bréfi skýrir Dýrólína skemmtilega frá hagamælsku sinni og nefnir nokkur dæmi um hana. Eftirfarandi frásögn sýnir vel hvernig vísur hennar urðu til í amstri daganna:

Þessari vísu kastaði ég fram við Ingibjörgu dóttir mína. Hún er sex ára gömul, hárprúð en hálfþæg að láta greiða sér.

Ljósa báru lofnin fjörg  
 líður sára pínu.  
 Einatt tárast Ingibjörg  
 út af hári sínu.

Það er hjá okkur drengur utan úr Fljótum, Helgi að nafni. Hann var að ráðgera að fara með Esjunni út í Fljót, og sagði ég að hann færi þá út í Haganesvík, en strákur hélt að hann kæmist með henni alla leið að Nesi í Fljótum. Þá hljóp þessi af stokkunum:

Vargur Hlés um vota leið  
 velti kesjunjótum  
 þar til Esjan enti skeið  
 upp við Nes í Fljótum.



Mér er fremur létt um að ríma og því get ég kastað fram vísu líkum þessum án þess að hugsa mig um.<sup>29</sup>

Í bréfið skrifar hún einnig bændavísur sem hún orti í gamni um krakkana á bænum og ýmsar vísur aðrar. Þá segist hún hafa ort svolítið af kvæðum. Einnig getur hún þess að hún hafi sent blöðum og tímaritum svolítið af skáldskap sínum að áeggjan pabba síns. Hún segir annars að sér láti „best að yrkja í óbundnu máli“ og gæti hugsað sér að vinna eitthvað úr því endist henni aldur til. – Á þessu sést að metnaður hennar hefur fyrst og fremst staðið til að skrifa í lausu máli og við slíka iðju sat hún margt kvöldið uppi í rúmi sínu þegar aðrir voru farnir að sofa og skrifaði á sléttaðan umbúðapappír í skini frá daufum grútarlampu.

Smásaga Dýrólínu, *Olnbogabarnið*, birtist í *Nýjum kvöldvökum* 1926 en fátt annað mun hafa birst eftir hana á prenti í lausu máli og ekki entist henni aldur og heilsa til að ganga frá sögum sínum til prentunar. Hún varð því aldrei þekkt fyrir þá grein skáldskapar sem metnaður hennar stóð fyrst og fremst til. Aftur á móti urðu ýmsar lausavísur hennar landsþekktar og mun það ekki síst hafa verið að þakka *Stuðlamálum* Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum en í fyrsta hefti þeirra birtist úrval vísna hennar 1925 eins og áður segir. Mun sumum hafa þótt í þeim einna tærastur skáldskapur í ritinu eins og eftirfarandi vísa Benedikts Einarssonar vottar:<sup>30</sup>

Verði stans á starfi mínu,  
„Stuðlamálin“ gríp jeg þá. –  
„Dauðskotinn“ af Dýrólínu  
dregst í sæng og loka brá.

Hagmælska Dýrólínu var mikil og flestar bestu vísur sínar kveður hún undir hringhendum hætti þar sem hún bregður upp lifandi myndum úr náttúrunni. Dýrt formið krefst hnitmiðunar og nákvæmni í orðavali eigi skáldskapurinn ekki að snúast í leirburð og skiptir þar ekki minnstu máli að velja innrímisorðin af kostgæfni því í þeim býr hljómur vísunnar og blær fyrst og fremst. Þá ríður ekki síður á að sú mynd sem dregin er upp í hringhendunni sé skýr og lifandi svo vísan verði ekki bara eyrnalist og hljómi sem hvellandi bjalla.

<sup>29</sup> Dýrólína Jónsdóttir (26. febrúar 1926).

<sup>30</sup> Benedikt Einarsson (1925:78–79).

Eins og vænta má er persónugerving helsta stílbragð Dýrólínu í hringhendum þeim er hún kveður um náttúruna og fetar hún þar í spor fyrri snillinga þessarar skáldskapargreinar eins og Sigurðar Breiðfjörðs, Þorsteins Erlingssonar og Stephans G. Stephanssonar. Allt verður lífi gætt og heimullegt. Vindar „greiða“ skýin og geislar sólar „lauga“ tinda fjallanna.

Næmt auga skáldkonunnar fyrir landinu, árstíðaskiptum og litbrigðum jarðarinnar kemur hvergi betur fram en í meitluðum hringhendum hennar þar sem lifandi náttúran skartar í blæbrigðum sínum. Jafnast þær vísur hennar fyllilega á við það sem fegurst hefur verið kveðið undir þessu þaulræktaða formi eða hvar getur nærfærnari lýsingu á naturkyrrð að vori eftir gróðrarskúrur dagsins en í þessari vísu hennar:

Allt er hljótt um haf og sund,  
hulið óttuskýlu,  
tárast nótt en grátin grund  
gengur rótt til hvílu.

Dýrólína er eitt fjölmargra íslenskra skálda sem ekki gat sakir hversdagsamsturs lagt stund á þann skáldskap sem hugurinn stóð til. Aftur á móti varð hún meistari lausavísunnar, þeirrar kveðskapargreinar sem allir gátu lagt rækt við í dagsins önn þótt tíma skorti til annars konar skáldskapariðkunar.

## HEIMILDIR

### HANDRIT

Dýrólína Jónsdóttir. 28. janúar 1918. Bréf til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum. *HSk 1304 4to*. Sendibréfasafn Margeirs Jónssonar, kennara og rithöfundar á Ögmundarstöðum.

Dýrólína Jónsdóttir. 1920 eða 1921. Bréf til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum, ódagsett en líklega frá 1920 eða 1921. *HSk 1304 4to*. Sendibréfasafn Margeirs Jónssonar, kennara og rithöfundar á Ögmundarstöðum.

Dýrólína Jónsdóttir. 28. janúar 1922. Bréf til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum. *HSk 1304 4to*. Sendibréfasafn Margeirs Jónssonar, kennara og rithöfundar á Ögmundarstöðum.

Dýrólína Jónsdóttir. 15. júní 1925. Bréf til Margeirs Jónssonar á

- Ögmundarstöðum. *HSk 1304 4to*. Sendibréfasafn Margeirs Jónssonar, kennara og rithöfundar á Ögmundarstöðum.
- Dýrólína Jónsdóttir. 26. febrúar 1926. Bréf til Margeirs Jónssonar á Ögmundarstöðum. *HSk 1304 4to*. Sendibréfasafn Margeirs Jónssonar, kennara og rithöfundar á Ögmundarstöðum.
- HSk 1262 4to*. – Kveðskapur, smásögur og frásagnir eftir Dýrólínu Jónsdóttur á Fagranesi.
- Hsk 384 8vo* – Vísnaamtíningur (seðlar) – tínt saman af Hannesi Péturssyni. Skráð um 1970.
- Vísnaafn Sigurðar J. Gíslasonar frá Brekkukoti í Óslandshlíð*. Héraðsskjalasafn Skagfirðinga (spjaldskrá).

## PRENTUÐ RIT

- Benedikt Einarsson. 1925. *Vökudraumar*. Ljóðmæli. Prentsmiðja Björns Jónssonar, Akureyri.
- Dýrólína Jónsdóttir. 1914. „Nokkrar hringhendur.“ *Óðinn*, 12. blað. Mars 1914. IX. ár:95–96.
- „Dýrólína Jónsdóttir.“ 1925. *Stuðlamál*. Vísnaafn eftir fjórtán alþýðuskáld með myndum, bls. 55–60. Margeir Jónsson hefir safnað og búið undir prentun. Bókaverslun Þorst. M. Jónssonar [og] Prentsmiðja Björns Jónssonar, Akureyri.
- Dýrólína Jónsdóttir. 1991. „Minni Héraðsvatna. Greinargerð höfundar og nokkur kvæði.“ (Ingibjörg Björnsdóttir bjó til prentunar) *Heima er best*, 11. tbl. 41. árg. Nóvember:358–363.
- Margeir Jónsson. 1920. „Lausavísnaþáttur „N. Kv.“ 1917. Athugasemdir og viðaukar.“ *Nýjar kvöldvökur*. Mánaðarrit fyrir sögur, kvæði, bókmenntir o. fl.:52–56.
- Ingibjörg Björnsdóttir. 1990. „Dýrólína Jónsdóttir og vísur hennar.“ *Safnamál*, 14. árgangur:6–7.
- Ingibjörg Björnsdóttir. 1991. „Af Dýrólínu Jónsdóttur skáldkonu.“ *Heima er best*, 10. tbl. 41. árg. Október:319–324 og 329.

## MUNNLEGAR HEIMILDIR

- Ingibjörg Björnsdóttir, dóttir Dýrólínu Jónsdóttur. Viðtal við Kristján Eiríksson síðla vetrar 2004.
- Ingunn Árnadóttir frá Hólkoti á Reykjaströnd. Viðtal við Kristján Eiríksson síðla vetrar 2004.

Hannes Pétursson

# Kveðja til Indriða

*Við útför Indriða G. Þorsteinssonar í Goðdölum  
í Vesturdal sumarið 2000*

Frændi, sem felldir þinn tíma  
í farveg auðugra sagna

nú er ævitið úti.  
Allir dagheimar þagna.

Grasið þig geymi í tryggðum.  
Það grær í dulræðu hljóði.

Vefji þig værum friði  
Vesturdalurinn góði.

Eysteinn Þorvaldsson

# Hvers mega sín orð ljóðsins?

## Um hefð og nýbreytni í íslenskri ljóðagerð

Um miðja tuttugustu öld var orðið *formbylting* notað um þá róttæku endurnýjun og þá gagngeru breytingu sem varð í íslenskri ljóðagerð um þær mundir. Þetta er óheppilegt orð vegna þess að breytingin náði ekki einungis til formsins, heldur til formgerðarinnar allrar. *Ljóðbylting* væri nær lagi. Víst er að þessi bylting olli straumhvörfum í ljóðagerðinni og áhrif hennar eru enn gagnger. Með henni hélt móðernisminn innreið sína í skáldskap á Íslandi.

Ljóðbyltingin fyrir rúmlega hálfri öld olli miklum deilum um réttmæti nýjunga í ljóðagerð. Hin nýju skáld töldu ekki nauðsynlegt að nota ljóðstafi og rím sem höfðu verið lögboðnir þættir í formgerð hefðbundins kveðskapar. Hinir háværu og stóryrtu andmælendur nýrra ljóða hömruðu hinsvegar mest á þeirri ósvinnu að sagt væri skilið við ljóðstafi og rím. Þeir einblíndu á þetta og töldu það tilræði við íslenskar bókmenntir og þjóðmenningu, en einnig var því haldið fram að nýi skáldskapurinn væri óskiljanlegur og ekki nokkur leið að læra *atómljóðin* svokölluðu utanbókar.

Steinn Steinarr, Jón úr Vör og atómskáldin sýndu vissulega að þeir kunnu allir mætavel að nota ljóðstafi og rím en töldu það ekki skáldskapnum til framdráttar að lögskorða slík atriði. Það er sérkennilegt við íslenska móðernismann að mörg skáld nýta þessar ljóðeigindir hefðarinnar í nýstárlegum ljóðum og sýna og sanna að þær geta fallið vel að hinum nýja skáldskap. Ljóðstafirnir eru þá ekki notaðir með föstu mynstri í heilu kvæði, heldur til að skapa ákveðnar áherslur og stundum óvænta hrynjandi, og hið sama er að segja um notkun ríms.

Eitt slíkra ljóða er „Lángistígur“ eftir Þorstein frá Hamri:<sup>1</sup>

Þingmannahestin  
fetar hinn forna veg.

<sup>1</sup> Þorsteinn frá Hamri (1982:25).

Í gjánni neðar  
er gálganum valinn staður

svo megi sjá hann  
dagana fyrir dauðann  
dæmdur fjötraður maður

teymdur í lestinni  
allrar veraldar veg.

Kvæðið er háttbundið á sinn hátt; í því eru ljóðstafir, hrynjandi og rím þótt ekki sé með hefðbundnu sniði. Þessum brageigindum er hér beitt í samræmi við efnið og þær áherslur sem skáldið vill gefa því. Ljóðstöfum er ekki komið fyrir eftir sama mynstri í ljóðinu öllu. Þessvegna verður hrynjandi textans með blæbrigðum en ekki í einhæfum takti þegar ljóðið er lesið. Rímað er einungis einu sinni. Erindaskipting og línulengd er ekki heldur með fastri skipan eins og í hefðbundnum kvæðum. Hér er semsagt vikið frá ströngum hefðbundnum brag en formeigindir hans notaðar á nýstárlegan hátt. Hvað er þá módernískt við þetta ljóð, hvað skilur það frá hefðbundnum kveðskap? Fyrst mætti telja frávikin frá einsleitri ljóðstafasetningu og frá fastskorðuðu formi, þ.e. fastri skipan á ljóðlínunum og erindum. Ljóðið er miðleitið; hér er engin mælska eða málalengingar, en í beinum svipmyndum ljóðsins frá Þingvöllum felst örlagaþrungið efni: Þingmannahestin fetar sig eftir Langastíg og niður Stekkjargjá þar sem gálginn bíður; hinn dæmdi maður í fjötrum er væntanlega bundinn aftan í hest og teymdur þannig áfram. *Vegur allrar veraldar* er þekktur úr stuðluðu orðtaki íslensku. Þetta er vegur dauðans, að fara veg allrar veraldar merkir að deyja, týnast, og kemur m.a. fram í hinum kunna sálmi Hallgríms Péturssonar „Um dauðans óvissa tíma“. Fanginn, sem nálgast gálgann, hefur raunverulega þegar verið leiddur á þennan veg sem jafnframt er hans langi stígur á leið til aftökustaðarins. Með þessari aðferð yrkir skáldið módernískt ljóð sem hefur þó ákveðna formgerðarþætti úr hefðinni.

En ljóðbyltingin fólst alls ekki eingöngu í því að hafna alveldi ljóðstafa og ríms. Í rimmunni um ljóðbyltinguna voru varðmenn hefðarinnar svo gagnteknir af ljóðstöfum og rími að þeir minntust yfirleitt alls ekki á þær breytingar sem reyndust hafa hvað mest áhrif á næstu skáldakynslóðir. Þær eru: miðleitni, þ.e. markviss, hnitmiðuð notun tungumálsins með mállegri nýsköpun af ýmsu tagi, nýjungar í mynd-

máli, margskonar tilbreytni í formi, ný lífsviðhorf og höfnun á ýmislegu hugmyndafræðilegu erfðagóssi hefðarkvæðanna, s.s. skjalli um ættjörð og forfedur, kröfunni um uppörvun, hvatningu, bjartsýni og sannfæringunni um göfugan tilgang mannsins.

Ljóðin verða innhverf; skáldin beina athyglinni inn í mannshugann en ekki að hráu yfirborði tilverunnar. Oft tjá þau hugrenningar sínar án skýringa eða búa um þær í ljóðmyndum sem við verðum að lesa úr eða túlka.

### *Orð eru dýr*

Atómskáldin ungu gengu að nýbreytninni vitandi vits með ákveðin markmið í huga. Þau segja mælsku í ljóðum stríð á hendur. Uppreisn þeirra beinist gegn „andlausri skrudmælg, umskriftalausum ytri lýsingum, myndlausum frásagnakvæðum og alls konar bundnu „þjóðlegu“ rausi sem var að kæfa ljóðið“.<sup>2</sup> Þetta skrifar atómskáldið Einar Bragi. Gegn þessu skal endurnýjuninni stefnt með viðleitni til „sköpunar nýrra ljóðforma, hreinsunar ljóðmálsins, nýbreytni í myndum, líkingum og hugmyndatengslum“. Mælska hafði löngum verið fyrirferðarmikil í íslenskum kveðskap, bæði á nítjándu öld og fram á þá tuttugustu. Það á ekki einungis við um rómantísku skáldin, heldur líka mörg skáld sem seinna voru á ferðinni, s.s. Einar Benediktsson, Stephan G. Stephansson, Jóhannes úr Kötlum og Davíð Stefánsson.

Atómskáldin leggja áherslu á merkingarþærar ljóðmyndir og óvænt hugrenningatengsl í stað mælsku. Slíkur ljóðstíll verður jafnframt til þess að draga verulega úr mælsku, útskýringum og orðalengingum og stuðlar þannig að miðleitni.

### *Ljóðmyndir*

Nýbreytnin í myndmálinu, sem Einar Bragi gat um, er annað meginatriði. Áherslu byltingarskaldanna á ljóðmyndir orðaði Einar Bragi svo: „Veruleiki ljóðs er ekki yrkisefnið sjálft, heldur mynd þess. Í góðu ljóði hverfur yrkisefnið í mynd sína, verður hún.“<sup>3</sup> Myndin og yrkisefnið eru eitt; í mynd ljóðsins er þá líka fólgin sú hugsun eða þau skilaboð sem ljóðið flytur lesandanum. Sigfús Daðason fjallar líka um þetta.

<sup>2</sup> Einar Bragi (1958:38).

<sup>3</sup> Einar Bragi (1955:38).

Hann er að ræða um skáld módernismans þegar hann segir: „Markmið þeirra hefur ekki verið að skýra eða einfalda heldur að sýna. Þetta er reyndar orsök þess hve nútímaskáldskapur er oft myrkur.“<sup>4</sup>

Helstu tegundir ljóðmynda hafa tíðkast frá alda öðli. Líkingar voru vissulega algengar í hefðbundnum kvæðskap, en þær voru afar sjaldan torskildar, oft beinlínis notaðar til skýringar á efni kvæðis og skýrðu sig gjarnan sjálfar. Í myndmáli ljóðbyltingarskaldanna koma nýjungar fram í öllum tegundum myndmáls: beinum myndum, viðlíkingum, myndhverfingum, persónugervingum. Þó að þessi skáld leggi einna mesta rækt við frumlegar myndhverfingar hefur þeim einnig tekist að nota annarskonar myndir með ferskum hætti.

### *Ljóðamunur*

Þessi umskipti í ljóðagerðinni verða hér á eftir sýnd nánar með nokkrum dæmum frá skáldunum sjálfum, annarsvegar með kvæðum eftir skáld hefðarinnar og hinsvegar ljóðum skáldanna sem byltu formgerðinni. Hér er einkum fjallað um þau tvö atriði breytinganna sem reifuð voru hér að framan: knappt orðfæri og nýstárlega beitingu myndmáls en hvorttveggja leiddi stundum til torræðni. Hefðbundin kvæði voru oft gríðarlega löng. Í þeim var stundum sögð saga í bundnu máli og skoðanir raktar og rökstuddar. Líkingar voru auðskildar og gjarnan margnotaðar. Til einföldunar mætti kalla hefðbundnu kvæðin skýringarljóð en módernísku ljóðin túlkunarljóð því að oft verða lesendur að ráða gátu ljóðsins og túlkunin er ekki alltaf ótvíræð. Skýrast sést þessi munur með samanburði á kvæðum sem fjalla um samskonar eða svipuð yrkisefni en eru ort með gjörólíkum aðferðum. Að sjálfsgöðu verða hér ekki metin eða borin saman gæði ljóða. Tilgangurinn er að varpa ljósi á muninn á markmiðum og aðferðum í ljóðagerð. Ljóðin, sem fjallað er um, eru öll þrýðilega ort, hvert á sína vísu. Hver og einn verður að gera upp við sig hvort honum fellur betur við hina mælsku útmálun í hefðbundnum kvæðum skálda eða hina miðleitnu tjáningu svokallaðra *nútímaskálda*. Meginhugsun þeirra ljóða, sem borin eru saman, er hin sama og lesendur geta svarað eftir sínum smekk spurningunni: Hvorum tekst betur að koma meginhugsuninni til skila?

<sup>4</sup> Sigfús Daðason (1952:286–287, leturbreyting Sigfúsar).



*Einsemd*

Lítum fyrst á tvö kvæði sem bæði hafa 1. pers.-sjónarhorn og tjá einsemd manns sem tekst ekki að ná tengslum við aðra þótt hann langi til þess. Hér er um að ræða ljóð eftir Davíð Stefánsson og Stein Steinarr.

Kvæðabálkur Davíðs „Ég sigli í haust“:<sup>5</sup> fjallar um einsemd. Skýrust er tjáning þessa hugarástands og afleiðinga þess í IV. kvæði bálksins:

Ég berst fyrir bylgjum og stormi  
frá landi til lands.  
Ég bið ekki lýðinn um lof  
eða lárviðarkrans.  
Ég þrái að vera með vinum,  
og þó er ég alls staðar einn,  
alls staðar útlendingur,  
alls staðar förusveinn.  
Kvæði mín eru kveðjur.  
Brimið brotnar við naust.  
Ég kom að sunnan í sumar  
og sigli í haust.

Í kvæðinu er yrkisefnið reifað og útskýrt svo að ætla má að allt liggi ljóst fyrir. Líkingar gegna ekki miklu hlutverki en þó líkir mælandinn sér við skip sem hrekst fyrir veðri og vindum, og á þeirri óeirð virðist enginn endir. Þetta er ljóðrænt kvæði, kveðandinn er hnökralaus og skáldinu tekst að gæða stíllinn seiðandi hrynjandi með markvissu orðavali í þessum þýða brag. Lýsing hins eirðarlausu förusveins er mörkuð nokkrum trega. Hann mælir sjálfur í kvæðinu og gerir hér grein fyrir sjálfsmynd sinni, rótleysi og einmanaleika.

Steinn Steinarr yrkir um sama vandamál í ljóði sem heitir beinlínis „Sjálfsmynd“ en tjáningin er öll í ljóðmyndinni, yrkisefnið verður að mynd:<sup>6</sup>

Ég málaði andlit á vegg  
í afskekktu húsi.  
Það var andlit hins þreytta og sjúka  
og einmana manns.

<sup>5</sup> Davíð Stefánsson (1924:7).

<sup>6</sup> Steinn Steinarr (1937:66).

Og það horfði frá múrgráum veggnum,  
 út í mjólkurhvítt ljósið  
 eitt andartak.  
 Það var andlit mín sjálfs,  
 en þið sáuð það aldrei,  
 því ég málaði yfir það.

Lesandinn verður að túlka myndina í ljóðinu. Hér eru ekki eins miklar útskýringar og í kvæði Davíðs. Þó segir að hér sé hinn þreytti, sjúki, einmana maður til umfjöllunar. Það er samskonar maður og siglir í kvæði Davíðs; hann er vinalaus og flóktandi. En myndin af manninum sem málar andlit í afskekktu húsi krefst túlkunar. Ef við ættum að skynja hana sem beina mynd verður ljóðið rýrt að efni. Myndin af þessu athæfi hlýtur að fela í sér táknræna merkingu sem við verðum að lesa úr henni. Það er ekki útilokað að slíkar myndhverfingar megi túlka á fleiri en einn veg. Sú merking sem flestir munu lesa úr myndinni með hliðsjón af ástandi mælandans (hins þreytta og einmana manns) er þessi: Einmaninn er haldinn öryggisleysi og kvíða; hann getur ekki komið fram af einlægni, getur ekki sýnt sitt rétta andlit. Þegar hann reynir það hrekkur hann óðara við og dylur sig á ný. Einsemd helst oft í hendur við vanhæfni til að ná tengslum við annað fólk þrátt fyrir þörf og löngun. Þetta kynni líka að vera skýringin á einmanaleika ljóðmælandans í kvæði Davíðs því að hann eignast ekki vini og er alstaðar einn.

Í ljóðinu „Sjálfsmynd“ eru ljóðstafir þótt ekki séu þeir staðsettir samkvæmt ströngustu reglum. Þar af leiðandi er sérstök hrynjandi í ljóðinu. Undantekning frá þessu eru tvær síðustu línurnar. Hafi lesandanum verið ruggað í værd með hljóðfallinu í fyrstu átta línunum þá ætti hann að rumska þegar takturinn ruglast í lokin. Sú ókyrrð er í samræmi við hugarástand ljóðmælandsans sem er í uppnámi eftir misheppnaða tilraun til að brjótast úr einsemdinni.

Af sama toga er annað ljóð eftir Stein, „Ljóð án lags“, en það er nokkru umfangsmeira. Yrkisefnið er hið sama, um söng „hins þjáða, hins sjúka, hins vitfirra lífs“. Inntak ljóðsins er fólgið í óvenjulegum myndum; ljóðstafir og hrynjandi eru með svipuðum hætti og í „Sjálfsmynd“, og hrynjandinni er raskað í síðustu línunni.

*Ofurlítill græn tó*

Þessu næst verða til umfjöllunar ljóðin „Réttarvatn“ eftir Jónas Hallgrímsson og „Allt í einu“ eftir Snorra Hjartarson.

Jónas Hallgrímsson var alls ekki alltaf mælskur í kveðskap sínum. Hann orti mörg smákvæði, þar á meðal kvæðaflokkinn „Annes og eyjar“ en þar innleiðir hann í íslenska kvæðagerð þýska þjóðkvæðaháttinn sem oft er kenndur við Heine. Það gerir hann með hefðbundnum, íslenskum bragreglum en rímmynstrið er hið sama og hjá Heine. „Réttarvatn“ er eitt þekktasta kvæðið í þessum flokki Jónasar:<sup>7</sup>

Efst á Arnarvatnshæðum  
oft hef eg fáki beitt;  
þar er allt þakið í vötnum,  
og þar heitir Réttarvatn eitt.

Og undir norðurásnum  
er ofurlítill tó,  
og lækur líður þar niður  
um lágan Hvannamó.

Á engum stað eg uni  
eins vel og þessum mér;  
ískaldur Eiríksjökull  
veit allt, sem talað er hér.

Hér er afar ljóst kveðið, nær eingöngu beinar myndir en Eiríksjökull þó persónugerður, greinargóðar náttúrulýsingar og skáldið segir hug sinn allan umbúðalaust. Ekki getur þetta talist útleitið kvæði eða sérlega mælskt. En það kann samt að virðast svo, sé það borið saman við ljóðið „Allt í einu“ eftir Snorra Hjartarson:<sup>8</sup>

Á langri göngu  
um grýtt urin hrjóstur

<sup>7</sup> Jónas Hallgrímsson (1957:126). Bálkurinn hefur einnig verið prentaður undir titlinum „Á sjó og landi“.

<sup>8</sup> Snorri Hjartarson (1979:24).

lindarniður  
græn tó.

Þetta knappa ljóð geymir sömu meginhugsun og kvæðið „Réttarvatn“: þann hugarlétti og það yndi sem öðlast má þegar maður finnur gróna vin í eyðimörk öræfanna. Fögnuður augnabliksins felst hér í sjálfu nafni ljóðsins. En bæði ljóðin geyma sömu mótfí sem sýna þá tilfinningu og það geðslag sem í þeim ríkir: ferðalangur, líðandi lækur, lindarniður, grastó. Jónas lætur þess getið að hann uni sér afar vel þarna. Úr hinum skýru ljóðmyndum Snorra andar hinum sama feginleika þótt ekki sé haft orð á því. Jónas tilgreinir staðsetningu nákvæmlega með örnefnum nær og fjær; hann er sjálfur nálægur í 1. persónu sjónarhorninu en í ljóði Snorra má hver og einn finna sjálfan sig og úthluta því landfræðilegum samastað. Þar er hvorki að finna persónufornafn né sagnorð og ekkert örnefni.

Þó að móðernistar hafi kappkostað að efla og nýta sér myndhverfingar, sem áttu það til að verða torræðar, var líka hægt að byggja ljóð úr beinum myndum svo að nýnæmi væri að eins og sjá má í þessu ljóði Snorra. Í fyrra hluta ljóðsins má finna ljóðstafi sem minna á fótatak göngumannsins en annars er það óbundið. Hljómur orða er hér valinn af kostgæfni til samræmis við inntakið. Í fyrra hlutanum, göngunni um hrjóstrin, hafa orðin harðan og hrjúfan hljóð. Seinni hlutinn, fyrirheit um hvíld, endurnæringu og svolitla náttúrusæld, er byggður úr hljómpýðum orðum.

Snorri Hjartarson (f. 1906) var af sömu kynslóð og Steinn Steinarr og var jafnvígur á öll form ljóðlistar, orti bæði hefðbundið og óbundið og einnig ljóð með hinu blandaða sniði íslensks móðernisma.

### *Æskuást*

Hér verður fjallað um ljóðin „Hinn fyrsti ástardraumur“ eftir Steingrím Thorsteinsson og „Æska“ eftir Einar Braga.

Kvæðið „Hinn fyrsti ástardraumur“ eftir Steingrím Thorsteinsson er gott dæmi um ástarljóð rómantíkur. Það er mælskt og útleitið, sjö erindi, og mælandinn er ástfanginn karlmaður. Fyrstu tvö erindin birta náttúrulýsingu sem er samstiga háleitum ástarkenndum. Eins og lækirinnir streyma að ægi blám, „svo lífið ungt til ástarhafs vill streyma“. Þriðja erindi kvæðisins hljóðar svo:<sup>9</sup>

<sup>9</sup> Steingrímur Thorsteinsson (1958:20).

Mitt brjóst svo órótt er  
 að engin halda bönd,  
 á hjarta blóðið ber  
 sem bylgjukast við strönd;  
 þá hjarta særðist meyjaraugna eldi,  
 hver undan kemst því ríka töfraveldi?

Í næsta erindi er áréttað að „augna ástarhót“ kvenna séu beittari en ör eða spjót og hafi lagt margan kappann að velli, „og margan sært og tárin hafa runnið“. Það sem eftir lifir kvæðis eru svo eldheitar ástarjátningar til hinnar fráneygu stúlku, sem mælandinn gefur hjarta sitt og hönd, líf, ást og önd. Enn birtast myndir náttúrufrægurðar, lind í hlíð og stjörnunótt „sem örva svein og mey til kærleiksfunda“. Í lokin er hið kæra sprund hvatt til að koma í birkilund, „og vefðu þig að heitu hjarta mínu, / sem höggum tíðum slær á móti þínu“.

Þetta er löng og innfjálgt ástartjáning, skreytt með fögrum náttúrumótífum sem áréttar meyjarafrægurðina og efla hina ólgandi, rómantísku ástarþrá.

Til samanburðar er ljóðið „Æska“<sup>10</sup> eftir Einar Braga sem kemur hér í fullri lengd:

Andvarinn vekur  
 vatnið um ljósa óttu

eins vekur ástin  
 öldur í þínu blóði

nýjar á hverri nóttu.

Ástardraumur æskunnar er hér yrkisefnið eins og í kvæði Steingríms og í tilvitnuðu erindi í kvæði hans eru svipuð mótíf og í ljóði Einars Braga sem einnig hefst á fallettri náttúrumynd. En hér er samt allt með öðrum rómi. Einar Bragi notar þessa beinu náttúrumynd sem myndlið í heildarmyndhverfingu ljóðsins; tjáning tilfinningarinnar er hér með miklu hógvæðara yfirbragði. Ljóðið er í 2. persónu og fær við það almenna skírskotun í stað persónulegrar játningar mælandans í kvæði Steingríms. Kvæði Steingríms er að sjálfsögðu vandlega klætt í hefðbundið form. Ljóð Einars Braga er einnig háttbundið. Í því eru

<sup>10</sup> Einar Bragi (1969:[2]).

bæði ljóðstafir og rím sem ljá því ákveðna hrynjandi og hér sést glöggt hvernig íslensku nýjungaskáldin nýttu þessar eigindir í brag sem er þó í andstöðu við hefðina og orkar í fljótu bragði á suma sem óbundið ljóð.

### *Að hafa veður af skáldgyðjunni*

Margir hafa ort um sambúðina við skáldskapinn, um iðju og vanda-mál skáldsins, m.a. þeir Stephan G. Stephansson í kvæðinu „Afmælis-gjöfin“ og Hannes Sigfússon í ljóðinu „Ég hef veður af“.

Kvæði Stephans er langt frásagnarkvæði með samræðum og hugleiðingum, ellefu erindi, sex línur hvert.<sup>11</sup> Skáldið vaknar síðla nætur þegar 60. afmælisdagurinn fer í hönd. Stephan ársetur flest kvæði sín og hann dylur aldrei sjónarmið sín, heldur setur þau fram af hreinskilni. Mælandinn í þessu kvæði er fulltrúi Stephans sjálfs; það er árssett 1913. Skáldgyðjan vitjar hans; hann heyrir fótatak hennar á húspallinum:

Og æ fyrir henni, og óskunda næst,  
sig opnaði hurð mín, en stóð aldrei læst. –  
Ég reis upp við koddann minn, kátur á brún,  
varð komunni hennar svo feginn.  
Í strenginn minn greip ég, því hjá mér var hún,  
með hörpu og víðirsveiginn.

En skáldinu verður stírt um stef enda segist skáldgyðjan vera komin til að kveðja í hinsta sinn. Skáldið er gripið skelfingu: „Svo döpur varð ævin, ef hyrfti mér hún,“ segir skáldið og reynir að afsaka sig og blíðka gestinn. Þau eiga drjúgar samræður. Ásakanir skáldgyðjunnar eru jafnframt samviskurödd Stephans því að honum er mætavel ljóst að strit hans og basl í lífsbaráttunni hefur verið skáldskap hans fjötur um fót. Gyðjan sakar hann um að hafa hunsað félagsskap við sig og þotið frá sér „í heygard og skóg“ til stritverka. Tíma sínum og kröftum hafi hann helgað stritinu en sinnt skáldskapnum dauðþreyttur á næturnar. Dapurleg lífskjör Stephans og óvildarlegar aðstæður koma fram í svari hans:

<sup>11</sup> Stephan G. Stephansson (1954:427–430).

Því skortur og áníðsla um skakkafall sat  
og skyldur hrópuðu á mig.

Þetta segir skáldskapargyðjan að séu svik við listina. Ekki komi til mála að fyrirgefa slíka synd. „Því guð þinnar listar á alhug þinn einn – / í afguðatrú snýst skylda.“ Gyðjan strunsar burt en skilur eftir sólgeisla á rúmstokk skáldsins sem hann telur gjöf til sín og fyllist nýrri von.

Harmsaga hins sextuga skálds birtist hér dramatískt en ædrulaust. Kvæðið verður honum miðill til að horfast í augu við og játa örlög sín. Hann hefur þrælað langa ævi í sárri fátækt og aldrei getað sinnt köllun sinni sem skyldi. En skáldskapurinn er honum eigi að síður gríðastaður í erfiðri lífsbaráttu.

Hartnær áttatíu árum síðar og handan ljóðbyltingar orti eitt atóm-skáldanna, Hannes Sigfússon, ljóðið „Ég hef veður af“.<sup>12</sup>

Í ljóðinu lýsir skáldið viðbúnaði sínum við ljóðsköpun með sérkennilegu, óvæntu og hröðu myndmáli. Ljóðið er létt í svifum, óbundið, laust við allan hátíðleika og nálgast „konkret“-form í lokin. Hér er ekki beðið eftir neinni háfleygri ljóðadís og alvörugefnum samræðum við hana. Hér bíður veiðimaður eftir bráð:

Eins og veiðihár kattarins  
og næmt trýni hundsins  
skynja fugl og bráð  
löngu áður en hún birtist

hef ég veður af orðum  
löngu áður en þau hvarfla  
inn í vitundarglætuna  
þar sem ég bíð færís

með fiðrildaháf  
lýsandi einglyrni  
flugbeittan penna

að fanga þau  
hnita þau niður  
á auða örk

<sup>12</sup> Hannes Sigfússon (1981:36).

Flest skáld yrkja af nokkrum alvörubunga um skáldskaparvandann og orðabúskap sinn. Hannes útilokar slíkt þegar í upphafi með því að líkja athæfi skáldsins við kött og hund. Annað erindið er athyglisvert með sinni kostulegu uppljóstrun um aðkomu orðanna. Það hefur verið ráðgáta hvernig Hannes náði valdi á sínum ríkulega orðaforða og sínu máttuga tungutaki því að hann var óskólagenginn og hafði lítt lesið af öndvegisritum að eigin sögn. Hann skyldi þó ekki hafa aflað sér þessarar orðgnóttar með dýrslegri náðargáfu orða-veiðimanns? Þetta erindi rifjar óhjákvæmilega upp frásagnir í endurminningabókum Hannesar þar sem hann lýsir því er hann ungur maður sat með penna og blað og beið eftir innblæstri – að vísu árangurslaust á unglingsárunum. En síðar hefur hann komið sér upp þessum töfraáhöldum, fiðrildaháfi og einglyrni. Fleiri mættu prófa það.

Í umfjöllun um þetta yrkisefni væri líka fróðlegt að rýna í „Heimsókn“, eitt af ljóðum nýraunsæisins eftir Einar Má Guðmundsson. Skáldið á þar ýmislegt vantalað við ljóðið eins og Stefán G. og fær líka ákúrur frá því, en þær samræður eru á öðrum nótum og verða ekki raktar hér.

### *Sólin kveður*

Þá verða til athugunar kafli úr „Gamni og alvöru“ eftir Benedikt Gröndal og ljóðið „Tunglskin“ eftir Matthías Johannessen.

„Gígjan“ nefnist sönglag eftir Sigfús Einarsson tónskáld. Undir því lagi er sunginn texti eftir Benedikt Gröndal, mælskasta skáld rómantíkur. Söngtextinn hefur ekki þennan titil; hann er hluti af langri kvæðasyrpu Gröndals sem heitir „Gaman og alvara“ og er samtals nokkuð á sjötta hundrað ljóðlínur.<sup>13</sup>

Margir munu kannast við söngkvæðið sem byrjar svo:

Um undrageim í himinveldi háu,  
nú hverfur sól og kveður jarðar glaum;  
á fegra landi gróa blómin bláu  
í bjartri döggi við lífsins helga straum.

Kvæðið er fjögur erindi, átta línur hvert. Það fjallar um sólarlagið en við þetta meginyrkisefni tengir skáldið mörg önnur mótíf með innfjálgu orðalagi og uppskrúfuðu myndmáli. Til sögunnar er nefnd

<sup>13</sup> Benedikt Gröndal (1948:126–227).



stúlka, „mey hjá dimmu fossa tali“ í purpurablæ, undir norðurljósum og tungli. Á landinu fagra rísa hallir og þar drynja foldarþrumur „með fimbulbassa undir helgum söng“:

Og gullinn strengur gígju veldur hljóði  
og glítrar títt um eilíf sumarkvöld,  
þar roðnar aldrei sverð af banablóði,  
þar byggir gyðjan mín sín himintjöld.

Þarna hefur tónskáldið sennilega fundið sér nafn á sönglagið. Það er semsagt friðarins land sem birtist skáldinu við sólarlag og allur stórfengleiki náttúrunnar er undir eilífðar-umsjá rómantíkur. Lýsingin heldur áfram með yfirþyrmandi orðgnótt: „feiknastjörnur“ stíga upp „og eldi roðnar niðr í hafið hníga“. Allt til loka er kvæðið gætt hástemmdri tilfinningaólgu þar sem „harpan skelfur, hátt í andans geimi / af höndum veikum snert um dimma tíð“. Og það endar í rómantískri upphafningu; skáldið ætlar að knýja gígjuna til að kveða sig burt frá sorg, kveini og táraflóði.

Halldór Laxness kynntist þessu kvæði ungu. Hann getur um það í endurminningum sínum og segir að með því hafi Gröndal „sett met í hlálegu fimbulfambi á íslensku og kynni að vera ort undir áhrifum af velgjulegu rómantísku litprenti“.<sup>14</sup> Á öðrum stað minnst hann líka á „Um undrageim í himinveldi háu sem langt frammeftir ævi var hlægilegast kvæði sem ég kunni“.<sup>15</sup> En þó að seinni kynslóðir hafi talið sig vaxnar upp úr hinum fjálglegasta kveðskap rómantíkur, er varla vafi á að Gröndal var fyllsta alvara með þessu kvæði. Það er einmitt þetta kvæði sem er „alvaran“ í þessari syrpu hans.

Sólarlagið hélt auðvitað áfram að vera freistandi yrkisefni skálda. Í módernískum skáldskap finnum við ljóð eftir Matthías Johannessen sem nefnist „Sólsetur“.<sup>16</sup>

Eggskurn dagsins

brotnar

flæðir hvítan

yfir fjörð og jökul

<sup>14</sup> Halldór Laxness (1978:100–101).

<sup>15</sup> Halldór Laxness (1980:221).

<sup>16</sup> Matthías Johannessen (1996:98).

en rauðan  
drýpur hægt

að hugmynd okkar  
um nýja jörð.

Heildarmyndhverfing ljóðsins, eggid sem brotnar, verður býsna víðfeðm í þessu knappa, óbundna ljóði. Engum móttífum er bætt við yrkisefnið. Hér er vissulega nýstárleg líking á ferðinni: deginum er líkt við egg sem brotnar þegar hann endist ekki lengur og umgjörð hans brestur. Hvítan og síðan rauðan lita náttúruna og renna saman við hana. Mynd ljóðsins felur í sér daginn, rökkrið, kvöldroðann, landslag.

Síðustu tvær ljóðlínurnar beina athyglinni inn á við, tjáningin verður innhverf og þar af leiðandi túlkunaratriði. Hver er „hugmynd okkar um nýja jörð“? Við minnumst þess að Gröndal sá líka „í andans geimi“ eitthvert óskaland friðar og hamingju – andstaðu hinnar dimmu tíðar. Matthías hefur sjónarhorn 1. persónu fleirtölu í sínu ljóði. Hann boðar ekki einkahugmynd um „nýja jörð“, þetta hlýtur að vera óskaland okkar allra. Og kann það að vera hin sama hugsjón og Gröndal tjáði á sinn skrúðmála, umbúðamikla hátt.

Sólsetrið veldur hughrifum, a.m.k. hjá þeim sem skynja feegurð í náttúrunni. Við sólarlag tekur jörðin myndbreytingu í bókstaflegri merkingu og færir okkur tilfinningu friðar, hugarástand sem er gagntekið af feegurð. Við óskum okkur öllum til handa að jörðin verði ný og betri en við höfum gert hana: að hún verði friðarstaður.

Þetta er vitanlega einungis tilgáta um hugmyndina í ljóði Matthíasar. Hver og einn verður að yrkja sína túlkun þegar hann les slíkt ljóð því að skáldið ætla sér ekki að færa okkur hana óbyggjandi eins og gert var í hinum gamla kveðskap.

### *Tungl og stjörnur*

Að síðustu verður rýnt í kvæðin „Marsnóttin“ eftir Gyrði Elíasson og „Tunglskinsnótt“ eftir Guðmund Friðjónsson.

Gyrðir Elíasson er eitt þeirra skálda sem vakið hafa mesta athygli síðustu tvo áratuginna. Dulmagnað umhverfi og ævintýraminni eru algeng í ljóðum hans og sögum. Tunglskin, stjörnur og myrkur voru vinsæl fyrirbæri í hinum rómantíska skáldskap og þá jafnan hluti af útsýni í tilveru óheftrar náttúru eða dreifbýlis. Þessi ljóðrænu móttíf

lifðu reyndar rómantikina af. Ásamt mörgum öðrum náttúruþyrirbærum eru þau enn í fullu gildi og hafa viðgengist í íslenskum skáldskap allt fram á þennan dag þótt sjónarsviðið hafi breyst. Í skáldskap nútímans verður borgarumhverfi óhjákvæmilega æ fyrirferðarmeira í samræmi við það lífsrými sem mannfólkið skapar sér. Fyrir kemur að hin fornu minni úr víðáttum náttúrunnar fylgja manninum inn í borgina og nútímann fyrir tilstuðlan skáldskapar.

Stefnumót tveggja heima er kjörið viðfangsefni skálda eins og víða má sjá í verkum Gyrðis. Dularmögn náttúrunnar og margskonar náttúrumyndir eru í mörgum ljóða hans sem flest eru miðleitin og myndrík. Eitt þeirra, „Marsnóttin“, hljóðar svo:<sup>17</sup>

Hún kemur og andar  
 á glerið  
 með stjörnuhöttinn  
 sindrandi í myrkrinu  
 og ljósastaurarnir eru  
 frostþolnir risatúnfflar  
 og horfa andvaka á  
 vaxandi tungl

Ljóðið er allt smíðað úr myndum af ýmsu tagi. Nóttin er persónugerð og við sjáum hana koma á gluggann með þennan sindrandi stjörnuhatt. Ljósastaurarnir eru myndhverfðir í risastóra túnffla sem síðan eru persónugerðir og engin hætta á að þeir sofni fyrr en slökkt er á þeim. Í ljóðinu eru engar beinar myndir aðrar en vaxandi tunglið. Ekki eru aðrar persónur í ljóðinu en nóttin og fíflarnir, en okkur er látið í té útsýni um gluggann. Við erum sem sagt inni í húsi, svo sem títt er um borgarbúa, en útífyrr blasar við hin langlífu eftirlætismóttíf rómantikur, tungl, stjörnur og nótt, en í félagsskap þeirra hafa bæst fremur óskáldleg nútímaþyrirbæri: ljósastaurar, sem reyndar fá hér ljóðræna endurskið svo sem sæmir í töfrum náttúrunnar. Svona blasar hinir sígildu náttúrutöfrar við nútímafólki: út um glugga og innanum götuljósín.

Allmörg dæmi úr kvæðasöfnum þjóðskáldanna mætti tilfæra til að sýna fram á hvernig þau nýttu þessi sígildu ljóðrænu minni. Ég fer þó á svig við kvæði þeirra skálda sem kennd eru við rómantik, gamla sem nýja. Guðmundur Friðjónsson hefur jafnan verið talinn raunsæis-

<sup>17</sup> Gyrðir Elíasson (1991:52).

skáld en ekki er samt teljandi munur á honum og rómantískum skáldum þegar ort er um þessi efni.

Kvæði Guðmundar „Tunglskinsnótt“ er í þremur köflum, samtals 22 erindi.<sup>18</sup> Guðmundur treystir á kvæðamál hefðarinnar frá níttjándu öld. Þetta er eitt af hinum ljóðrænni kvæðum skáldsins; það er mælskt og útleitið með 1. pers.-sjónarhorni. Mælandinn lýsir öllu nákvæmlega, útskýrir og gefur yfirlýsingar um hug sinn:

Í djúpri lotning horfi eg himins til  
og hrifinn af þér, stjörnunætur dýrð.

Í upphafi er minnst á sólarlagið, „en austan kemur njóla, skikkju skrýdd“, og síðan er komið að tunglinu:

en eystra máni höfðinglegur hlær,  
af hrannarbeiði stiginn yfir lönd.

Þessi meginmóttíf, tungl, stjörnur, máni, birtast öll strax í upphafi kvæðis en þar með er sagan ekki sögð að mati skáldsins. Í fyrsta hlutanum getur víða sýn yfir náttúrusviðið: fjöll, jökla, heiðar og himin. Eitt erindið er þetta:

Er sendir máni silkislæður mjöll  
og sveipar þeim um blundi vígða jörð;  
hann gerir fjallið sviplíkt silfurhöll  
og sindurgulli merlar lygnan fjörð.

Smám saman gæðist þetta svið dulúð, „dulin Háva mögn“ ríkja í nóttinni og gera mælandann næman á fyrirburði sem eru yfirvofandi samkvæmt dularrúnum. Ekki líður á löngu uns „álfabýlin opna sínar dyr / í endilangri dalsins hamra brún“. Þjóðtrúin fer á flug og æsir, vættir og dísir eru kvödd á vettvang. Náttúran öll er lífi gædd: „Og jörðin virðist öll með svip og sál, / frá sjávardjúpi að hæsta jökultind.“ Þessar hugmyndir ná hámarki í öðrum hluta kvæðisins því að „andinn fer á fjöll“ á næturþeli og „við fótmál hvert er tvírætt dularorð“. Mælandinn fær að lokum samviskubit vegna þessarar forneskju-dýrkunar; hann kveður „ás og dís og gýgi“ og heldur til manna-byggða, nánar tiltekið í kirkjugarð, „á vina fund“. Þar glóa geislabönd

<sup>18</sup> Guðmundur Friðjónsson (1925:20–22).

mánans um sáluhliðið. Aldnir sem ungir náir rísa úr „svfnstúkunni“ og viðra sig í tunglsljósinu. Mælandinn stendur tvífráður og aleinn, fullviss um að brátt muni hann hníga þarna í gröf – og í sama bili hnígur máninn í hafdjúpin.

Reginmunur er á þessum tveimur tunglskins- og stjörnuljóðum. Orðgnótt, hátíðleiki og háttbinding einkenna hið útleitna kvæði Guðmundar. Honum er í mun að segja frá mörgu í tengslum við tunglskinið. Hnitmiðun eða fágun orðræðunnar móta ekki stíllinn, heldur mælska með endurtekningum sem eflaust er ætlað að herða á meginhugsun kvæðisins.

Ljóð Gyrðis er einfalt, miðleitið og án skrautyrða og það er óbundið. Orðfærið er samt vandað og nákvæmt og hér er forðast að teygja lopann eða leiða lesandann inn í hugmyndir um fornar vættir eða dauðann. Ljóðið miðlar skýrri heildarmynd sem vissulega mætti túlka nánar. Lesendum getur t.d. sýnst sitthvað um félagsskap ljósa-stauranna í þessu umhverfi. Spilla þeir náttúrudýrðinni og dulrænu hennar, eða eru þeir fulltrúar nútímataækni sem ber að setta við gömlu gildin?

### *Aldahvörf*

Með dæmunum hér að framan hefur einkum verið fjallað um breytinguna frá útleitni til miðleitni í ljóðagerð og um aukna áherslu á myndmálið og hlutverk þess í ljóðum eftir straumhvörfin á síðustu öld. Eins og áður segir voru breytingarnar viðtækari en ekki gefst ráðrúm að sinni til að rekja fleiri þeirra með sama hætti.

Hér verða því ekki heldur gerð skil hvernig arfleifð ljóðbyltungarinnar reiðir af núna í byrjun 21. aldar, né heldur spáð fyrir nýrri öld.

Þess skal þó getið að þær skáldakynslóðir, sem komið hafa fram á sjónarsviðið á eftir frumherjum breytinganna, hafa allar nýtt sér nýjungar þeirra með margvíslegum hætti. Þetta hafa ekki verið einsleitir hópar og seinni helmingur tuttugustu aldar var ekki tilbreytingarlaust tímaskeið í kveðskap. Móðernisminn færði ljóðagerðinni ágæta grósku en hann þarf líka að gæta sín á þreytumerkjum sinnar eigin hefðar og forðast stöðnun. Það hefur honum tekist bærulega og gildir einu þótt helmingur þessarar hálfu aldar sé stundum kenndur við póstmóðernisma. Það er nokkurt áhyggjuefni að mjög fá af hinum yngstu skáldum bregða fyrir sig háttbundnum aðferðum, en nýting háttbundinna brageiginda gerði íslenska móðernismann fjölbærari en ella eins og áður er vikið að. Það er miður ef ung skáld kunna ekki

eða hyggjast ekki lengur nýta þau stílblöggð sem tengjast hugvitssamlegri notkun ljóðstafa og hrynjandi.

Ljóðlistin þarf sífellt að öðlast nýtt vaxtarmegn eins og aðrar listgreinar svo að hún megi blómstra. Ytri aðstæður hafa löngum talist ljóðlistinni óhagstæðar á tækniöld sem nú orðið einkennist af hraðvirkri upplýsingatækni og yfirgangssamri affþreyingu. Liðin eru rúm fjörutíu ár síðan Hannes Pétursson orti ljóð sem lýsir nokkrum ugg um afdrif ljóðsins.<sup>19</sup>

Hvers mega sín orð ljóðsins?  
Stálið hefur vængjast  
og flýgur  
langt út fyrir heimkynni arnarins.  
Hvers mega sín orð þess?

Með samanburði ljóðanna hér að framan mætti líka spyrja hvort orð ljóðsins megi sín meira eftir ljóðbyltinguna á síðustu öld. Ljóðið býr yfir goðsögulegu lífsmagni eins og Hannes segir líka í kvæði sínu: Það er gert af dyn kattarins og rótum bjargsins. Nægir það til þess að tryggja því gæfu og gengi til frambúðar?

#### HEIMILDIR

- Bendedikt Gröndal. 1948. Ritsafn I. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.  
 Davíð Stefánsson. 1924. *Kvæðjur*. Reykjavík.  
 Einar Bragi. 1955. „Sjödægur“ [ritdómur]. *Birtingur* 4:38–39.  
 Einar Bragi [bjó til prentunar]. 1958. „Talað við gesti.“ *Birtingur* 3–4:19–40.  
 Einar Bragi. 1969. *Við ísabrot*. Ljóðkynni, Reykjavík.  
 Guðmundur Friðjónsson. 1925. *Kvæði*. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík.  
 Gyrdir Elíasson. 1991. *Vetraráform um sumarferðalag*. Mál og menning, Reykjavík.  
 Halldór Laxness. 1971. *Sjömeistarasagan*. Helgafell, Reykjavík.  
 Halldór Laxness. 1980. *Grikklandsárið*. Helgafell, Reykjavík.  
 Hannes Pétursson. 1962. *Stund og staðir*. Helgafell, Reykjavík.  
 Hannes Sigfússon. 1991. *Farðmunir*. Mál og menning, Reykjavík.  
 Jónas Hallgrímsson. 1957. *Kvæði og sögur*. Mál og menning, Reykjavík.  
 Matthías Johannessen. 1996. *Vötn þín og vængur*. Hörpuútgáfan, Akranesi.

<sup>19</sup> Hannes Pétursson (1962:45).

- Sigfús Daðason. 1952. „Til varnar skáldskapnum.“ *Tímarit Máls og menningar* 3:267–290.
- Snorri Hjartarson. 1979. *Hauströkkrið yfir mér*. Mál og menning, Reykjavík.
- Steingrímur Thorsteinsson. 1958. *Ljóðmæli*. Prentsmiðjan Leiftur, Reykjavík.
- Steinn Steinarr. 1937. *Ljóð*. Heimskringla, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. 1954. *Andvökur II*. Menningarsjóður, Reykjavík.
- Þorsteinn frá Hamri. 1982. *Spjótalög á spegil*. Iðunn, Reykjavík.

